

24 Dýrmætt fjölskyldusport



22 Tré eru svo margt



26 Brautryðjendur í garðyrkju



30 Á döfinni í desember

# Bændablaðið

22. tölublað 2024 • Fimmtudagur 5. desember • Blað nr. 669 • 30 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Feðgarnir Bergur Þór Björnsson og Birgir Smári Bergsson hafa í nógu að snúast við að undirbúa sölu á jólatrjám í desember. Þeir starfa hjá Skógræktarfélagi Árnesinga sem ræktar skóg á Snæfoksstöðum í Grímsnesi. Þar vex stafafura í jólatrjáareitum sem eru nýttir í nokkur ár áður en plantað er á ný. Bergur gerir ráð fyrir að höggva meira en þúsund jólatré í ár. *– Sjá nánar á síðum 32–33.* Mynd / Ástvaldur Lárusson



## Mold er allt

Jarðvegur er ein mikilvægasta náttúruauðlind jarðar og frjómoldin stendur að meginhluta undir matvælaframleiðslu og vistkerfum.

Alþjóðadagur jarðvegs er í dag, 5. desember.

**– 20 –**

## Mjólkurkýr

Ný skýrsla leiðir í ljós að möguleg framlegð væri mun meiri í mjólkurframleiðslu yrði hér skipt um kúakyn.

**– 6 –**



## Matarsvindl

Matvælasvindl er vaxandi vandamál í heiminum, þar á meðal sala á útrunnum vörum. EUROPOL gerði matvæli að andvirði 91 milljónar evra upptæk á dögunum.

**– 16 –**

### Verðlagsgrundvöllur kúabús:

# Mismunur bændum í óhag

**Í dag kostar 306 krónur að framleiða lítra af mjólk samkvæmt nýsamþykktum verðlagsgrundvelli kúabús. Á meðan fá bændur 198,4 krónur fyrir þennan lítra í formi afurðatekna og opinberra greiðslna.**

Nýr verðlagsgrundvöllur var kynntur félagsmönnum Bændasamtakanna (BÍ) fimmtudaginn 28. nóvember sl. en verðlagsnefnd búvara samþykkti hinn nýja grunn á fundi sínum 29. október sl. Fram til þessa hefur verið byggt á yfir 20 ára gömlum grunni.

Verðlagsgrundvöllurinn þjónar tvenns konar tilgangi; vera grunnur útreikninga fyrir afurðaverð til kúabænda annars vegar og á heildsöluverði mjólkur og mjólkurvara hins vegar, sem verðlagsnefnd búvöru ákveður.

Verðlagsgrundvellinum er skipt upp í fjóra kostnaðarliði; breytilegan kostnað, fastan kostnað, fjármagnsliði og laun og launatengd gjöld. Samkvæmt nýjum grunni hækkar kostnaður við framleiðslu eins lítra af mjólk, miðað við stöðuna í september 2024, um rúma eina krónu og er áætlaður kostnaður nú 306 krónur á lítra.

### *Fimmtán milljarðar*

Þegar reiknaðar eru heildarafurðatekjur fyrir mjólk, kjöt og fleira, eins og sölu á lífgripum, ásamt opinberum greiðslum, reiknast heildarafurðatekjur bænda á viðmiðunarbúinu 198,4 krónur á lítra. Því er bilið milli framleiðslukostnaðar og heildarafurðatekna samtals 108 krónur á lítra. Þegar sú tala er margfölduð með heildarframleiðslu á landinu virðist vanta yfir 15 milljarða króna til að standa undir framleiðslukostnaði.

### *Laun leiðrétt*

Í nýjum verðlagsgrundvelli er heildarvinnuframlag á viðmiðunarbúi áætlað 73 klukkustundir á bak við hvern grip á ári.

Þegar útreiknuð eru laun á kúabúi er miðað við að 80 prósent starfshlutfall sé reiknað út frá launaflokki starfa iðnaðarmanna og sérhæfðs iðnaðarverkafólks en 20 prósent miðað við launaflokk yfirmanna framleiðslu og rekstrardeilda í iðnaði samkvæmt launaflokkum Hagstofu Íslands.

Niðurstöður launaliðar voru samþykktar eftir að BÍ gerði athugasemd við vinnuálag kúabænda. Þar bentu þau á að launþegi hjá iðnaðarfyrirtæki bæri ekki sömu ábyrgð og bændur á eigin búi, auk þess að vinna að jafnaði ekki jafnlengi samkvæmt könnun Hagfræðistofnunar. Tekið var tillit til þess. */ghp*

***– Sjá nánar á næstu síðu.***

# Áfrýjar dómi

**Undanþágur kjötafurðastöðva frá samkeppnislögum féllu úr gildi með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í nóvember. Samkeppniseftirlitið hefur áfrýjað.**

Í tilefni af dómnum sendi Samkeppniseftirlitið (SKE) kjötafurðastöðvum og samtökum þeirra erindi þar sem vakin var athygli á því að samkvæmt niðurstöðu héraðsdóms öðluðust búvörulög ekki lagagildi og þar með gilda samkeppnislög um samstarf og samruna kjötafurðastöðva fullum fetum. SKE greinir frá þessu í fréttatilkynningu.

SKE vildi með erindi sínu gefa kjötafurðastöðvum kost á að koma á framfæri sjónarmiðum sem kunna að nýtast við athugun á því hvernig bregðast skuli við dómnum.

Heimilt er að áfrýja dómi héraðsdóms beint til Hæstaréttar ef talið er að niðurstaða slíks máls geti haft fordæmisgildi eða verulega þýðingu við beitingu réttarreglna.

Að mati SKE er fordæmisgildið augljóst þegar kemur að beitingu samkeppnislaga vegna samruna kjötafurðastöðva og annarrar háttsemi slíkra félaga sem kann að fara gegn ákvæðum laganna.

Enn fremur getur niðurstaða málsins haft áhrif á túlkun 44. greinar stjórnarskrárinnar um að ekkert lagafrumvarp megi samþykkja fyrr en það hafi verið rætt við þrjár umræður á Alþingi.

Málið hefur jafnframt mikla samfélagslega þýðingu þegar litið er til þeirra áhrifa sem undanþáguheimildir búvörulaga hafa á starfsskilyrði bænda og samkeppni á kjötmarkaði.

SKE hefur beint þeim tilmælum til viðkomandi aðila að grípa ekki til neins konar aðgerða sem geta farið gegn samkeppnislögum á meðan málið er fyrir dómstólum. /ál

## Verðlagsgrunnur mjólkur:

# Vextir hafa mikil áhrif

**Eins og fram kemur á forsíðu var nýr verðlagsgrunnur mjólkur kynntur kúabændum í liðinni viku.**

Fyrri grunnur miðar við meðalbú árið 2001 svo uppfærslan var afar tímabær, að sögn Reynis Þórs Jónssonar, sem átti sæti í verðlagsnefnd fyrir hönd BÍ. „Allt hefst þetta í nóvember 2022 þegar nefndin ákveður og samþykkir að nýr grunnur verði gerður. Þess má geta að í fundargerðum allt til ársins 2008 má finna beiðnir, frá bændum aðallega, um að uppfæra þennan grunn," sagði Reynir í framsögu sinni á fundinum.

Þannig miðuðu forsendur eldri grunns við 40 árskýr í básafjósi með mjaltabás þar sem ársframleiðslan var 188.000 lítrar og framleiðsla á hvern grip 4.700 lítrar. Nýr grunnur miðar við 61 árskú í fjósi með mjaltaþjóni þar sem ársframleiðslan er 377.991 lítri og framleiðsla á hvern grip 6.197 lítrar.

Núverandi forsendur eru fengnar úr rekstrarverkefni Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) árið 2022, en í því má finna lokauppgjör 176 kúabúa á landinu sem stóðu undir 45 prósent af heildarframleiðslu þess árs.

### *Lækkun launaliðar endurspeglar hagræðingu*

Nýr verðlagsgrunnur var unninn af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands sem söfnuðu gögnum og lögðu fram sínar hugmyndir að verðlagsgrundvelli í apríl sl. Verðlagsnefndin hafi þó ákveðið að tiltekna þætti þyrfti að skoða betur og ákvað að vinna þá þætti. „Það voru einkum launaliðir og fjármagnsliðir sem ekki var hægt að sætta sig við," sagði Reynir í sinni framsögu.



Í nýjum verðlagsgrundvelli er heildarvinnuframlag á viðmiðunarbúi áætlað 73 klst. á bak við hvern grip á ári. Mynd / gbe

Samkvæmt nýjum grunni lækkar þó launaliðurinn hlutfallslega frá 45,5 prósentum niður í 37,5 prósent af heildarkostnaði verðlagsgrunnsins sem endurspeglar hagræðingu í framleiðslunni.

### *Fjármagnskostnaður vanmetinn*

Guðrún Björg Egilsdóttir, sérfræðingur hjá BÍ, útskýrði útreikningana á kynningarfundinum. Hún nefndi að þrátt fyrir að gamli grunnurinn hafi verið orðinn úreltur og margir kostnaðarliðir væru mjög skakkir innbyrðis, muni aðeins einni krónu á kostnaði við framleiðslu á einum lítra milli nýja grunnsins og hins gamla, miðað við stöðuna í september 2024. Því beri þó að taka með fyrirvara.

„Breytingar á vísitölum eru ekki eins í fóðri og breyting á vísitölum í tryggingum, því viljum við hafa breytingarnar á réttum stöðum," sagði hún á kynningunni. Þannig hafi áburðarliðurinn og rekstur búvéla lækkað á meðan sáðvöruliður og rekstrarvörur hafi hækkað. Breytilegur kostnaður í heild væri hins vegar svipaður milli grunna.Eins væri ekki stórkostlegur munur á föstum kostnaði í heild en innan hans hafa þó laun og launatengd gjöld lækkað verulega á meðan fjármagnskostnaður, það er afskriftir og vextir, hækkuðu töluvert á milli grunna. „Það sést hversu vanmetin stærð þetta var í gamla grunninum." Afskriftirnar hækkuðu um 49% og vextir um 59% milli grunna," sagði Guðrún Björg á kynningunni.

Hún bendir á að ef vextir í september 2024 hefðu verið sjö prósent en ekki rúm tólf prósent eins og reyndin var þá hefði framleiðslukostnaðurinn verið 10,4 kr. lægri fyrir hvern lítra. Ef vextir væru fimm prósent væri framleiðslukostnaður 14,2 kr. lægri.

### *Óska eftir fundi með ráðuneytinu*

Rafn Bergsson, formaður búgreinadeildar nautgripabænda hjá BÍ, sagði í kynningunni að næsta skref yrði að óska eftir fundi í matvælaráðuneytinu og kynna niðurstöður útreikninganna.

„Hluti af stöðunni er hversu mikið ríkisstuðningur hefur þynnst út síðustu ár, hann hefur ekki fylgt síaukinu framleiðslumagni. Það er óhjákvæmilegt að iðnaður og neytendur þurfi að taka eitthvað á sig og svo bændur sjálfir," sagði Rafn á kynningunni. Hann sagði þó að miðað við nýjan grunn væru fjármagnsliðir stærri en í fyrri grunni og að með betra vaxtastigi í landinu myndi sá þáttur kostnaðar við framleiðslu minnka. „Nú höfum við fersk og góð gögn sem búið er að vinna og leggjum fram og nú munum við sjá hvað ný stjórnvöld leggja til við að mæta okkur." /ghp

– Sjá nánar á síðu 40.

# Fuglaflensa á íslensku búi

**Á þriðjudaginn greindist fuglaflensa af gerðinni H5N5 á kalkúnabúi Reykjabúsins í Auðsholti í Ölfusi.**

Matvælaráðherra hefur fyrirskipað niðurskurð og skilgreint tíu kílómetra takmörkunarsvæði umhverfis búið.

Í húsinu þar sem smitið kom upp eru 1.300 fuglar. Undirbúningur fyrir aflífun fuglanna var þegar hafinn þegar þetta er ritað og fyrirmæli gefin til að koma í veg fyrir útbreiðslu veirunnar. Þegar grunur kom upp um smit á þriðjudaginn voru fuglar sendir til rannsóknar á Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum og lágu niðurstöður rannsókna fyrir sama dag. Frá þessu er greint í fréttatilkynningu á vef Matvælastofnunar.

Uppruni smitsins er óljós, en veiran er af sömu gerð og greinst hefur í villtum fuglum í haust. Fuglainflúensa getur mögulega smitað fólk sem er í náinni snertingu við veika fugla en engin hætta stafar af neyslu afurða. /ál




## Ylrækt:

# Friðheimar kaupa Jarðarberjaland

## – Nýir eigendur taka við rekstrinum um áramótin

**Eigendur Friðheima, Knútur Rafn Ármann og Helena Hermundardóttir, munu taka við rekstri gróðrarstöðvarinnar Jarðarberjalands í Reykholti í Biskupstungum um áramótin.**

Hólmfríður Geirsdóttir og Steinar Jensen hafa rekið Jarðarberjaland frá árinu 2017 en þau hafa komið víða við í garðyrkju undanfarna áratugi og rekið gróðrarstöðvar í Reykholti í tæpan aldarfjórðung.

Þau auglýstu Jarðarberjaland til sölu í vor, en þau hafa ákveðið að fara á eftirlaun. Þau eru stærsti framleiðandi jarðarberja á Íslandi, með rúmlega 60 tonn af berjum á ári.

Þau keyptu gróðrarstöðina af hollenskum aðilum sem byggðu hana frá grunni og færðu sig yfir í jarðarberjarækt tveimur árum áður en Hólmfríður og Steinar tóku við.

### *Endurbyggðu frá grunni*

„Við vorum nýbúin að endurnýja allt þegar húsið hrynur í óveðrinu í febrúar 2022. Þá fjarlægðum við húsið með öllu saman og byggðum upp aftur frá grunni," segir Hólmfríður.

Þau plöntuðu í nýja gróðurhúsið í byrjun desember 2022 og fengu uppskeru nokkrum mánuðum síðar.

„Húsinu er skipt upp í tólf einingar og það rúllar í gegnum árið. Uppskeran er svipuð frá mánuði til mánaðar, en hlutirnir gerast aðeins hraðar á sumrin," segir Hólmfríður. „Það verður allt í fullum gangi þegar þau taka við og ég held áfram alveg fram á síðasta dag."



Friðheimar eru stór aðili í ræktun tómata en munu einnig rækta jarðarber eftir áramót. Knútur Rafn Ármann og Helena Hermundardóttir frá Friðheimum og Hólmfríður Geirsdóttir frá Jarðarberjalandi. Mynd / ál

### *Spennandi tækifæri*

Knútur segist spenntur fyrir því að koma að rekstri Jarðarberjalands og nefnir sérstaklega að stöðin sé í frábæru ásigkomulagi og tæknivædd eftir að hún var byggð upp á ný. „Þetta er spennandi tækifæri til að útvíkka okkur sem ræktendur. Við getum fléttað þetta auðveldlega inn í okkar rekstur í garðyrkjunni, en þó að þetta séu ekki tómatar er svo margt sem er keimlíkt," segir hann.

„Jarðarberin eru gott dæmi um hágæða vöru úr íslenskri ylrækt. Hér er verið að nota græna orku og hugvit og þetta er gert á eins faglegan og góðan hátt og hægt er með gæðin í forgrunni," segir Knútur.

Helena bætir við að hún sé stolt af því að taka við keflinu af Hólmfríði og Steinari. /ál



LAND CRUISER 250
KOMDU OG REYNSLUAKTU LAND CRUISER 250 HJÁ VIÐURKENNDUM SÖLUAÐILUM. SÖLURÁÐGJAFAR OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR.
Land Cruiser 250 er flaggskip Toyota sem beðið hefur verið eftir með mikilli eftirvæntingu. Útlitið er óður til fortíðar og undir kraftalegri yfirbyggingunni liggur ósigrandi torfærutæki.
Land Cruiser 250 er konungur jeppanna.
TOYOTA
LAND CRUISER 250
TOYOTA FÖRUM LENGRA
Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000
7
3+4 ÁBYRGÐ
3
ÁRA ÞJÓNUSTA
VEGAAÐSTOÐ
2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.



Óli Finnsson, eigandi og ræktunarstjóri í garðyrkjustöðinni Heiðmörk, heldur utan um verkefnið „Brautryðjendur í garðyrkju“. Mynd / Aðsend

Garðyrkja:

# Skrásetja sögu brautryðjenda

**Sögur brautryðjenda í garðyrkju varpa ljósi á þá miklu þróun sem hefur átt sér stað í íslenskri garðyrkjuframleiðslu á undanförnum áratugum.**

Deild garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands mun á næstu vikum birta viðtöl við brautryðjendur í íslenskri garðyrkju. Óli Finnsson, eigandi og ræktunarstjóri í garðyrkjustöðinni Heiðmörk, heldur utan um verkefnið.

***Dýrmæt þekking***

Hann segir tilganginn að heiðra þá frumkvöðla sem gert hafa íslenska garðyrkju að þeirri þekkingargrein sem hún er í dag.

„Íslensk garðyrkja á sér stutta sögu miðað við annan landbúnað hér á landi. Fyrir hundrað árum síðan, eða árið 1924, hófst ræktun í fyrsta atvinnugróðurhúsinu í Mosfellsdalnum. Á síðustu fjörutíu árum hafa miklar tæknibyltingar átt sér stað sem hefur gert íslenskum garðyrkjubændum kleift að stunda heilsársræktun á grænmeti og blómum í gróðurhúsum og rækta harðgerðar garð- og skógarplöntur sem þrífast á Íslandi,“ segir Óli.

Hann segir þá garðyrkjubændur sem starfað hafa við greinina undanfarna áratugi búa yfir dýrmætri þekkingu sem honum og öðrum í stjórn deildar garðyrkjubænda þótti vert að skrásetja með viðtölunum.

Sjálfur tók hann við sinni garðyrkjustöð árið 2021. „Mikið hefur verið rætt um kynslóðaskipti og nauðsyn þess að fá inn ungt fólk í greinina. Þá hefur búum verið að fækka og þau eftir verða að stækka. Hver garðyrkjustöð hefur að sama skapi verið að sérhæfa sig og því mjög sérhæfð þekking sem byggist upp á hverju garðyrkjubúi. Þá er mjög mikilvægt fyrir nýliða í greininni að fræðast um þá sem ræktað hafa íslenska garðyrkju á undanförnum áratugum til að læra af þeim svo þeir geti gert betur fyrir komandi kynslóðir.“



Pálmi Jónasson.

***Margir við það að hætta störfum***

Pálmi Jónasson, rithöfundur og blaðamaður, tekur viðtölin og vinnur handritin fyrir vefinn en meðal viðmælenda eru garðyrkjubændur sem eru að hætta störfum.

Þeirra á meðal eru Bergvin Jóhannsson í Áshóli, Gunnar Þorgeirsson og Sigurdís Edda Jóhannesdóttir í Ártanga og Eiríkur Ágústsson og Olga Lind Guðmundsdóttir í Silfurtúni.

Þá má nálgast útdrátt úr viðtali við Hólmfríði Geirsdóttur í Jarðarberjalandi í Reykholti hér í blaðinu. Viðtölin má nálgast á vef búgreinadeildar garðyrkjubænda á bondi.is. /ghp

*– Sjá nánar á síðu 26.*

# Stórgripaslátrun í níu sláturhúsum

**Alls var 103.750 stórgripum slátrað hér á landi árið 2023. Slátrað var á níu stöðum.**

Nautgripir, hross og svín teljast til stórgripa við slátrun. Níu sláturhús framkvæmdu stórgripaslátrun árið 2023 samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun.

Mest var slátrað af svínum, eða 72.404 gripum, sem eru tæplega 70 prósent af allri stórgripaslátrun landsins. Langmest var slátrað hjá Stjörnugrís, eða 54.876 gripum. Það gerir tæplega 53 prósent af allri stórgripaslátrun landsins en aðeins svínum er slátrað hjá fyrirtækinu. Rúm 8.600 svínum var slátrað í sláturhúsi Kjarnafæði Norðlenska á Akureyri og tæplega 4.000 á SS á Selfossi.

Þá var 23.169 nautgripum slátrað í átta sláturhúsum, mest hjá SS á Selfossi, eða um 6.600 gripum, tæplega 6.000 á Sláturhúsinu á Hellu og ríflega 5.000 hjá Kjarnafæði Norðlenska á Akureyri. Rúmlega 2.200 nautgripum var slátrað á Sauðárkróki, um 1.600 á Blönduósi og um 1.500 hjá B. Jensen í Hörgársveit. Minna en 100 gripum var slátrað í Borgarnesi og á Vopnafirði.

Tæplega 8.200 hrossum var slátrað árið 2023, langmest hjá SS á Selfossi, eða ríflega 3.700 gripum sem eru um 45,5 prósent af heildinni. Um 2.000 gripir fóru í gegnum sláturhús Kjarnafæði Norðlenska / SAH afurða á Blönduósi og ríflega 1.300 hrossa var slátrað á Sauðárkróki.

Aðeins þrjú sláturhús slátra öllum gerðum stórgripa. SS á Selfossi slátraði 13,82% af öllum stórgripum landsins, 14.335 talsins, og slátruðu mest allra sláturhúsa af nautum og hrossum. Sláturhús Kjarnafæði Norðlenska á Akureyri slátraði 13,36% allra stórgripa, mest af svínum en lítið af hrossum. Sláturhús B. Jensen á Akureyri slátraði 6,31% af öllum stórgripum landsins. /ghp

## Stórgripaslátrun 2023 – fjöldi gripa

| Sláturhús | Nautgripir | Hross | Svín | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| S.S. Selfossi | 6.619 | 3.723 | 3.993 | **14.335** |
| Sl. Hellu | 5.993 | 810 | | **6.803** |
| K.S. Sauðárkróki | 2.208 | 1.341 | | **3.549** |
| Kf. Nl. Blönduósi | 1.603 | 2.006 | | **3.609** |
| Kf. Nl. Akureyri | 5.084 | 143 | 8.632 | **13.859** |
| Sl. Vl Borgarnesi | 91 | 18 | | **109** |
| Sl Vopnafirði | 68 | | | **68** |
| B. J. Akureyri | 1.503 | 136 | 4.903 | **6.542** |
| Stjörnugrís | | | 54.876 | **54.876** |
| | **23.169** | **8.177** | **72.404** | **103.750** |

Garðyrkja:

# Verðhækkun á grænmeti mun fylgja hækkun á raforkuverði

**Um áramót taka gildi umtalsverðar hækkanir á raforkuverði til garðyrkjubænda. Gert er ráð fyrir að um leið fylgi verðhækkanir á íslensku grænmeti og öðrum afurðum garðyrkjubænda.**



Axel Sæland.

„Við garðyrkjubændur erum komnir með fasta raforkutaxta sem munu taka gildi í byrjun næsta árs og gilda bara til eins árs. Orkusalar vita að aðrar eins hækkanir muni dynja yfir á næsta ári og vilja því ekki semja lengur nema þá með ákvæðum sem geta tengst mögulegum hækkunum. Þeir verða tvískiptir, þannig að dagtaxtinn verður mun dýrari en sá sem við höfum áður en næturtaxtinn litlu hærri,“ segir Axel Sæland, formaður deildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands.

***Kostnaðurinn hækkar um 25 prósent að meðaltali***

Í sumar sagði HS Orka upp raforkusamningum við garðyrkjubændur, með sex mánaða uppsagnarfresti sem rennur út núna um áramótin. Hafa bændur því leitað tilboða á hinum frjálsa markaði síðan, en rafmagn er stærsti einstaki kostnaðarliðurinn í rekstri ylræktarstöðva fyrir utan launakostnað. Íslensk stjórnvöld niðurgreiða að hluta til dreifingarkostnað raforkunnar til bænda, en ekki sjálfa raforkunotkunina.

„Við höfum áætlað að hækkunin sé á bilinu 15–18 prósent miðað við að raflýst sé á nóttinni. Einhverjir bændur hafa möguleika á því að breyta fyrirkomulagi á sinni ræktun, þannig að lýst sé að mestu leyti á nóttinni. En þeir sem ekki hafa möguleika á því sjá fram á um 31 prósents hækkun á raforkuverði. Við höfum áætlað að meðaltalshækkunin verði um 25 prósent, því það munu allir bændur reyna að aðlaga sína ræktun að einhverju leyti að næturlýsingu,“ segir Axel, sem áætlar að vöruverð á grænmeti muni um leið hækka um fimm til sex prósent.

***Leggst þyngst á tómata-, jarðarberja- og paprikuræktendur***

Að sögn Axels er í greinum eins og tómata-, jarðarberja- og paprikuræktun hins vegar ekki hægt að færa lýsingartímann yfir á nóttina, því þeir eru háðir býflugum í sinni ræktun. „Þessar hækkanir munu því leggjast mjög þungt á þessar tegundir ræktunar og þetta eru mjög stórar greinar í heildarsamhenginu,“ segir Axel, sem sjálfur er blómaræktandi á Espiflöt í Reykholti í Bláskógabyggð. „Ég get breytt minni rósaræktun frá daglýsingu yfir í næturlýsingu, en gerberur þola það ekki, svo dæmi sé tekið.“

Hann segir að garðyrkjustöðvar séu byrjaðar að fjárfesta í lýsingarbúnaði sem nýtir raforkuna betur, en það sé mikil fjárfesting og háir vextir hjálpi ekki. Garðyrkjubændur lýsi að meðaltali 16 tíma á dag, þannig að þeir verði alltaf að hafa hluta af sinni lýsingu á dagtaxta.



Yfirvofandi eru hækkanir á raforkuverði til garðyrkjubænda og um leið hækkanir á vöruverði grænmetis og öðrum afurðum garðyrkjubænda. Mynd / smh

***Verðmunur eykst***

„Ég sé ekki hvernig garðyrkjan eigi að geta tekið þessar verðhækkanir á sig öðruvísi en að setja það inn í verðlagið,“ segir Axel um áhrifin af kostnaðarhækkunum á vöruverð.

Hann telur að beinn fjárfestingarstuðningur við greinina þar sem lýsingarbúnaður væri til dæmis styrktur um 40–60 prósent myndi breyta stöðunni verulega. „Fólk verður að hafa það í huga að grænmetisbændur í ylrækt eru að keppa á tollfrjálsum markaði, því gæti þetta leitt til þess að verðmunur á íslensku grænmeti og innfluttu aukist.“

Axel segir að grunnvandamálið sé að raforka er í raun á opnum uppboðsmarkaði. Þar þarf garðyrkjan að keppa um orkuna til að fá hana.„Í dag er gríðarleg eftirspurn eftir raforku og því er verðið á henni á fleygiferð upp á við. Þessi hækkun um áramótin er bara byrjunin ef stjórnvöld grípa ekki inn í. Við sjáum nýleg dæmi þess að stóriðjan er farin að keppa á almenna markaðnum um raforku. Það getur ekki gengið ef tryggja á raforkuöryggi í landinu og að almenningi séu tryggð ásættanleg kjör. Þess vegna verður að setja þak á það á almenna markaðnum hvað raforkan má kosta.“ /smh

Fóðurblandan er nýr umboðsaðili RØ-KA mjólkurtanka á Íslandi




Nánari upplýsingar á www.fodur.is eða hafið samband við sölumann okkar fyrir ráðgjöf eða verðtilboð. Sími: 570 9820 • oskar@fodur.is

FÓÐURBLANDAN
FB Reykjavík Korngarðar 12 570 9800
FB Selfoss Austurvegur 64 a 570 9840
FB Hvolsvöllur Duftþaksbraut 1 570 9850
www.fodur.is fodur@fodur.is

Jólablað Bændablaðsins kemur út 19. desember

Knowledge grows

# Örugg með **Yara**
# 2025 **áburðarverðskrá**



SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðanda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is

**Verðskrá 2025**

Upplýsingar á yara.is
og hjá sölumönnum.

# Bændablaðið

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og örykja kostar kr. 13.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga:** thordis@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## Breytingar

**Niðurstöður alþingiskosninga benda sterklega til þess að breytinga sé að vænta í stjórnskipan landsins. Að minnsta kosti þrír flokkar verða að mynda stjórn.**

Formaður Samfylkingar, Kristrún Frostadóttir, hefur stjórnarmyndunarumboð þegar þetta er skrifað og talað er um ríkisstjórnarsamstarf með Viðreisn og Flokki fólksins. Einkar áhugavert verður að fylgjast með því hvernig verðandi stjórnarflokkar munu skipta ráðuneytum á milli sín og hvernig ráðuneytum mun fækka, miðað við það sem fram hefur komið.

Þar líta bændur eðlilega til þess hver mun leiða málaflokk landbúnaðar, enda liggja þar stór verkefni sem varða lífskjör og starfsumhverfi þeirra til framtíðar. Ber þar helst að nefna hið stóra verk að teikna upp stuðningskerfi landbúnaðarins á næsta ári. Það fór ekki mikið fyrir skýrum áherslum Samfylkingar, Viðreisnar né Flokks fólksins í landbúnaðarmálum í aðdraganda kosninganna. Viðreisn hefur verið einna skýrust í afstöðu sinni. Þar hefur verið boðaður samdráttur í miðstýringu landbúnaðarkerfisins.

Hvernig sem ríkisstjórnin verður skipuð munu nýir vindar blása á Alþingi á kjörtímabilinu. Um helmingur kjörinna fulltrúa er nýr á þingi svo nýliðakynningin verður fjölmenn þegar þar að kemur. Svo mikill fjöldi nýliða getur haft sína kosti og galla. Ferskar hugmyndir, kraftur og elja til verka getur fylgt nýju fólki en þekkingarleysi á gangverki stjórnkerfa og hvernig þau tengjast og hafa áhrif hvert á annað geta flækt málin.

> „Hvernig sem ríkisstjórnin verður skipuð munu nýir vindar blása á Alþingi á kjörtímabilinu ...

Í liðinni viku hafa nautgriparæktinni einnig birst tvær nýjar stórfréttir sem boða mögulegar breytingar. Nýr verðlagsgrunnur var kynntur í síðustu viku sem kúabændur voru orðnir langeygir eftir. Hann sýnir fram á skekkju milli framleiðslukostnaðar og afkomu greinarinnar sem bregðast þarf við. Einnig eru tíðindi í nýútgefinni skýrslu Landbúnaðarháskólans um samanburð á rekstrarhagkvæmni mjólkurframleiðslu með íslenskum og þremur erlendum mjólkurkúakynjum. Niðurstöðurnar boða bæði aukna framlegð og minni metanlosun með því að flytja inn erlent mjólkurkúakyn, samkvæmt gefnum forsendum. Skýrslan verður kynnt bændum næstkomandi mánudag.

Svo skall á alifuglaræktina nýr veruleiki þegar skæð fuglainflúensa greindist á kalkúnabúi á þriðjudag. Aflífa verður fuglana og gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu sýkingarinnar. Eftir að inflúensan greindist í villtum fuglum hér á landi í lok september hefur óvissustig verið í gildi. Fuglaflensan hefur breiðst hratt út í löndum beggja vegna Íslands, bæði í Bandaríkjunum og Þýskalandi, Frakklandi og Póllandi, með tilheyrandi afföllum og áhrifum á bæði alifugla- og eggjaframleiðslu.

Það eru því blikur á lofti á ýmsum sviðum. Bregðast þarf við raunverulegum ógnum, nýrri þekkingu og síbreytilegum veruleika.

*Guðrún Hulda Pálsdóttir*
*ritstjóri.*


**Aðventuleikur Bústólpa**

Ný tilboð í hverri viku og gjafaleikur

**Taktu þátt á Facebook**





**Framlegð kúabúskapar á landinu í heild og heildarfjöldi kúa með íslenskar (ISL), norrænar Holstein (NH), norskar rauðar (NRF), norrænar rauðar (NR) eða danskar Jersey (DJ) kýr miðað við að framleiðsla mjólkurfitu haldist óbreytt. Ríkisstuðningur er ekki inni í framlegðartölum.**
Mynd / Skýrslan *Samanburður á rekstrarhagkvæmni mjólkurframleiðslu á Íslandi með íslenskum og erlendum mjólkurkúakynjum*

### Mjólkurframleiðsla:

# Erlend kúakyn myndu skila mun meiri framlegð

**Ný skýrsla Landbúnaðarháskóla Íslands, þar sem fjögur erlend kúakyn voru borin saman við íslenska kúakynið, leiðir í ljós að möguleg framlegð væri mun meiri í mjólkurframleiðslu yrði hér skipt um kúakyn.**

Í skýrslunni, sem heitir *Samanburður á rekstrarhagkvæmni mjólkurframleiðslu á Íslandi með íslenskum og erlendum mjólkurkúakynjum*, er meðal annars lagt mat á möguleg áhrif slíkra breytinga á rekstur kúabúa á Íslandi.

Einnig eru ýmis framkvæmdaratriði varðandi slíkan innflutning skoðuð og hugað að þáttum sem varða vernd íslenska kúakynsins.

Fram kemur að íslenskar mjólkurkýr skili minni meðalafurðum en helstu mjólkurframleiðslukyn nágrannalandanna og því hafi ítrekað verið stungið upp á innflutningi annarra kynja sem leið til að gera kúabúskap á Íslandi hagkvæmari.



Norræn rauð kýr. Mynd / Viking Genetics

***Framlegð ykist um 3,3 milljarða***

Til samanburðar við íslenska kúakynið voru norskar rauðar kýr (NRF), norrænar rauðar (NR), norrænar Holstein-kýr (NH) og danskar Jersey-kýr (DJ).

Í skýrslunni kemur fram að heildarframlegð kúabúskapar ykist um 3,3 milljarða íslenskra króna ef NR tæki hér yfir og aðeins litlu minna með NRF eða NH. Um tveggja milljarða aukning á framlegð myndi nást með DJ.

***Færri kýr og samdráttur í metanlosun***

Í skýrslunni er tekið dæmi um að ef horft sé á mjólkurframleiðslu í landinu í heild, gætu 14 þúsund kýr af NH- eða DJ-kyni skilað því sama og þær um það bil 25 þúsund kýr á Íslandi gera nú.



**Jón Hjalti Eiríksson.**

Þá segir í skýrslunni að vegna mikillar fækkunar kúa við að skipta yfir í nýtt kúakyn myndi heildarmetanlosun kúastofnsins minnka um 10–24 prósent samkvæmt gefnum forsendum. Minnst væri minnkunin með NRF og mest með DJ. Mest kjötframleiðsla yrði aftur á móti með NRF.

***Tryggja þurfi varðveislu gripa af íslenska kyninu***

Varðandi áframhaldandi vernd á íslenska kúakyninu, segir í skýrslunni að stofninn sé lítið skyldur öðrum mjólkurframleiðslukynjum og hafi því mikið gildi fyrir varðveislu erfðaauðlinda nautgripa.

Ef annað kúakyn tæki yfir mjólkurframleiðslu á Íslandi þurfi að tryggja varðveislu óblandaðra gripa af íslenska kyninu. Kynbótastarfinu yrði þá nær eingöngu beitt í þágu viðhalds erfðafjölbreytni sem myndi valda kostnaði sem þyrfti að koma til móts við. Sá kostnaður væri þó lítill miðað við metinn ávinning af nýju kúakyni í mjólkurframleiðslunni.

***Kemur ekki á óvart***

„Niðurstöðurnar koma ekki á óvart," segir Jón Hjalti Eiríksson, kennari við Landbúnaðarháskóla Íslands og einn höfunda skýrslunnar. „Við fengum heldur meiri ábata heldur en var metinn árið 2007 en þó af sömu stærðargráðu. Stóru línurnar eru að það lítur út fyrir að það geti verið hægt að framleiða mjólk í landinu með töluvert minni kostnaði með öðru kúakyni. Það breytir því ekki að það er mikilvægt að íslenska kúakynið sé varðveitt með einhverjum hætti því það er mikilvæg erfðaauðlind.

Hvað verður gert með þessar upplýsingar er í höndum kúabænda og stjórnvalda, hvort kúabændur vilji fara í þessa vegferð og hvaða umgjörð verður um það til að tryggja sóttvarnir og varðveislu íslenska kúakynsins." /smh-ghp



Nýja fjósið í Hólabæ í Langadal, sem stendur við þjóðveg 1 og er allt hið glæsilegasta.

# Nýtt og glæsilegt fjós í Hólabæ



Fjölskyldan í Hólabæ. Lilja Björg Rúnarsdóttir, Auður Ingimundardóttir, Pétur Ingi Rúnarsson og Rúnar Aðalbjörn Pétursson.

**Fjölmenni mætti í opið fjós á bænum Hólabæ í Langadal laugardaginn 23. nóvember.**

Á Hólabæ búa Auður Ingimundardóttir og Rúnar Aðalbjörn Pétursson, sem er uppalinn í Hólabæ, ásamt börnum sínum, Pétri Inga, sex ára og Lilju Björgu, tveggja ára.

Á bænum er rekið blandað bú með kýr og kindur en árskýrnar eru 38 og kindurnar um 400 talsins. Hólabær stendur við þjóðveg 1 í Langadal í Austur-Húnavatnssýslu. Jörðin er um 2.300 hektarar. Nýja fjósið er 780 fermetrar að stærð með 56 legubásum.

„Við erum mjög ánægð að hafa tekið slaginn og farið í þetta stóra verkefni og erum stolt af því hvernig hefur tekist til og hlökkum mikið til að flytja kýrnar inn í fjósið. Svona verkefni er þó erfitt að ráðast í nema að hafa gott fólk í kringum sig og erum við einstaklega rík af frábæru fólki í kringum okkur sem hefur veitt okkur ómetanlegan stuðning og aðstoð í þessu öllu saman og erum við þeim óendanlega þakklát.“

Auður segir að þau Rúnar ætli sér að auka mjólkurframleiðsluna á næstu árum ásamt því að halda áfram í sauðfjárrækt. Markmiðið sé alltaf að gera betur í dag en í gær. „Að vera kúabóndi í dag og bara bóndi almennt er krefjandi og koma stöðugt nýjar og krefjandi áskoranir. Við reynum þó að horfa björtum augum á framtíðina og vonum að ráðamenn geti tryggt bændum öruggt starfsumhverfi til að við getum tryggt Íslendingum innlend matvæli,“ segir Auður.

Auður er fædd og uppalin á Selfossi en flutti norður vorið 2017 eftir útskrift úr búvísindum á Hvanneyri. Auk þess að sinna búinu starfar Auður einnig sem ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. /mhh



Ásgerður Pálsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Sigurður Örn Ágústsson frá bænum Geitaskarði.



Spekingarnir Hjálmar Björn Guðmundsson, starfsmaður Líflands, og Brynjólfur Friðriksson á Brandsstöðum virða nýja fjósið fyrir sér.



Jóhanna Helga Halldórsdóttir og Brynjar Óli Brynjólfsson á Brandsstöðum og Páll Þórðarson á Sauðanesi dáðust að kraftinum í ungu hjónunum í Hólabæ.



Pétur Pétursson og Þorbjörg Bjarnadóttir, fyrrum ábúendur í Hólabæ, með Sigþrúði Friðriksdóttur, Bergsstöðum, á milli sín.

## Spurning dagsins:

# Hvern myndir þú vilja sjá sem næsta matvælaráðherra og af hverju?



**Sigurður Baldursson á Páfastöðum í Skagafirði:** „Ég myndi myndi vilja sjá Maríu Rut hjá Viðreisn. Hún er skynsöm og veit um hvað málið snýst.“



**Þórhildur Þorsteinsdóttir á Brekku í Norðurárdal:** „Þorgerði Katrínu; vegna fyrri reynslu úr landbúnaðarráðuneytinu.“



**Matthías Ragnarsson á Guðnastöðum í Landeyjum:** „Sigmund Davíð, en við þurfum að sjá hvað verður. Hann er sá eini sem talar fyrir landbúnaðinn.“



**Sigurbjörg Sigurbjörnsdóttir í Gilsárteigi í Eiðaþinghá:** „Mér dettur í hug Víðir. Mér finnst hann niðri á jörðinni og hann hefur komið víða við í sínum störfum.“

# Vísnahornið

Nú er þjóðin, að hluta allavega, í hamingjuvímu með kosningaúrslit.

*Ýmsir þáðu eitthvað kjass,*
*hjá öðrum þrotinn kraftur.*
*Þó hafi sumir haus við rass,*
*hann mun birtast aftur. /mh*

**Ingibjörg Friðgeirsdóttir** frá Hofsstöðum á Mýrum vestra orti þessa góðu vísu.

*Örlögunum ofurseld,*
*ágjöf marga hlotið*
*og við stolinn augnaeld,*
*yls og birtu notið.*

Ingibjörg mun einnig hafa sagt, þegar dró að lokum.

*Að lokaþætti líður senn,*
*loksins vætt til stranda.*
*Í góðri sátt við guð og menn,*
*get ég hætt að anda.*

Þannig geta vafalaust Vinstrihreyfingin græna og fleiri hugsað. Og einnig kannski vísu þá, sem orti **Ágúst á Ljótsstöðum** í Vopnafirði.

*Áður var ég firða fremst*
*framreiðar er gaman semst.*
*Nú í fari hinna hemst*
*og hvergi þar úr sporum kemst.*

Hann **Jói í Stapa** var snillingur og gladdi marga, hógvær jafnan. Í bók hans Axarsköftum stendur.

*Hæfileika guð mér gaf*
*af göfgum vilja sínum*
*en langmest þekktur er ég af*
*axarsköftum mínum.*

Jói í Stapa endar svo bókina:

*Þó að fenni í farna slóð*
*fyrnist sæmd og glatist auður*
*vera má að lítið ljóð*
*lifi þegar ég er dauður.*

Annar hraðkvæður snillingur var **Andrés Valberg,** sem kenndi sig við Syðri-Mælifellsá í Skagafirði.

*Að yrkja vísu er mitt fag*
*og við stemmu glíma.*
*Brugðið hef ég blundi í dag*
*og byrjaður að ríma.*

Einnig sagði Valberg um sig, þegar hann starfaði við akstur:

*Af bílstjórunum er ég einn*
*ætíð frjáls og glaður.*
*Skagfirðingur skír og hreinn,*
*skáld og listamaður.*

**Bjarni úrsmiður frá Gröf** í Víðidal, mun hafa ort um sína reglusemi:

*Á víni hef ég löngum lyst*
*leik mér oft að bögum.*
*En ég verið frá því fyrst,*
*fullur á laugardögum.*

Bjarni orti einnig þessa:

*Vanalega vísan hálf,*
*verður illa kveðin,*
*ef hún kemur ekki sjálf,*
*eins og hjartagleðin.*

Einhvern tímann á næstunni verður Alþingi sett að nýju. Eins og þjóðin man var skyri slett við setninguna 1972. **Benedikt frá Hofteigi** orti þá:

*Á Alþingi er eins og fyr*
*ekki mikil glæta.*
*Myndi ekki meira skyr,*
*mega úr þessu bæta.*

**Umsjón: Magnús Halldórsson**
*mhalldorsson0610@gmail.com*



Sauðfjárbændur kaupa greiðslumark til að styrkja rekstrargrundvöll sinn til lengri tíma. Mynd / smh

# Mun fleiri vilja kaupa en selja greiðslumark

**Á innlausnarmarkaði ársins 2024 með greiðslumark í sauðfé, sem haldinn var 15. nóvember, barst 131 umsókn um kaup og 24 umsóknir um sölu.**

Alls var óskað eftir 32 þúsund ærgildum til kaups, en til ráðstöfunar voru 4.266 ærgildi, eða 13 prósent samkvæmt tilkynningu úr matvælaráðuneytinu, en innlausnarverð ársins jafngildir beingreiðslum næstu tveggja ára sem eru 10.762 krónur á ærgildið.

Úthlutað var samkvæmt forgangsreglum um stuðning við sauðfjárrækt. Af 131 umsækjanda töldust 99 til forgangshóps og 32 til almenns hóps. Allt það greiðslumark sem var til ráðstöfunar rann því til forgangshóps, sem eru sauðfjárbændur sem eiga 100 kindur eða fleiri og eru með ásetningshlutfallið 1,0 eða hærra.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason, formaður deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir að engin sérstök tíðindi séu í þessum tölum og niðurstöður hans séu í samræmi við fyrri markaði. „Þetta eru bú sem eiga lítið greiðslumark sem eru að kaupa og styrkja rekstrargrundvöllinn til lengri tíma litið,“ segir hann.

Matvælaráðuneytið mun senda öllum tilboðsgjöfum upplýsingar um afgreiðslu tilboða og gera breytingar á skráningu greiðslumarks þegar uppgjör hefur farið fram, en upplýsingar um greiðslumark sitt geta bændur nálgast í Afurð. */smh*



Þessa dagana er verið að bora eftir köldu vatni í Ingólfsfjalli en íbúar á Selfossi fá allt sitt kalda vatn þaðan. Mynd / mhh

# Borað eftir köldu vatni í Ingólfsfjalli

**Sveitarfélagið Árborg er nú að láta bora eftir köldu vatni í Ingólfsfjalli til að mæta meiri þörf í vaxandi samfélagi.**

Íbúar Selfoss fá allt sitt kalda vatn úr Ingólfsfjalli. Borunin fer fram á vegum Selfossveitna en það er fyrirtækið Vatnsborun sem sér um borunina. Holurnar eru um 100 metra djúpar með stálfóðringu niður á 30–50 metra.

„Borunin er enn í gangi og því ekki komið mat á magnið en við höfum borað reglulega á þessu svæði í gegnum árin. Sveitarfélagið vinnur eingöngu kalt vatn af þessu svæði en við erum að nálgast vinnslugetu svæðisins og þurfum því að fara að leita á önnur mið,“ segir Sigurður Þór Haraldsson veitustjóri. Borun við hverja holu getur kostað allt frá fimm til tíu milljónir króna. */mhh*

Ráðgjöf um starfsmannamál og kjarasamninga

- Túlkun kjarasamninga og lagareglna
- Ráðgjöf um réttindi og skyldur starfsfólks og vinnuveitenda
- Ráðgjöf við gerð og slit ráðningarsamninga
- Ráðgjöf um laun, orlof, veikindarétt, vinnutíma og önnur kjör
- Stuðningur í ágreiningsmálum á vinnustað

GOTT & GILT
825 8528
695 8891
www.gottoggilt.is

## Vesturland:

# Kýrnar sluppu en pyngjan ekki

## – Fengu stjórnvaldssekt fyrir ónógt varaafl

**Afleiðingar rafmagnsleysis í Lundarreykjadal í febrúar urðu bændum dýrkeyptar.**

Um miðjan febrúar á þessu ári varð bærinn Lundur í Lundarreykjadal rafmagnslaus, með þeim afleiðingum að um 20 klukkustundir liðu milli mjalta með tilheyrandi vanlíðan fyrir mjólkurkýrnar á bænum. Rafmagnsleysið, sem stafaði af slitnum jarðstreng, varði í sólarhring og símasambandsleysi gerði ástandið enn verra. Lýstu þau Unnur Jónsdóttir og Símon Bergur Sigurgeirsson, bændur í Lundi, því svo að kýrnar hefðu verið farnar að öskra af sársauka og þau sáu fyrir sér talsverða glímu við júgurbólgu og minni nyt.

### *Fjárútlát í kjölfarið*

„Þetta hafði í raun minni áhrif en leit út fyrir í fyrstu,“ segir Unnur, spurð um afleiðingar rafmagnsleysisins í febrúar fyrir kýrnar. „Minna var um júgurbólgu en við vorum hrædd um þarna fyrst og við vorum ótrúlega fljót að ná nytinni upp aftur. Við fórum aftur á móti og keyptum nýja varaaflsstöð sem dugir fyrir fjósið og fleira, en varaaflið sem við höfðum reyndist ekki nægjanlegt fyrir fjósið þegar til kom í rafmagnsleysinu. Við fengum nefnilega stjórnvaldssekt fyrir að geta ekki tryggt mjaltir fyrir kýrnar. Eftir mikið óveður fyrir fáum árum var sett í lög að bændur þyrftu að eiga varaaflsstöð,“ útskýrir hún og bætir við að þeim hafi þótt ansi skítt að fá stjórnvaldssektina í ljósi þess að þau hafi reynt allt sem þau gátu til að bregðast rétt við aðstæðum.

Unnur segir sektina hafa numið á annað hundrað þúsund krónur og við það bættust svo kaupin á varaaflstöðinni, um 1,4 m.kr., sem seig verulega í fyrir hina ungu bændur. Þau Símon tóku við búinu af foreldrum Unnar um þarsíðustu áramót og hafa unnið hörðum höndum að því að búið beri sig í þungu rekstrarumhverfi. Ekki megi mikið út af bera.

„Þetta er er svo auðvitað varaaflsstöð sem við vonumst til að þurfa aldrei að nota. Mamma og pabbi hafa búið hér í fjórutíu ár og mundu ekki eftir að hafa nokkurn tímann lent í svona löngu rafmagnsleysi,“ segir Unnur enn fremur.

### *Skítt að fá stjórnvaldssekt*

„Okkur fannst þetta skítt á sínum tíma og gagnrýndum að það hefði ekki verið neitt mál að fá varaaflsstöð að láni þarna í rafmagnsleysinu, tiltölulega stutt frá, nema bara að það fór líka allt símasamband hjá okkur þegar varð rafmagnslaust,“ heldur hún áfram.

Varaafl fyrir farsímasamband entist í klukkustund og bærinn varð þá alveg sambandslaus við umheiminn.



Unnur Jónsdóttir og Símon Bergur Sigurgeirsson kúabændur í Lundi í Lundarreykjadal. Mynd / Aðsend

Unnur segist ekki hafa orðið vör við að neitt væri brugðist við og reynt að tryggja betur símasamband. „Við reyndum að koma því til skila en án árangurs. Þegar verður rafmagnslaust hefur sendirinn batterí sem endist í klukkutíma eða svo og ekkert varaafl á því. Ég veit að björgunarsveitin var í þessu tilfelli búin að bjóðast til að fara með varaaflsstöð fyrir sendinn en viðkomandi fjarskiptafyrirtækjum, Mílu og Vodafone að því að mér skilst, fannst ekki þörf á því, þetta væri ekki nógu mikilvægt. Sendirinn dó því bara þegar batteríið var búið.“

... Þarna rofnar símtalið milli blaðamanns og Unnar og hún segir það íðulega henda, sambandið sé lélegt. En þráðurinn er tekinn upp að nýju.

Unnur segir veturinn leggjast vel í þau Símon og innt eftir afdrifum Spennu, kálfs sem fæddist einmitt í rafmagnsleysinu í febrúar, braggast hún prýðilega. Hún var annar af tveimur kálfum sem borið var þá en hinn drapst. Í Lundi eru 34 mjólkandi kýr, um 60 kindur og móðir Unnar heldur að auki nokkur hross. Símon vinnur við búið en Unnur er umsjónarkennari í fullu starfshlutfalli og eiga þau þrjú börn, Guðrúnu Árnýju, ellefu ára, Ingu, fjögurra ára og Birgi, tveggja ára. */sá*

## Viðhorfskönnun:

# Framleiða ætti flestallar landbúnaðarvörur innanlands

**Landsmenn vilja að landbúnaðarvörur séu framleiddar innanlands ef marka má niðurstöður nýrrar könnunar.**

Gallup framkvæmdi könnunina fyrir Bændasamtök Íslands (BÍ) og Samtök fyrirtækja í landbúnaði (SAFL) í nóvember til að mæla viðhorf Íslendinga til ýmissa þátta tengdum landbúnaði. Úrtakið var 1.669 manns, 18 ára og eldri af öllu landinu, en þátttökuhlutfall var 53,3 prósent.

### *Framleiðsla á 3.150 býlum*

„Samkvæmt niðurstöðunum vilja tæplega 80 prósent landsmanna að landbúnaðarvörur séu framleiddar innanlands, fremur en að þær séu fluttar hingað inn,“ segir í tilkynningu frá BÍ og SAFL en 19,9 prósent svarenda svöruðu að það ætti að framleiða allar landbúnaðarvörur innanlands, meðan 59,7 prósent svarenda töldu að framleiða ætti þær flestar innanlands.

„Á hverju ári framleiða íslenskir bændur um 30.000 tonn af kjöti, 13.000 tonn af grænmeti og 150 milljón lítra af mjólk. Framleiðslan fer fram á um 3.150 býlum hringinn í kringum landið og mikill fjöldi fólks kemur að framleiðslu, vinnslu, flutningi og sölu og framreiðslu matvæla til neytenda. Til þess að landsmenn allir geti kosið íslenskar landbúnaðarvörur í sínum matarinnkaupum þarf að auka innlenda matvælaframleiðslu með bættum stuðningi og betra starfsumhverfi fyrir greinina,“ segir í tilkynningunni.

Þar er haft eftir Margréti Gísla- dóttur, framkvæmdastjóra SAFL, að almenningur vilji greinilega ekki þurfa að reiða sig um of á innflutning. „Þetta eru skýr skilaboð frá fólkinu í landinu um að styrkja þurfi stoðir landbúnaðarins og tryggja greininni sambærilega umgjörð og hjá löndum sem við viljum bera okkur saman við svo að þetta dæmi geti gengið upp,“ er haft eftir Margréti.

### *Gæði og efnahagslegar ástæður*

Þátttakendur voru einnig spurðir um hvort þeir veldu íslenskar eða erlendar landbúnaðarvörur þegar þeir versla. Alls svöruðu 28,7 prósent því um að þeir veldu alltaf íslenskar landbúnaðarvörur og 44,4 prósent sögðust velja íslenskar vörur oftast. Ríflega fjórðungur sagðist velja stundum íslenskar og stundum erlendar. Einnig voru svarendur beðnir um að nefna helstu ástæður þess að þau velji íslenskar landbúnaðarvörur. Flestir, 28,5 prósent, nefndu fyrst ástæður sem snúa að gæðum og næstflestir, 17,4 prósent, sögðu það af efnahagslegum ástæðum. Einnig var algengt að svarendur nefndu ástæður sem snúa að trausti og af umhverfislegum ástæðum.

Hvað eftirfarandi á best við um skoðun þína á framleiðslu landbúnaðarvara?




Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri BÍ, segist, í tilkynningu, líta á niðurstöður könnunarinnar sem traust til bænda og afurða þeirra. „Vonandi er að þessi mæling á hjartslætti þjóðarinnar verði nýrri ríkisstjórn ofarlega í huga þegar hún setur kúrsinn fyrir nýja búvörusamninga sem treysta undirstöður íslensks landbúnaðar til langrar framtíðar. Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að auka þarf innlenda matvælaframleiðslu umtalsvert á komandi árum til að mæta aukinni eftirspurn vegna fólksfjölgunar, hvort sem um ræðir íbúa landsins eða ferðamenn. Til þess að tryggja að framleiðslan geti haldið í við eftirspurnina og uppfyllt vilja 80 prósenta landsmanna um að geta valið íslenskan mat á diskinn sinn, þurfum við bændur og það þarf að bæta starfsskilyrðin í landbúnaði,“ er haft eftir Margréti Ágústu. */ghp*

VÉLFANG – VERKIN TALA

CLAAS

# 11 góðar ástæður til að velja CLAAS ARION 400 dráttarvél



**Allt í einni hendi:**
ELECTROPILOT stjórnstöngin er ekki bara fyrir ámoksturstækjavinnuna, þú stýrir einnig vökvasneiðum og einnig eru fimm forritanlegir hnappar til taks.

**Loftfjaðrandi sæti:**
Grammer Dual Motion-sætið er með loftfjöðrun, sætishitara, fram/aftur fjöðrun og höfuðpúða sem færist til hliðar þegar ökumaður þarf að sjá aftur fyrir sig.





**Frábært útsýni:**
Með PANORAMIC ökumannshúsinu er full yfirsýn yfir vinnuumhverfi og ámoksturstæki.



**Kraftmikill mótor:**
Fjögurra strokka FPT-mótorinn allt að 155 hestöfl – meira en nokkur önnur vél í þessum stærðarflokki.





**Lýsing:**
Með allt að átta LED vinnuljósum breytist vinna í skammdegi í bjartan dag.



**Auðvelt viðhald:**
Öllum kælum er hægt að halla fram svo að auðvelt sé að komast að til að sinna þrifum og viðhaldi.



**Kúplingsfrí gírskipting:**
Hvort sem þú velur QUADRISHIFT (16+16) eða HEXASHIFT (24+24) getur þú skipt um gír án þess að kúpla eða þá haft vélina sjálfskipta með QUADRACTIV/HEXACTIV.



**Snjall akstur:**
Með SMART STOP virkar bremsan einnig sem kúpling, mjög gagnlegt við allar aðstæður.



**CLAAS = Þægindi:**
Eins og alltaf bíður CLAAS upp á frammúrskarandi þægindi. Húsfjöðrun er staðalbúnaður og fjaðrandi framhásing valbúnaður.



**Öflugt vökvakerfi:**
Með allt að 4 vökvaúttökum og með stærstu vökvadælunni allt að 150 l/min flæði tiltækt!

**Kælihólf:**
Undir farþegasætinu er kælihólf með rými fyrir 1,5 lítra flösku og snarl.



Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri



Hagstofan ætlar að birta upplýsingar um fjölda sláturgripa úr hrossakjötsslátrun frá næstu áramótum. Mynd / smh

# Mánaðarleg upplýsingagjöf

**Hagstofa Íslands hyggst frá næstu áramótum birta mánaðarlega upplýsingar um fjölda sláturgripa og framleiðslumagn úr hrossaslátrun.**

Verða þær upplýsingar birtar samhliða öðrum kjötframleiðsluupplýsingum sem Hagstofan hefur birt með reglubundnum hætti. Að sögn Jóns Guðmundar Guðmundssonar, sérfræðings hjá Hagstofunni, er ástæðan fyrir birtingunum sú að á næsta ári þarf að skila tölum um hrossaslátrun til alþjóðastofnana. Jón segir að fram til þessa hafi Hagstofan einungis birt tölur árlega yfir framleiðsluna. Á Mælaborði landbúnaðarins hafi hins vegar verið hægt að nálgast upplýsingar um framleiðslumagn úr hrossaslátrun.

„Nýjungin núna verður sú að tölur yfir fjölda dýra verður einnig að finna í okkar yfirliti, en ekki bara framleidd kíló,“ segir Jón. Samkvæmt upplýsingum á Mælaborði landbúnaðarins, varð 5,3 prósenta framleiðsluaukning á milli 12 rúllandi mánaða, þannig að framleiðsla síðustu 12 mánaða var rúm 961 þúsund kíló en rúm 912 þúsund kíló sé litið til þeirra 12 mánaða sem eru þar á undan. */smh*

# Metinnflutningur á koltvísýringi

**Á fyrstu níu mánuðum ársins hafa verið flutt inn til landsins um 2.600 tonn af koltvísýringi fyrir tæpan milljarð króna. Aldrei hefur jafnmikið af efninu verið flutt inn til landsins og stefnir í metinnflutningsár.**

Eftirspurn eftir koltvísýringi hefur aukist hér á landi, sér í lagi með tilkomu fiskeldis og þörungavinnslu, en efnið er einnig notað í drykkjarframleiðslu og matvælapökkun og fleira. Koltvísýringur er mikilvægt hráefni í garðyrkjuframleiðslu þar sem efninu er dælt inn í gróðurhús til að auka vöxt og gæði plantna.

Hér á landi er koltvísýringur einungis framleiddur á jörðinni Hæðarenda í Grímsnesi en fyrirtækið Linde Gas á þar allan nýtingar- og vinnslurétt. Framleiðslan þar hefur verið á bilinu 3.800 – 4.900 tonn á ári sl. áratug en Sigurður Karl Jónsson, eigandi jarðarinnar, hefur sagt að með góðu móti væri hægt að framleiða ríflega landsþörf.

Innflutningur á koltvísýringi hefur vaxið jafnt og þétt síðastliðin ár. Árið 2019 voru hingað flutt rétt rúm 1.000 tonn, þau voru rúm 1.500 árið 2021 og rúm 1.800 í fyrra.

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru tæp 2.600 tonn af koltvísýringi flutt hingað til lands á fyrstu níu mánuðum ársins. Langmest af innflutta koltvísýringnum, eða tæp 2.400 tonn, komu frá Svíþjóð, þaðan sem Linde Gas flytur inn efnið. Samkvæmt Hagstofunni var meðal CIF-verð á kílóið 27 krónur. Samkvæmt Sigurði Karli greiðir Linde Gas honum tæpar 3 krónur fyrir hvert kíló af koltvísýringi sem það vinnur ásamt því að útvega honum vatn í hitaveitu. */ghp*

Skóhorn
Frábær jólagjöf
extra löng og sterk!



BLIKKRÁS EHF
Akureyri – Sími: 462 7770
Netfang: blikkras@blikkras.is
www.blikkras.is
© DAGSKRÁIN

# Kjötmjöl verður hægt að nota sem áburð

## – Séu skilyrði uppfyllt um íblöndunarefni og meðhöndlun

**Kjötmjöl hefur verið formlega viðurkennt sem áburður með þeim skilyrðum að áður en hægt verður að dreifa því beint á ræktarlönd að vori verður að blanda því saman við tiltekin efni.**

Jarle Reiersen, deildarstjóri aukaafurða og aðfanga hjá Matvælastofnun, segir að með innleiðingu á Evrópureglugerð í sumar verði hægt að nýta kjötmjöl með íblöndunarefni sem áburð fyrir bændur án takmarkana.



Frá áburðartilraun bræðranna Ísaks og Loga Jökulssona, þar sem kjötmjöli og kúamykju er blandað saman til áburðargjafar. Mynd / Ósabakki

### *Gjörbreytir möguleikunum til markaðssetningar*

Ólafur Wernersson, framkvæmdastjóri Orkugerðarinnar, sem framleiðir kjötmjöl úr sláturúrgangi og dýraleifum, segir að þetta gjörbreyti möguleikunum til markaðssetningar á kjötmjöli. „Við höfum séð í tilraunum að kjötmjölið getur virkað mjög vel sem áburðargjafi í bland við kúamykju. Með þessari breytingu sjáum við fyrir okkur að hægt sé að vinna kjötmjölið þannig að hægt verði að bera þetta á ræktarlönd sem áburð að vori til að uppskera af þeim um sumarið.“

Jarle segir að í Evrópureglugerðinni sé kveðið á um að ef kjötmjöl sé til dæmis blandað með 10 prósent kalki þá hefur það farið fram hjá endapunkti. „Þegar aukaafurðir hafa farið fram hjá endapunkti þá þýðir það að aukaafurðir hafa fengið nægilega meðhöndlun svo áhætta sem stafar af viðkomandi aukaafurð er orðin hverfandi.“

### *Þrjár mögulegar leiðir*

„Til þess að fyrirtæki sem framleiðir kjötmjöl geti selt afurðir sem áburður, þarf fyrirtæki sértæka skráningu sem slíkt og sýna fram á verklag sem sé í samræmi við viðkomandi reglugerð. Að þessum skilyrðum uppfylltum ætti ekki að vera takmörkun á notkun kjötmjöls til áburðar innanlands,“ heldur Jarle áfram.

Hann segir að í raun sé hægt að velja á milli þriggja leiða til að gera kjötmjölið þannig hæft til áburðarnotkunar með íblöndun. „Það er hægt að nota 10 prósent af kalki, 10 prósent af ólífrænum áburði [mineralized fertilizers] eða 10 prósent af meðhöndlaðri mykju, sem er mykja sem hefur farið í hitameðhöndlun að minnsta kosti 70 gráður í að minnsta kosti 60 mínútur og, ef við á, einnig til minnkunar á grómyndandi bakteríum og



Jarle Reiersen.

eiturefnamyndun, þar sem þetta er skilgreint sem viðeigandi hætta.

Það er svo að sjálfsögðu okkar hlutverk hjá MAST að sjá til að lokaafurðin innihaldi nægt magn af viðurkenndum efnum svo endaafurð skilgreinist sem aukaafurð sem hafa náð endapunkti.

Hvaða aðferð fyrirtækin velja til að ná þessum endapunkti, er val þeirra,“ segir Jarle. */smh*

## Haustfundur garðyrkjunnar:

# Slæm staða útiræktunar grænmetis til umræðu

**Slæm staða útiræktunar grænmetis var rædd á haustfundi garðyrkjunnar sem haldinn var í Garðyrkjuskólanum að Reykjum í Ölfusi 20. nóvember.**

Axel Sæland, formaður deildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir að síðasta sumar hafi verið garðyrkjubændum í útirækt almennt erfitt veðurfarslega, uppskera langt undir væntingum auk þess sem margir bændur urðu fyrir tjóni.

„Á stórum hluta landsins gerði aftakaveður, en þá höfðu flestir bændur verið búnir að koma sínum ökrum af stað. Kartöflubændur lentu bæði í því að það fauk ofan af görðunum þeirra þannig að kartöflurnar urðu berskjaldaðar og svo flæddi yfir akra annars staðar. En svo voru líka fáir sólardagar í sumar og heilt yfir kalt. Það hafði líka mikil áhrif á heildar framleiðslumagnið.“

### *Tryggingavernd lykilatriði fyrir framtíð útiræktar*

Axel segir að á fundinum hafi einkum tvö atriði verið sett fram og rædd. Annars vegar nauðsyn þess að komið verði á tryggingavernd fyrir bændur, þannig að bændur hafi kost á því að tryggja akra sína fyrir íslensku veðurfari, og hins vegar að skoðuð verði tækifæri á að taka upp uppskerutengdar greiðslur í stað tollverndar.

Hann telur að tryggingavernd sé orðið algjört lykilatriði fyrir framtíð útiræktar. „Það er afar erfið staða að vera upp á matvælaráðuneyti kominn með það hvort opnað sé fyrir tjónaskráningar og alveg óvíst hvort fjármagn fáist til að bæta tjón.

Mikið betra væri að bændur gætu tryggt akra sína og vissu þá fyrir hverju. Þetta mun kosta, en er ekki heilbrigðara að bændur og ríki komi að slíku verkefni í stað þess að ríkisstjórn þurfi að vera að taka á svona málum ár eftir ár og bændur háðir ákvörðun hvers árs?“ spyr Axel.

### *Uppskerutengdar greiðslur í stað tollverndar*

Að sögn Axels er ákvæði í búvörusamningum garðyrkjunnar að matvælaráðuneyti og Bændasamtök Íslands skoði kosti og galla þess að taka upp uppskerutengdar greiðslur til bænda í útiræktun, sem kæmu í stað tollverndar. „Ég held að það ætti að skoða þetta sem fyrst, hvað slíkt fyrirkomulag myndi kosta ríkissjóð og hvað það gæti lækkað verð á útiræktuðu grænmeti til neytenda. Engin vinna hefur farið af stað með þetta ákvæði, en ég tel að þarna liggi ákveðin tækifæri fyrir útiræktina. Þetta var gert á sínum tíma í ylræktinni fyrir tómata, gúrkur og papriku – og bændur eru almennt sáttir við það fyrirkomulag. En um leið og breytingin varð á fyrirkomulaginu fóru bændur í beina samkeppni við innflutning.“

### *Styrkir miðast við hektarafjölda*

Garðyrkjubændur í útiræktun grænmetis búa núna við stuðningsfyrirkomulag þar sem styrkirnir miðast við umfang ræktunar í hekturum, sem er þó föst upphæð sem deilist hlutfallslega á milli ræktenda og þynnist því út eftir því sem umfang eykst.



Við endurskoðun síðustu búvörusamninga um síðustu áramót varð sú breyting að lágmarksstærð á því landi garðyrkjubænda sem styrkir eru greiddir út á, var minnkað úr hektara lands niður í fjórðung af hektara. Tilgangurinn var að hvetja nýliða til að prófa sig áfram í útiræktun og fá til þess svolítinn stuðning.

Umsóknum um þessa styrki, sem heita jarðræktarstyrkir til garðyrkjubænda vegna útiræktaðs grænmetis, fækkaði hins vegar um fimm – fóru úr 55 umsóknum í 50 síðasta sumar. */smh*

# OUTLANDER 650 MAX XU+ SEXHJÓL
# KLÁR TIL AFGREIÐSLU FYRIR ÁRAMÓT

UPPFÆRÐ OG REISTARI TWIN-TUBE FJÖÐRUN

T3B GÖTUSKRÁNING



NÝ TERRACROSS 26” DEKK

NÝJI 4-LOK 100% FRAMLÁSINN

VERÐ: 3.215.000 KR. + VSK

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.



Blikur eru á lofti í loftslagsáætlun Íslands og þykir Loftslagsráði nýuppfærð áætlun ófullnægjandi. Mynd / Pixabay

Loftslagsráð:

# Þáttaskil þurfi í loftslagsaðgerðum Íslendinga

**Loftslagsráð segir að nú þurfi að verða þáttaskil í framkvæmd loftslagsaðgerða og telur nýuppfærða Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum ófullnægjandi.**

Loftslagsráð birti álit sitt á endurskoðaðri Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum í öndverðum nóvembermánuði. Niðurstaða Loftslagsráðs er sú að nú þurfi að verða þáttaskil í framkvæmd loftslagsaðgerða. „Þrátt fyrir endurskoðun er aðgerðaáætlun í loftslagsmálum ómarkviss. Skerpa þarf heildarstefnuna, samþætta ólíkar aðgerðir og samhæfa framkvæmdina við stefnumið í orku-, samgöngu-, matvæla- og ríkisfjármálum. Framkvæmd áætlunarinnar er ekki áfangaskipt með skýrum hætti, ábyrgð er oft óljós og margar aðgerðir ófjármagnaðar. Þessir veikleikar munu tefja framkvæmd, forgangsröðun og ráðstöfun fjármuna. Fjöldi aðgerða sem beinast að stórum uppsprettum losunar, svo sem frá sjávarútvegi og landbúnaði, eru enn óútfærðar sex árum eftir að fyrsta útgáfa áætlunarinnar var kynnt," segir í álitinu.

*Þegar sjáanleg áhrif á Íslandi*

Segir Loftslagsráð að stefni í að árið 2024 verði heitasta ár frá upphafi mælinga. Sú röskun á loftslagi af mannavöldum sem þessu valdi hafi þegar aukið tíðni og umfang hamfara um heim allan með umtalsverðu eigna- og manntjóni.

Mikið sé í húfi fyrir Ísland að samstarf ríkja í baráttunni við loftslagsvandann skili árangri hratt og örugglega. „Eins og nýleg skýrsla Vísindanefndar um loftslagsbreytingar staðfestir þá eru þegar komin fram umtalsverð áhrif á náttúru Íslands, atvinnuvegi, uppbyggða innviði og efnahag. Afleiðingar loftslagsvár utan landsteinanna munu ekki síður hafa mikil efnahags- og samfélagsleg áhrif hér heima," segir enn fremur í álitinu.

*Alvarleg mistök*

Formaður Loftslagsráðs, Halldór Þorgeirsson, hefur sagt framkvæmd loftslagsaðgerða afar veika hérlendis og nefnt sem dæmi að viðsnúningur stjórnvalda í hvatakerfum hreinorkubíla á síðasti ári hafi verið alvarleg mistök sem sendi kolröng skilaboð til fólks.

Loftslagsráð fjallar skv. lagaskyldu um uppfærða aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum og birti álit sitt 8. nóvember sl. */sá*




COP29:

# Umdeildur samningur þykir heldur klénn

## – Líklegt þykir að 1,5 °C-markið sé tapað

**COP29-loftslagsráðstefnunni í Bakú í nóvember lauk eftir tveggja vikna samningaþóf um 200 ríkja.**

Niðurstaðan var umdeilt samkomulag um að vel stæðar þjóðir veiti fátækari ríkjum aukið fjárframlag í formi styrkja og lána sem nemi að minnsta kosti 300 milljörðum dollara árlega, til að styðja þau í baráttunni við loftslagsvána og hjálpa þeim að aðlagast æ öfgakenndara veðurfari. Er það jafnvirði rúmlega fjörutíu billjóna íslenskra króna og hækkun um hundrað milljarða dala frá áður gildandi samkomulagi um fjárframlag.

Fulltrúar á þessari 29. ráðstefnu aðila að loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC), samþykktu þannig að veita þetta fjármagn árlega, með því heildarmarkmiði í fjármögnun í loftslagsmálum að verja til fátækari ríkja að minnsta kosti 1,3 billjónum Bandaríkjadala fyrir 2035.



Á COP29 náðist umdeilt samkomulag um að vel stæðar þjóðir veiti fátækari ríkjum aukið fjárframlag í formi styrkja og lána til að styðja þau í baráttunni við loftslagsvána og hjálpa þeim að aðlagast æ öfgakenndara veðurfari. Mynd / Rafael Urdaneta Rojas-Pixabay

*Sjónhverfing*

António Guterres, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, telur samkomulagið ekki ganga nægilega langt og undir það tóku fulltrúar lítilla eyríkja og fátækari ríkja heims sem lýstu andstöðu sinni með því að ganga út af ráðstefnunni.

Guterres sagðist hafa vænst metnaðarfyllra samkomulags en líta yrði á niðurstöðuna sem grunn til að byggja á.

„Þetta er lág upphæð," sagði fulltrúi Indlands, Chandni Raina, við aðra fulltrúa, eftir að samningurinn hafði gengið í gegn. „Þetta skjal er lítið annað en sjónhverfing og mun, að okkar mati, ekki taka á þeirri risavöxnu áskorun sem við öll stöndum frammi fyrir," sagði Raina.

Samkomulagið er einnig talið veikt fyrir ríkari þjóðir heims. Efnameiri þjóðir verði að hjálpa nýrri hagkerfum að draga úr losun sinni því að þar hafi 75% af aukningu losunar á síðasta áratug átt sér stað.

*Endurhugsa COP*

Á COP29 var lögð rík áhersla á að ríki heims fari nú þegar í aðgerðir til að færa sig úr jarðefnaeldsneyti yfir í aðra orkugjafa en um það varð samkomulag á COP28 í fyrra.

Raddir verða æ háværari þess efnis að endurhugsa þurfi COP þar sem loftslagsráðstefnan nái ekki tilgangi sínum lengur. Þótti mörgum á skjön að hún væri nú haldin í ríki sem byggir hagkerfi sitt á olíu- og gasútflutningi og ætlar í engu að draga úr.

*1,5 °C-markið fyrir bí*

Vísindamenn óttast margir hverjir að markmið um að halda hitastigi heimsins undir 1,5 °C hlýnun frá því fyrir iðnbyltingu sé tapað. Beðið hafi verið of lengi með að bregðast við.

„Við förum hratt fram hjá 1,5 °C-línunni og það mun halda áfram þar til losun á heimsvísu hættir að aukast," segir Zeke Hausfather, loftslagsrannsóknastjóri hjá Stripe og vísindamaður hjá Berkeley Earth, í samtali við Guardian. Undanfarin tíu ár í röð hafi þegar verið heitustu tíu ár sem mælst hafa og allt bendi til að árið í ár sé þar engin undantekning.

„Okkur tekst greinilega ekki að beygja ferilinn," segir Sofia Gonzales-Zuñiga, sérfræðingur hjá Climate Analytics, við Guardian. Heimurinn sé á leiðinni í 2,7 °C hlýnun með tilheyrandi hörmulegum hitabylgjum, flóðum, hungursneyð og óeirðum.

Gavin Schmidt, loftslagsfræðingur hjá NASA, segist aldrei hafa trúað á að unnt yrði að halda jörðinni við 1,5 °C-markið. „Það kemur hvorki mér, né flest öllum öðrum loftslagsvísindamönnum, á óvart að við séum að skjótast fram hjá því," segir hann í grein Guardian. „En við verðum að halda áfram að reyna. Það sem skiptir máli er að við verðum að draga úr losun. Þegar við hættum að hita upp jörðina verður það skárra fyrir fólkið og vistkerfin."

*Ýmislegt áunnist*

Á það hefur verið bent að staðan sé þó í raun betri heldur en á þeim tíma sem Parísarsamkomulagið var gert, árið 2015, en þá var horft til allt að 4 °C hækkunar á hitastigi jarðar. Nú aukist framboð ódýrrar og hreinnar orku hröðum skrefum og búist sé við að eftirspurn eftir olíu nái hámarki í lok þessa áratugar. Hvert gráðubrot sem takist að koma í veg fyrir í hlýnun skipti afar miklu máli.

„Við færumst sífellt nær tímamótum í loftslagskerfinu sem við munum ekki geta snúið aftur frá; það er óvíst hvenær þau verða, þau eru næstum eins og skrímsli í myrkrinu," segir Grahame Madge, talsmaður loftslagsmála hjá bresku veðurstofunni. */sá*

# Lök kornuppskera á landinu

## – Óvenjumikið slegið sem grænfóður

**Samkvæmt bráðabirgðatölum bendir allt til að uppskera af þurru korni sé umtalsvert minni í ár miðað við síðasta haust.**

Kornræktendum heldur áfram að fækka og voru 13 færri nú í ár en í fyrra. Að meðaltali var uppskera um 2,2 tonn af þurru korni á hvern hektara.

Að sögn Borgars Páls Bragasonar, hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, er samdrátturinn um 3.000 tonn, og þó ekki sé um alveg endanlegar tölur að ræða gefi þær mjög sterkar vísbendingar um niðurstöðurnar. „Það vantar enn tölur inn í þetta sem breytir þó ekki heildarmyndinni," segir hann.

*Óvenjumikið slegið sem grænfóður*

Spurður um ástæður þess að kornræktendum haldi áfram að fækka, í því ljósi að stjórnvöld séu byrjuð á að skapa skilyrði fyrir aukinni kornrækt, segir Borgar að árferðið ráði sennilega mestu um það og um langtímaverkefni sé að ræða.

„Það hefðu trúlega fleiri sáð korni í vor ef það hefði ekki verið svona kalt og blautt, einkum á Suður- og Vesturlandi, og Norðanlands var víða ekki hægt að komast um til að sá korni. Veðurfarslega þá var þetta mjög vont kornræktarár og uppskerutölurnar bera vott um það. Óvenjumargir kornakrar voru til dæmis slegnir sem grænfóður því fyrirséð var að kornið myndi ekki ná þroska."



Kalt og blautt vor varð til þess að margir kornbændur ákváðu að sá ekki í kornakra sína. Mynd / smh

*Gæðum veðurfarsins misskipt*

Í umfjöllun Bændablaðsins í september kom fram að tíðarfar hafi almennt verið mjög óhagstætt á Norðvesturlandi og Vesturlandi. En til dæmis í Eyjafirði og á Suðurlandi hafi sums staðar verið mjög óhagstæð veðurskilyrði en annars staðar á þessum landsvæðum alveg ákjósanleg. */smh*




# Vinnur þú ferð á HM karla í handbolta?

## Allir sem versla stein- eða bætiefni á desembertilboði fara í glæsilegan HM pott!



**Saltsteinn natur**
10 Kg - Verð: 1.690 kr.
20% afsl: 1.352 kr.



**Saltsteinn plus**
10 Kg - Verð: 2.391 kr.
20% afsl: 1.913 kr.



**Uniblock**
10 Kg - Verð: 4.299 kr.
20% afsl: 3.439 kr.



**Vitablock**
10 Kg - Verð: 3.690 kr.
20% afsl: 2.952 kr.



**Mineraleimer**
25 Kg - Verð: 8.289 kr.
20% afsl: 6.631 kr.



**Universal Schale**
15 Kg - Verð: 4.990 kr.
20% afsl: 3.992 kr.



**Phosphoreimer**
20 Kg - Verð: 8.990 kr.
20% afsl: 7.192 kr.



**Curavit - Kálfaskituduft**
5 Kg - Verð: 15.990 kr.
20% afsl: 12.792 kr.



**DairyPilot**
20 Kg - Verð: 9.707 kr.
20% afsl: 7.766 kr.



**Prophos Keragen**
25 Kg - Verð: 10.075 kr.
20% afsl: 8.060 kr.



**Somi-mg**
25 Kg - Verð: 7.606 kr.
20% afsl: 6.085 kr.

## Öll stein- og bætiefni frá Josera með 20% afslætti í desember!

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is



# KS innleysti Búsældarbændur

**Kaupfélag Skagfirðinga leysti til sín eignarhlut þeirra þrettán bænda sem féllust ekki á sölu á hlut sínum í Kjarnafæði Norðlenska í gegnum eignarhaldsfélagið Búsæld.**

Meginhluti þeirra bænda sem áttu hlut tóku ákvörðun um að selja eignarhlut sinn í Búsæld til KS við kaup þess á Kjarnafæði Norðlenska en þrettán bændur héldu enn eftir sínum hlut. Meðal þeirra var Þórarinn Ingi Pétursson alþingismaður. Hins vegar tilkynnti KS að félagið myndi krefjast innlausnar á þeim eignarhlutum á grundvelli hlutafjárlaga. Í þeim segir að ef einn hluthafi á meira en 90 prósent í félagi getur hann ákveðið að aðrir hluthafar skuli sæta innlausn á hlut sínum. Samkvæmt upplýsingum fengu bændurnir þrettán sama verð fyrir hlut sinn og aðrir fyrrum hluthafar í Búsæld. */ghp*

## Rannsókn:

# Hvað hefur áhrif á líðan bænda?

**Valgerður Friðriksdóttir stendur fyrir rafrænni könnun þar sem hún skoðar hefðir og aðbúnað bænda á Íslandi.**

Könnunin er hluti af undirbúningsvinnu fyrir lokaverkefni við sálfræðideild Háskólans á Akureyri þar sem hún ætlar meðal annars að skoða hvernig bændur meta andlega heilsu sína og hvað hefur áhrif á líðan þeirra. Helsti hvatinn að þessari vinnu Valgerðar er skýrslan Líðan og seigla íslenskra bænda sem kom út í febrúar. Þar kom fram að bændur séu líklegri til að upplifa einkenni streitu en aðrar stéttir.



Valgerður Friðriksdóttir.

Við lestur skýrslunnar vöknuðu fjölmargar spurningar hjá Valgerði og vill hún kanna nánar hverjir áhrifaþættirnir eru til þess að hægt sé að vinna að lausnum. Rannsóknarspurningin hefur ekki verið fullkomlega mótuð, en Valgerður reiknar með að fá skýrari mynd á hana þegar hún verður búin að vinna úr gögnum könnunarinnar.

Meðal fyrstu niðurstaðnanna í könnun Valgerðar kemur fram að stór hluti bænda sem hefur svarað býr á jörð þar sem sama ættin hefur verið í búskap lengur en í öld. Valgerður vill kanna hvort og hvaða áhrif það gæti haft á líðan bænda að vera með vinnu margra kynslóða á undan sér í fanginu.

Rétt rúmur helmingur starfandi bænda sem hafa svarað þykir umræðan um landbúnað vera frekar neikvæð. Samkvæmt gögnunum sem Valgerður hefur nú þegar safnað dregur neikvæð umræða úr samstöðu og eykur félagslega einangrun innan bændastéttarinnar. Valgerður er yfirleitt kölluð Vala og stundar búskap ásamt eiginmanni sínum á Gunnarsstöðum 5 í Þistilfirði. Könnunin er ennþá opin og hefur Valgerður auglýst hana í Facebook-hópum bænda. */ál*




Land og skógur

AUGLÝSIR STYRKI TIL VARNA GEGN LANDBROTI

Við forgangsröðun verkefna verður m.a. höfð hliðsjón af verðmati þess lands eða mannvirkja sem landbrotið ógnar.

Umsóknarfrestur er til og með
1. febrúar 2025

Frekari upplýsingar veitir Sigurjón Einarsson
í tölvupósti: sigurjon.einarsson@landogskogur.is
eða í síma: 856-0432, www.landogskogur.is

Land og skógur


## Matvælaráðuneytið:

# Kortleggja ræktarlönd

## – Markmiðið að vinnan nýtist við skipulagsgerð sveitarfélaga

**Matvælaráðuneytið ætlar að ráðast í kortlagningu á gæðum ræktarlands á Íslandi.**

Verkefnið verður unnið á grunni þingsályktunartillögu sem Alþingi samþykkti síðasta vor um landsskipulagsstefnu áranna 2024 til 2038 og tekur einnig mið af þeim áherslum sem birtast í landbúnaðarstefnu til ársins 2040 og samþykkt var á Alþingi í júní 2023.



**Verkefni matvælaráðuneytisins um kortlagningu ræktarlanda verður unnið á grunni þingsályktunartillögu sem Alþingi samþykkti síðasta vor um landsskipulagsstefnu áranna 2024 til 2038.** Mynd / smh

### *Áhersla lögð á góð ræktarlönd*

Markmið kortlagningarinnar verður að gæði ræktunarlands verði kortlögð út frá bestu fáanlegu gögnum og nýtist við skipulagsgerð sveitarfélaga og við aðra stefnumótun um landnotkun til að tryggja megi fæðuöryggi.

Land verður flokkað í fjóra flokka í samræmi við leiðbeiningar um flokkun á landbúnaðarlandi, sem gefnar voru út í mars 2021, en þær unnu þau Guðni Þ. Þorvaldsson, Guðrún Lára Sveinsdóttir og Salvör Jónsdóttir fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Í tilkynningu úr ráðuneytinu kemur fram að megináhersla verði lögð á land sem skilgreint er í flokkana „mjög gott ræktunarland“ og „gott ræktunarland“ en land sem fellur í þessa flokka kunni að verða undirstaða fæðuöryggis til lengri tíma litið. Byggt verði á fyrirliggjandi gögnum og eins og kostur er, í samræmi við áðurnefndar útgefnar leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands.

Afurð verkefnisins verði landupplýsingagrunnur sem sveitarfélög geta nýtt við flokkun á landbúnaðarlandi og stefnumörkun um nýtingu í skipulagsáætlunum í samræmi við lög.

Landupplýsingagrunnurinn verður í sameiginlegri umsjón Lands og skógar og Skipulagsstofnunar.

### *Undirstaða skipulagsgerðar*

Landsskipulagsstefna var unnin á grundvelli skipulagslaga og laga um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála. Hún felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum fyrir landið í heild og er útfærð með skipulagsgerð sveitarfélaganna, auk haf- og strandsvæða. Í landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að alltaf sé uppfærð stefna um skipulag miðhálendisins, en einnig samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, sveitarstjórnarmál, húsnæðismál, náttúruvernd og orkunýtingu.

Í umfjöllun Bændablaðsins um landsskipulagsstefnuna í desember á síðasta ári var haft eftir Ólafi Árnasyni, forstjóra Skipulagsstofnunar, að sveitarfélög eigi að taka mið af gildandi landsskipulagsstefnu við skipulagsgerð sína. Ákvæði séu í skipulagslögum um að sveitarfélög skuli gera það við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim – og beri þeim að samræma þær landsskipulagsstefnunni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar.

Í landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að allt ræktunarland sem hentar til matvælaframleiðslu sé kortlagt, með það að markmiði að standa vörð um gott ræktunarland til að tryggja fæðuöryggi.

Tilgangurinn er að stuðla að því að landsþekjandi upplýsingar liggi fyrir sem verði undirstaða fyrir skipulagsgerð sveitarfélaganna og að sá gagnagrunnur sem verður til sé uppfærður eftir því sem upplýsingar verða betri. */smh*

## Samfélag:

# Vinna þarf gegn einsemd

## – Kvenfélagasambandið kallar stjórnvöld til ábyrgðar

**Tvö hundruð og tuttugu konur sóttu fertugasta landsþing Kvenfélagasambands Íslands (KÍ).**

Var það haldið á Ísafirði um miðjan október sl. Fjölbreytt starf var á þinginu og margt til fræðslu, skemmtunar og umræðna. Til dæmis var rætt hvernig kvenfélögin gætu veitt konum af erlendum uppruna stuðning á sínum svæðum og hvernig félögin gætu stutt við fólk sem glími við einsemd og einmanaleika.

Þingið sendi frá sér ályktun varðandi einsemd og voru þingfulltrúar sammála um að leggja sitt af mörkum með sérstökum verkefnum til að vinna gegn einsemd og einmanaleika á næstu árum. „40. landsþing KÍ ... vekur athygli á þeirri samfélagslegu vá sem stafar af vaxandi einsemd fólks. Þingið leggur áherslu á að unnið verði markvisst gegn einmanaleika og kallar stjórnvöld til ábyrgðar,“ segir í ályktuninni.



**Forseti KÍ ásamt gestgjöfum frá Sambandi vestfirskra kvenna í hátíðarkvöldverði í Bolungarvík. F.v. Dagmar Elín Sigurðardóttir, forseti KÍ, Andrea Gylfadóttir veislustjóri, frá Kvenfélaginu Hvöt í Hnífsdal, Gyða Björg Jónsdóttir, formaður Sambands vestfirskra kvenna, Guðrún Anna Finnbogadóttir, Steinunn Guðmundsdóttir og Silja Bára Ísafoldardóttir, allar í stjórn SVK.** Mynd / Silla Páls

### *Ályktað um andlega heilsu*

Kvenfélagskonur láta sig ýmis málefni varða og voru andleg heilsa og heilbrigðisþjónusta meðal umræðuefna sem þingfulltrúar höfðu áhyggjur af. Um það var ályktað: „40. landsþing KÍ ... hvetur landsmenn til að huga vel að andlegri heilsu sem meðal annars er hægt að gera með því að njóta gæðastunda með fjölskyldu og vinum. Gott er að reyna að aðskilja vinnu og einkalíf og fjölga þeim stundum þar sem öll fjölskyldan kemur saman, talar við hvert annað, deilir áhugamálum og nýtur samvista.“

Þá voru stjórnvöld í ályktun hvött til að efla og bæta heilbrigðisþjónustu í landinu. „Efla þarf fræðslu og forvarnir fyrir landsmenn sem getur bætt lífsgæði okkar og sparað í heilbrigðiskerfinu,“ segir þar.

### *Fleiri kvenfélög geta verið með*

Lögum sambandsins var breytt í þá veru að nú geta stök kvenfélög á svæðum þar sem ekki er starfandi héraðssamband innan KÍ, sótt um beina aðild. Í stjórnarkosningu voru Dagmar Elín Sigurðardóttir forseti og Magðalena K. Jónsdóttir í endurkjöri og voru þær kosnar til næstu þriggja ára. Þá var Rósa Marinósdóttir, frá Kvenfélaginu 19. júní á Hvanneyri, kosin meðstjórnandi til næstu þriggja ára.

KÍ var stofnað árið 1930 sem sameiningar- og samstarfsvettvangur kvenfélaganna í landinu. Í KÍ starfa nú 17 héraðs- og svæðasambönd með um 4.000 félaga. */sá*


MHG VERSLUN
Husqvarna - finndu kraftinn
Snjóblásari ST424T
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós,belti, rafstart.
Snjóblásari ST330
11,1 HP, vinnslubreidd 76cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.
Snjóblásari ST327
9 HP, vinnslubreidd 69cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.
Snjóblásari ST224
7 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, rafstart.
Husqvarna K770
Steinsög
Sögunardýpt 12,5cm
Husqvarna K970
Steinsög
Sögunardýpt 15,5cm
Husqvarna AM310 MK II SláttuRóbot
1000m2 - 40% halli
Husqvarna AM415X
SláttuRóbot
1500m2 - 40%halli
Husqvarna CEORA 546
SláttuRóbot
50.000m2 - 20% halli
Husqvarna AM550 EPOS SláttuRóbot
10.000m2 - 45% halli
Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl/3kW
Bensín (tvígengis)
Husqvarna 450e
Keðjusög - 2,4kW
Bensín (tvígengis)
SnowEx
Amerískur vetrarbúnaður sem endist
Helixx 12140
Salt- og sanddreifari.
Tekur 535 lítra og allt að 915 lítra með upphækkun.
Helixx 11790
Salt- og sanddreifari.
Tekur allt að 1400 lítra.
Helixx 11780
Salt- og sanddreifari.
Tekur allt að 1100 lítra.
BOMAG FAYAT GROUP
jarðvegsþjöppur - þýsk gæði
Bomag BT 60 e
Jarðvegsþjappa - 71 kg
Bomag BT 65
Jarðvegsþjappa - 68 kg
Bomag BR 95
Jarðvegsþjappa - 92 kg
Bomag BVP 10/30
Jarðvegsþjappa - 46 kg
Bomag BP 10/35
Jarðvegsþjappa - 65 kg
Bomag BVP 18/45
Jarðvegsþjappa - 91 kg
Bomag BPR 25/50
Jarðvegsþjappa - 140 kg
Bomag BPR 35/60 H
Jarðvegsþjappa - 228 kg
Bomag BPR 45/45
Jarðvegsþjappa - 340 kg
Bomag BPR 60/65 D/E
Jarðvegsþjappa - 460 kg
Bomag BPR 100/80
Jarðvegsþjappa - 695 kg
TYROLIT kjarnaborvélar - gólf- og veggsagir - kjarnaborar - steinsagarblöð
Tyrolit DME33UW
kjarnaborvél - 450mm
Tyrolit DME20PU
kjarnaborvél - 180mm
Tyrolit steinsagarblöð
Tyrolit kjarnaborar
Tyrolit WSE1621
veggsög 20kW - Sögunardýpt 70cm
Tyrolit FSG513P
gólfsög - Sögunardýpt 19,5cm
MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | S. 544 4656 | mhg.is



**Sala á útrunnum matvörum með fölskum merkingum og sviknum fyrningardagsetningum er hratt vaxandi vandamál í heiminum og eitt umfangsmesta matvælasvindlið nú um stundir.**
Mynd / Cryptographic Identity Authentication

**Matvælasvindl:**

# Matvæli fyrir níutíu milljónir evra gerð upptæk

## – Sala útrunninna matvæla færist í vöxt

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

**Matvælasvindl er vaxandi vandamál í heiminum. Engin mál tengd meintum matarsvikum á Íslandi hafa leitt til sekta.**

Í frétt EUROPOL fyrir skemmstu er greint frá því að lagt hafi verið hald á 91 milljónar evru virði af fölsuðum og ófullnægjandi matvælum um alla Evrópu. Samstarfsaðilar Evrópulögreglunnar, sem tóku þátt í svonefndu OPSON XIII-verkefni, hafi tekið 22.000 tonn af mat og 850.000 lítra af drykkjum, einkum áfengi, af markaði.

Sala á útrunnum matvörum með fölskum merkingum og sviknum fyrningardagsetningum er hratt vaxandi vandamál í heiminum og eitt umfangsmesta matvælasvindlið nú um stundir, segir EUROPOL.

Matvælasvindl á alþjóðavísu er talið gríðarlegt og á mörgum sviðum matvælaframleiðslu. Þjóðir hafa tekið saman höndum til að reyna að stemma stigu við því.

Matvælasvindl er það þegar seljandi matvæla villir vísvitandi um eða segir ósatt um innihald matvæla í efnahagslegum ávinningi. Evrópusambandið hefur skilgreint matvælasvindl sem fjórþætt: sem brot á evrópskum reglugerðum, ásetningur er með brotinu, tilgangurinn er gróði og það er verið að svindla, svíkja og blekkja neytendur. Þessi skilgreining er notuð á Íslandi.




**Frægt varð þegar kjöt af gömlum rúmenskum vinnuhrossum var selt sem nautakjöt í Evrópu fyrir um áratug.** Mynd / Science Meets Food

*Með í alþjóðlegum eftirlitskerfum*

Ætla má að Ísland sé ekki laust við matvælasvindl fremur en önnur ríki. Ekki er ljóst hvort eftirlitskerfi hér á landi grípa matvælasvindl svo einhverju nemi. Samkvæmt upplýsingum frá Einari Erni Thorlacius, lögfræðingi á stjórnsýslusviði Matvælastofnunar, hafa engin mál tengd meintum matarsvikum á Íslandi leitt til sekta.

Þekkt dæmi um hérlent matvælasvindl eru einkum tengd íslenskum fiski til útflutnings, og var þá um tegundasvindl að ræða. Á alþjóðavísu er talið að tegundasvindl með sjávarafurðir sé allt að 30 prósent. Jafnframt má ætla að svikin matvæli séu í einhverjum tilfellum seld sem íslensk framleiðsla.

Ísland er í Evrópusamstarfi um eftirlit með matvælasvindli, auk þess að vera í sérstöku norrænu samstarfi. Herdís M. Guðjónsdóttir, fagsviðsstjóri hjá Matvælastofnun, segir Evrópusambandið halda utan um gagnabanka þar sem neytendur geti leitað eftir málum sem upp hafa komið og skoðað vörumerki í tengslum við matarsvindlsmál. Norðurlöndin miðli með sér lærdómi og samræmi aðgerðir.

„Ísland er meðlimur í Evrópska hraðviðvörunarkerfinu um hættuleg matvæli og fóður (RASFF) og þar er m.a. flokkur um matvælasvindl (*e. Food Fraud*). Árið 2023 komu alls 758 tilkynningar um matvælasvindl í gegnum kerfið en í heildina voru RASFF-tilkynningar 4.695 talsins,“ útskýrir Herdís.

Ein tilkynning tengd Íslandi kom frá RASFF á þessu ári, hinn 5. nóvember sl., um E-coli bakteríu í hakki úr kinda- og nautakjöti, en nokkrum dögum áður höfðu leikskólabörn veikst af neyslu kjöthakks.

*Landbúnaðarmatvælasvik af ýmsu tagi*

Ísland er jafnframt meðlimur í samtökum ESB um landbúnaðarmatvælasvik (*e. EU Food Fraud Network*) sem komið var á legg í kjölfar stórs hrossakjötshneykslis árið 2013 þar sem hrossakjöts í kjötafurðum var ekki getið og kjöt af gömlum hrossum selt sem nautakjöt.

Sem dæmi um samræmdar eftirlitsaðgerðir Evrópusambandsríkjanna vegna matvælasvika frá árinu 2013 má nefna aðgerðir varðandi svikið hrossakjöt, ólögleg viðskipti tengdum flutningi katta og hunda milli landa, plastefni í snertingu við matvæli, hunangssvindl, fölsun á jurtum og kryddi, m.a. oregano, Covid-19 fæðubótarefni, sölu matvæla gegnum netið og fölsun fiskitegunda.

*Unnið með EUROPOL*

Herdís segir matvælasvik mjög umfangsmikið vandamál og það setji matvælaöryggi í hættu. Algengustu tilfelli matvælasvindls séu í vörutegundum á borð við ólífuolíu, víni og lífrænt vottuðum vörum auk þess sem mikið sé svindlað með fisk- og kjöttegundir.

Hún segir að auk þess sem Ísland sé innan vébanda EU Food Fraud Network, sem spanni Evrópu, þá séu alþjóðlegar fréttir um matvælasvindl vaktaðar. Tollstjóraembættið og Matvælastofnun hafi í mörg ár tekið þátt í svokölluðu OPSON-verkefni sem stjórnað er af EUROPOL ásamt öðrum EU- og EFTA-löndum og einkennist af hnitmiðuðum, tímabundnum átaksverkefnum gegn matvælasvindli. Upptaka falsaðra og ófullnægjandi matvæla nú síðast var þrettánda OPSON-verkefnið.

*Svikamyllur útrunninna matvæla*

Fram kemur hjá EUROPOL að rannsakendur víðs vegar um Evrópu hafi tekið sérstaklega eftir áframhaldandi þróun svika í að selja útrunninn mat en það reis í hæstu hæðir eftir Covid-faraldurinn. Svindlarar komi sér t.d. inn í sorpförgunarfyrirtæki og komi þar höndum yfir útrunnin matvæli sem eigi að eyða. Eftir að hafa einfaldlega máð af og endurprentað fyrningardagsetningar, eða prentað út og fest nýja merkimiða, eru útrunnu vörurnar settar aftur inn í aðfangakeðjuna. Að því er varðar fölsuð og ranglega skilgreind matvæli eru ólífuolía og vín með uppruna- og gæðamerkingum (PDO) þær tegundir vara sem verða fyrir mestum áhrifum.

## Helstu atriði matvælasvindls:

- √ Vörusvik í formi þynningar.
- √ Skipt út næringarefnum, innihaldsefnum eða hluta matvæla fyrir annað.
- √ Reynt að fela léleg gæði innihaldsefna eða vara.
- √ Misvísandi og rangar merkingar á vöru, falsaðar fyrningardagsetningar.
- √ Óþekktum og ótilgreindum efnum bætt við matvæli til að auka gæðaeiginleika þeirra.
- √ Fölsun í formi afritunar vörumerkja merkja, pökkunarhugmynda, uppskrifta, vinnsluaðferða o.fl. í efnahagslegum ávinningi.
- √ Utan-hagkerfis-framleiðsla og sala/þjófnaður á ótilkynntri vöru.



EYLÍF

# **Hrein** íslensk fæðubót **frá Eylíf**

*Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7500 kr eða meira*

*Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó*




## Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og **Stronger LIVER,** allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík.

„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra. Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum."

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica kísill frá Hellisheiði
- Kollagen frá Grindavík og Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

algalíf




**Friðrik Benediktsson er einn af öflugustu langhlaupurum landsins. Hann var meðal annars þátttakandi í heimsmeistaramóti landsliða í bakgarðshlaupum í Elliðaárdal nýlega. Friðrik þakkar Active JOINTS frá Eylíf að liðverkir hafi minnkað og hann er orkumeiri.**

Friðrik hefur hlaupið maraþon nokkrum sinnum en stundar mest enn lengri hlaup. Lengst hefur hann hlaupið 220 km í einni ferð. Hann byrjaði að hlaupa fyrir sex árum og viðurkennir að það hafi verið það erfiðasta sem hann hafi gert á þeim tíma. „Ég hélt að ég myndi ekki lifa það af. Var samt ákveðinn í að halda áfram og gafst aldrei upp," segir hann. „Ég byrjaði nú bara á þremur kílómetrum en þeir urðu fljótt fleiri."

Þegar hann er spurður hvernig hann hafi kynnst **Active JOINTS** frá Eylíf, svarar hann: „Ég fann fyrir þreytu í hnjám og liðverkjum eftir allt hlaupið svo ég fór að skoða fæðubótarefni. Ég var staddur í Krónunni þegar ég rakst á **Active JOINTS**. Hélt fyrst að um væri að ræða erlenda vöru. Það var því virkilega ánægjulegt að sjá að þetta er íslensk vara, unnin úr hágæða náttúrulegum hráefnum," segir hann.

**Friðrik segir að það hafi komið sér á óvart hversu fljótt hann fann mun á sér eftir að hann byrjaði að taka inn Active JOINTS. „Það liðu ekki nema tvær til þrjár vikur og þá tók ég eftir því að ég var ekki lengur með þessa liðverki og orkan hafði aukist til muna. Ég hef látið marga aðra hlaupara vita af virkni þessarar vöru," segir hann. „Ég get því mælt 100% með Active JOINTS."**





Það er mikil áreynsla fyrir líkamann að hlaupa svo langar vegalengdir eins og Friðrik gerir. Hann segist teygja vel eftir hlaupin og fer gjarnan í heitan pott til að slaka á. „Ég mun halda áfram að taka **Active JOINTS** því það gerir líkamanum gott," segir hann.

Friðrik er alinn upp í Reykjavík en hefur búið í Vestmannaeyjum undanfarin 13 ár, eiginkona hans er ættuð þaðan og eiga þau þrjú börn. Friðrik hleypur 130 km í hverri viku og segir brosandi að Vestmannaeyjar séu eiginlega of litlar fyrir sig. „Við erum nú samt mjög ánægð hér. Ætluðum fyrst að vera í tvö ár en erum hér enn," segir hlauparinn.





Íbúar Reykhólahrepps hefja þátttöku í verkefni Byggðastofnunar á nýju ári.
Mynd / Sveinn Ragnarsson

# Reykhólahreppur tekur þátt í Brothættum byggðum

**Nýverið var samningur um byggðaþróunarverkefni Brothættra byggða undirritaður milli Byggðastofnunar, Reykhólahrepps og Vestfjarðastofu.**

Áætlað er að íbúaþing verði haldið fljótlega á nýju ári þar sem viðstöddum gefst tækifæri á að móta áherslur í verkefninu með hagsmunamál Reykhólahrepps í huga. Sú nýbreytni er að samningur um verkefnið verður til fimm ára, til loka árs 2029, en áður var grunnsamningur til fjögurra ára.

Í Reykhólahreppi eru um 240 íbúar, þar af býr helmingur íbúanna á Reykhólum, en mikið er lagt upp úr tómstunda- og félagsstarfi í samstarfi við nágrannasveitarfélögin.

Þróunarverkefnið Brothættar byggðir hefur hlotið víðtæka sátt á landsvísu samkvæmt könnun sem gerð var meðal styrkhafa fyrir um ári síðan og birtist á vef Byggðastofnunar.

Kristján Þ. Kristjánsson og Helga Harðardóttir, fulltrúar Byggðastofnunar, segja tilhlökkunarefni að hefja verkefnið, nú hið fimmtánda í röðinni – og standi vonir til þess að íbúar hreppsins taki þátt af fullum krafti. Mikill samhljómur hafi verið hjá styrkhöfum um mikilvægi samráðs við íbúa og að unnið sé út frá verkefnisáætlun í hverju byggðarlagi. Nú sé óskað eftir verkefnastjóra sem mun hafa aðstöðu í sveitarfélaginu. */sp*

# Gjaldfrjáls skólaganga

**Leikskóli verður gjaldfrjáls fyrir öll börn í sveitarfélaginu Eyja- og Miklaholtshreppi.**

Tillaga þess efnis var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps þann 14. nóvember sl. Herdís Þórðardóttir, varaoddviti sveitarfélagsins, lagði fram tillögu um að leikskóli verði gjaldfrjáls fyrir öll leikskólabörn í sveitarfélaginu frá og með 1. janúar 2025, en miðað er við vistun að hámarki átta tíma á dag. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Sveitarfélagið hefur þegar fellt út gjöld vegna skólamáltíða bæði




grunn- og leikskólabarna. Þá greiðir það 120.000 krónur með ungbörnum frá tólf mánaða aldri þar til þau fá leikskólapláss.

Íbúar Eyja- og Miklaholtshrepps voru 123 talsins í ársbyrjun 2024. */ghp*

Laxveiði:

# Fjöldi stangveiddra laxa jókst nokkuð milli ára

## – Um 42.400 laxar bitu á agnið í sumar

**Heildarfjöldi stangveiddra laxa árið 2024 var, skv. bráðabirgðatölum Hafrannsóknastofnunar, um 42.400 fiskar.**

Þrjátíu prósenta aukning varð á fjölda stangveiddra laxa í ár, í samanburði við árið í fyrra og veiðitölur þessa árs, um 42.400 fiskar, um tvö prósent undir meðalveiði áranna 1974 til 2023.

Veiðin 2024 var skv. bráðabirgðatölum Hafró um 9.700 löxum meiri en hún var 2023. Aukning var í veiði í ám í öllum landshlutum.

Í tölum um heildarlaxveiði eru taldir villtir laxar, laxar sem upprunnir eru úr sleppingum gönguseiða og einnig þeir laxar sem er sleppt aftur í stangaveiði (veitt og sleppt). Laxveiði í ám sem byggja veiði á sleppingum gönguseiða var alls um 7.300 laxar sem er um 300 löxum minna en veiddist 2023 þegar 7.061 lax veiddist. Frá þessu greinir á vef Hafró.

*Aukning á heildarstangveiði villtra laxa*

Við samanburð á langtímaþróun á stangaveiði þarf að taka tillit til þess að laxar úr gönguseiðasleppingum eru viðbót við náttúrulega framleiðslu ánna og einnig þegar veitt er og sleppt í stangaveiði veiðast sumir fiskar oftar en einu sinni. Þegar litið er til veiða á villtum laxi í stangaveiði eingöngu (ekki úr seiðasleppingum til hafbeitar), og áætlaður fjöldi endurveiddra laxa (veitt og sleppt) dreginn frá, er heildarstangveiði villtra laxa árið 2024 um 35.000 laxar, sem er um 36 prósent aukning frá 2023. Þrátt fyrir aukningu á milli ára þá er veiðin á árinu 2024 undir meðalveiði og hefur verið það síðustu 9 árin.

*Laxadauði í sjó farið vaxandi*

Fjöldi þeirra laxa sem ganga í ár er annars vegar háður fjölda seiða sem ganga úr ánum til sjávar og hins vegar hversu margir lifa sjávardvölina af og skila sér til baka í árnar. Almennt hefur dánartala laxa í sjó í Norður-Atlantshafi farið vaxandi, ástæður þess eru ekki þekktar en bent hefur verið á þætti eins og loftslagsbreytingar, meðaflaveiði, áhrif fiskeldis og breytingar á búsvæðum í fersku vatni.

Sumarið 2024 einkenndist af miklu vatnsrennsli í flestum ám og því mikil breyting frá árinu 2023 þegar lágrennsli var einkennandi. */sá*



Heildarfjöldi stangveiddra laxa sumarið 2024 var um 42.400 fiskar sem er um 30% aukning frá árinu 2023 og 2% undir meðalveiði áranna 1974–2023.
Mynd / Pixabay




Stangaveiði í íslenskum ám frá 1974–2024. Veiðinni er skipt í landaðan afla (blátt), veitt og sleppt (grænt) og veiði úr sleppingum gönguseiða (rautt). Tölur frá 2024 eru bráðabirgðatölur.
Mynd / Hafró






Húsnæði „Gömlu Þingborgar“, sem stendur við þjóðveg 1 og er í eigu Flóahrepps. Þingborgarhópurinn svonefndi hefur haft aðstöðu í húsinu síðustu ár.
Mynd / mhh

# Vilja fá Gömlu Þingborg gefins

**Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt að selja „Gömlu Þingborg“ svonefndu, sem er húsnæði við þjóðveg 1.**

Þingborgarhópurinn, sem er öflugur prjónahópur, hefur haft aðstöðu í húsinu og er þar með ullarvinnslu og verslun.

Á fundi sveitarstjórnar 5. nóvember sl. var tekið fyrir erindi frá hópnum þar sem kemur fram að honum hafi verið brugðið að sjá að húsið er komið á sölu. Sala hússins myndi setja starfsemi hópsins í uppnám en hópurinn hefur starfað frá árinu 1990.

Þingborgarhópurinn hefur óskað eftir því við Flóahrepp að húsið verði afhent hópnum til eignar endurgjaldslaust og að sveitarfélagið styðji starfsemi hópsins með því að fella niður gjöld af húsinu. Sveitarstjórn Flóahrepps hefur hafnað erindinu og segist með þeirri ákvörðun vera að gæta að hagsmunum íbúa sveitarfélagsins og fylgja ábyrgri fjármálastjórnun og ráðstöfun eigna sveitarfélagsins.

„Sveitarstjórn ber að gæta jafnræðis í ákvörðunum sínum en ljóst er að ákvörðun um að gefa frá sér eignir eða fella alfarið niður gjöld af eignum skapar fordæmi til framtíðar,“ segir m.a. í bókun sveitarstjórnar. Þá má geta þess að uppsafnað tap á Gömlu Þingborg er um 5,4 milljónir króna á síðustu sjö árum þrátt fyrir innkomnar leigutekjur á þeim árum. Þá hefur viðhaldi og endurbótum húsnæðisins ekki verið sinnt eins og þörf krefur og því ljóst að húsið þarfnast töluverðra endurbóta á næstu árum.

Í Þingborgarhópnum eru 27 konur en fimm af þeim eru búsettar í Flóahreppi. */mhh*






| **Sláttuvélar** | **Listaverð** | **Tilboðsverð** |
|---|---|---|
| ActiveMow R280 hliðartengd - vbr. 2.83m | 1.999.000 | **1.699.150** |
| EasyCut R360 miðjuhengd - vbr. 3.60m | 2.749.000 | **2.336.650** |
| EasyCut R450 miðjuhengd - vbr. 4.50m ***- nýtt!*** | 3.599.000 | **3.059.150** |
| EasyCut F320M framvél - vbr. 3.17m | 2.549.000 | **2.166.650** |
| EasyCut B870 fiðrildi - vbr. 8.70m (2x3.17m) | 5.949.000 | **4.759.200** |



| **Snúningsvélar** | | |
|---|---|---|
| Vendro 680 lyftutengd - vbr. 6.77m | 2.199.000 | **1.869.150** |
| Vendro 900 lyftutengd - vbr. 8.96m | 3.099.000 | **2.634.150** |
| Vendro T1020 dragtengd á vagni - vbr. 10.33m ***- nýtt!*** | 4.399.000 | **3.739.150** |
| KWT1300 dragtengd á vagni - vbr. 13.10m | 5.449.000 | **4.631.650** |



| **Rakstrarvélar** | | |
|---|---|---|
| Swadro S380 einnar stjörnu - vbr. 3.80m | 1.249.000 | **1.061.650** |
| Swadro S460 DB einnar stjörnu dragtengd - vbr. 4.60m | 2.049.000 | **1.741.650** |
| Swadro 710/26T tveggja st. hliðarvél - vbr. 6.20-6.80m | 3.999.000 | **3.399.150** |
| Swadro TC880 tveggja st. miðjuvél - vbr. 7.60-8.80m | 4.999.000 | **4.249.150** |
| Swadro TC1250 fjögurra st. miðjuvél - vbr. 9.8-12.5m | 9.999.000 | **8.499.150** |

Öll verð eru birt án vsk.
og með fyrirvara um villur.

## Comprima CF155XC samstæða




Ein mest selda samstæða
á Íslandi síðustu ár, með
mikla og góða reynslu.

Listaverð: 14.499.000 + vsk.
**Tilboðsverð: 13.774.050 + vsk.**

**Þetta er aðeins brot af úrvalinu frá Krone.**
Verðlistann í heild sinni finnur þú á vefsíðunni okkar
**hesja.is**
Þú getur haft samband við okkur með tölvupósti á
**hesja@hesja.is**
og í síma
**546-0415**

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

2023-2024 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

HESJA

**Hafnarfjörður:** Selhella 1 - Sími 546 0415 | **Akureyri:** Frostagata 2 - Sími 415 6415 | **HESJA.IS**



Teikning / Hlynur Gauti

# Jarðvegsauðlind Íslands

## – Jörðin missir jarðveg hraðar en hann endurnýjast

**Jarðvegur er ein mikilvægasta náttúruauðlind jarðar sem trauðla er hægt að endurnýja. Frjómoldin er aðeins þunn skel á yfirborði jarðar en stendur undir meginhluta matvælaframleiðslu og vistkerfum. Samt sem áður verða svæði sem nema rúmlega stærð Íslands eyðimerkurmyndun að bráð á ári hverju.**

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Jarðvegur hefur aðeins verið til í síðustu 10 prósentum af sögu Jarðar. Fyrstu fjóra milljarða ára Jarðarinnar voru meginlönd hennar rykug og hrjóstrug, með grýtt landslag. Fyrir um 500 milljónum ára varð jarðvegsmyndun lykillinn að því að gera jörðina byggilega.

Við bestu aðstæður og milt loftslag tekur á bilinu 200–400 ár að mynda 1 cm af nýjum jarðvegi. Á blautum, suðrænum svæðum er jarðvegsmyndun hraðari og 1 cm getur myndast á um 200 árum.

*Jarðvegur er takmörkuð auðlind*

Jörðin missir jarðveg hraðar en hann endurnýjast. Land þekur um 29,2 prósent af yfirborði Jarðar. Landbúnaðarjarðvegur er á um 7,5 prósentum af því og á í harðri samkeppni við aðrar þarfir, svo sem mannvirkjagerð. Samkvæmt upplýsingum frá Sameinuðu þjóðunum eiga Jarðarbúar nú eftir nægan jarðveg fyrir u.þ.b. 80–100 uppskerur í viðbót, sem jafngildir aðeins 45–60 ára landbúnaði.

Endurnýjun jarðvegs er því mikilvæg forsenda áframhaldandi matvælaframleiðslu. Með áherslum byggðum á endurheimtarvistfræði eru miklar vonir bundnar við að takist að snúa þessari þróun. Með slíkum aðferðum myndast nýr, heilbrigður jarðvegur, tap jarðvegs lágmarkast og kolefni safnast fyrir. Líffræðilegur fjölbreytileiki eflist sem og hringrásir vatns og næringarefna.

*Jarðvegsdagurinn 5. desember*

Alþjóðlegur dagur jarðvegs er 5. desember. Er hann nýttur til að beina athygli fólks að mikilvægi heilbrigðs jarðvegs og hvetja til sjálfbærrar stjórnunar jarðvegsauðlinda.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO/UNFAO), innan ramma Alþjóðlega jarðvegssamstarfsins (e. Global Soil Partnership), heldur utan um viðburði jarðvegsdagsins. Í ár hefur dagurinn slagorðið Hugum að jarðveginum. Mælum, vöktum, nýtum. Á það að undirstrika mikilvægi nákvæmra jarðvegsgagna og upplýsinga til að skilja eiginleika jarðvegs og styðja við upplýsta ákvarðanatöku um sjálfbæra jarðvegsstjórnun fyrir fæðuöryggi.

*Magn jarðvegs á Íslandi*

Bryndís Marteinsdóttir er plöntuvistfræðingur, verkefnastjóri GróLindar og sviðsstjóri sjálfbærrar landnýtingar og Jóhann Þórsson er vistfræðingur og sérfræðingur á sviði sjálfbærrar landnýtingar með yfirumsjón með landnýtingarhluta loftslagsbókhalds Íslands (LULUCF). Þau eru fyrst spurð að því hver áætlaður heildarmassi jarðvegs á Íslandi sé.

„Fyrst ber að halda því til haga að jarðvegur er hér skilgreindur sem allt jarðefni sem hefur minna en 2 mm kornastærð og gróður fær þrifist í. Áætlaður heildarmassi jarðvegs fer síðan eftir því hvaða forsendur fólk gefur sér. Ef við reiknum með að það sé 1 m þykkur jarðvegur á 45% landsins, það sé 100.000 $km^2$ að flatarmáli og rúmþyngd jarðvegsins sé 0,95 $g/sm^3$, þá fáum við út að heildarmassinn sé 42.750.000 þúsund tonn. Rúmmálið væri 45 $km^3$.

### Jarðvegsflokkun

Jarðvegur er flokkaður í ýmsar gerðir eftir áfoki, lífrænu efni og hversu blautur hann er:

- Bergjörð (leptosol - L)
- Blautjörð (hydric andosol - WA)
- Brúnjörð (brown andosol - BA)
- Frerajörð (cryosol - C)
- Frumjörð (vitrisol - V)
- Mójörð (histosol - H)
- Svartjörð (histic andosol - HA)

Íslenskur jarðvegur er að stærstum hluta eldfjallajörð (andosol). Það er sérstök jarðvegsgerð sem myndast á eldfjallasvæðum heimsins. Einkenni eldfjallajarðar eru frjósemi jarðvegs, lítil rúmþyngd og skortur á samloðun. Þessi skortur á samloðun gerir eldfjallajörð viðkvæma fyrir roföflum, s.s. vindi.

Þetta eru augljóslega gróf nálgun, við vitum t.d. að það er enginn jarðvegur á jöklum og í vötnum, meðalrúmþyngdin er hugsanlega önnur og meðalþykkt jarðvegs er hugsanlega meiri en 1 m. En þetta er stærðargráðan.

Þessar tölur gefa okkur líka forsendur til að meta hraða jarðvegsmyndunar frá ísöld. Ef miðað er við að það séu 10.000 ár frá því að ísöld lauk og jarðvegurinn er 1 m á þykkt, þá hefur að meðaltali myndast um 0,1 mm á hverju ári. Myndunarhraði jarðvegs er mjög hægur og vegna þess þá verðum við að líta á hann sem óendurnýjanlega auðlind,“ segir Bryndís og Jóhann.

*Íslenskur jarðvegur sérstakur*

Þau segja jarðveg skilgreindan á margan hátt en í grunninn sé hann sá hluti lífheimsins sem er undir yfirborðinu þar sem moldarefni myndist. Jarðvegur er hluti af vistkerfum jarðar og gegnir mikilvægu hlutverki þar, er undirstaðan fyrir vöxt plantna og þar með fæðu manna og dýra. Jarðvegurinn er heimur út af fyrir sig samsettur úr fjölda agnarsmárra lífvera, steinefnum og lífrænum efnum. Það eru fleiri lífverur í teskeið af mold en allur mannfjöldinn á jörðinni.

Jarðvegur er mjög fjölbreyttur að gerð og eðliseiginleikum. „Hér á Íslandi er jarðvegurinn á margan hátt sérstakur þegar litið er til annarra svæða á Jörðinni. Vegna mikillar eldvirkni er jarðvegurinn mótaður af eiginleikum gjóskuefna og telst til eldfjallajarðvegs. Slíkur jarðvegur



> Starf og reynsla af landgræðslu eru einstök á heimsvísu ...

hefur gjarnan lága eðlisþyngd, mikla vatnsheldni og litla samloðun. Hann getur líka innihaldið mjög mikið kolefni í samanburði við aðrar jarðvegstegundir. Þetta, ásamt því hvað landið er ungt og jarðvegurinn því sömuleiðis, hefur það í för með sér að jarðvegurinn er auðrofinn, hvort sem er vindrof eða vatnsrof.

Í raun er það þannig að ef ekki er samfelld gróðurhula sem hlífir jarðveginum þá er rof til staðar. Jafnvel ef gróðurhulan er í slæmu ástandi þá getur jarðvegurinn verið að tapa lífrænu efni og kolefni. Við sjáum þetta auðveldlega, svæði nærri gosbeltinu eru gjarnan illa farin af rofi, en þegar fjær dregur þá verður það minna áberandi því þar er jarðvegur þroskaðri og ekki eins rofgjarn,“ segja þau jafnframt.

### *Helmingur tapaður*

Aðspurð um jarðvegstap segja Bryndís og Jóhann að á seinustu 150 árum sé talið að á heimsvísu hafi um helmingur af frjósamasta hluta jarðvegs tapast.

„Á Íslandi hefur einnig allt of stór hluti af jarðvegi fokið í burtu,“ segja þau. „Það hefur ekki verið gert gott heildarmat á því hversu mikill jarðvegur hefur tapast. Jarðvegsrof á Íslandi er hins vegar annars eðlis en annars gerist því þegar íslenskur jarðvegur rofnar þá getur allur jarðvegurinn glatast. Rofabörð eru dæmigerð birtingarmynd slíks rofs. Við getum hins vegar verið viss um að þarna eru gífurlega stórar tölur að baki þegar við horfum til þess hversu mikið af rofnu og illa förnu landi er til á Íslandi.“

Í upphafi hnigna og rofna efstu jarðvegslögin sem eru jafnframt frjósamasti hluti hans. Ef rofið heldur áfram þá geta myndast rofabörð og hætta verður á að allur jarðvegurinn glatist.

Um hver hraði jarðvegstaps er nú miðað við fyrri áratugi segja þau landið enn vera að tapa jarðvegi. „Óvarinn jarðvegur fýkur úr opnum ökrum og rofnu landi á haf út og í rigningu skolast óvarinn jarðvegur út í næstu á ef hann er ekki hulinn gróðri. Hraðinn hefur þó líklega minnkað, m.a. vegna þess að gróðurþekja hefur verið að aukast og á sumum stöðum er allur jarðvegurinn einfaldlega þegar fokinn í burtu.“

### *Stærsta kolefnageymsla jarðar*

Er unnt að setja jarðvegstap á Íslandi í samhengi við jarðvegstap á heimsvísu? Þau segja að því miður teljist um þriðjungur jarðvegs í heiminum vera í hnignun. „Við höfum ekki góðar heildartölur fyrir Ísland en með tilliti til þess hversu rofgjarn jarðvegur hér er í samanburði við jarðveg annars staðar í heiminum, þá er óhætt að meta ástandið slæmt.

Þegar jarðvegur tapast þá glatast frjósama moldin sem matvælaframleiðsla okkar byggir á. Þar sem jarðvegur hefur mikil áhrif á vatnsbúskap svæða, hefur tap á jarðvegi einnig áhrif á vatnið, getur leitt til aukinna flóða eða þurrka. Fjúkandi jarðvegur rýrir líka loftgæði og dregur þannig úr lífsgæðum. Þetta gerist t.d. reglulega við ákveðin veðurskilyrði hér á landi og það hefur verið sýnt fram á að á Íslandi eru einar stærstu rykuppsprettur Jarðar.

Svo má ekki gleyma því að jarðvegur er ein stærsta kolefnageymsla jarðar og við tap á jarðvegi getur kolefnið að einhverju leyti umbreyst í koltvíoxíð sem er gróðurhúsalofttegund. Slík losun á sér reyndar stað frá landvistkerfum, bæði sem hluti af náttúrulegum ferlum, en einnig vegna hnignunar lands. Það er áætlað að stærsta uppsprettan af þessu tagi hérlendis sé frá framræstum mýrum þar sem lífræni jarðvegurinn er smám saman að brotna niður,“ segja þau enn fremur.



Rofabarð. Svæði nærri gosbeltinu eru gjarnan illa farin af rofi, en þegar fjær dregur verður það minna áberandi því þar er jarðvegur þroskaðri og ekki eins rofgjarn. Mynd / Áskell Þórisson



Jóhann Þórsson.



Bryndís Marteinsdóttir.

### *Endurheimt vistkerfa lykillinn*

Um það hvort hægt sé að endurheimta tapaðan jarðveg landsins segja Bryndís og Jóhann að landgræðsla, m.a. endurheimt vistkerfa, sé sú leið sem við höfum til að endurheimta landgæði sem felast í frjósömum jarðvegi.

„Með því að koma upp gróðri á gróðursnauðum svæðum erum við að koma í veg fyrir að jarðvegurinn sem þó er eftir, fjúki í burtu og á sama tíma mynda gróðurleifar efnivið í nýjan jarðveg – en það er afar hægt ferli eins og nefnt var fyrr. Best er því að haga landnýtingu þannig að landhnignun og jarðvegseyðing eigi sér ekki stað.“

Aðspurð hvaða aðgerðir séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir jarðvegstap svara þau því til að sjálfbær landnýting sé sú aðferð sem tiltæk sé til að koma í veg fyrir hnignun eða tap á jarðvegi. Til séu ýmsar leiðir til sjálfbærrar landnýtingar en í grunninn snúist þær allar um að nýta land á skynsaman hátt þannig að ekki sé gengið á gæði jarðvegs og gróðurs.

„Til að þetta sé hægt verðum við að vita hvert ástand hans er og stýra nýtingu okkar út frá þeirri þekkingu. Eða eins og yfirskrift dags jarðvegs í ár er: mælum, vöktum, nýtum. Þannig eru vöktunarmælingar á gróður- og jarðvegsauðlindunum grundvöllur þess að land sé nýtt með sjálfbærum hætti,“ segja þau.

Slík vöktun sé umfangsmikill hluti starfsemi Lands og skógar þar sem m.a. er fylgst með breytingum á ástandi jarðvegs í skógum, mólendi og mýrum. Mörg þessara verkefna tengist loftslagsbókhaldi Íslands sérstaklega en gefi mikilvægar upplýsingar um þessa þætti vistkerfanna sem við nýtum.

„GróLind er svo sérstakt verkefni sem hefur það að markmiði að birta reglulega heildarmat á ástandi gróður- og jarðvegsauðlinda landsins sem, ásamt öðrum gögnum, er hægt að nýta til að stuðla að sjálfbærri landnýtingu,“ útskýra þau.

### *Mælingar á gervitunglamyndir*

Að sögn Bryndísar og Jóhanns var sumarið 2024 lokið við að setja út vöktunarreiti GróLindar en alls hafa verið settir út 918 reitir þar sem ástand jarðvegs og gróðurs verður metið á fimm ára fresti. Næsta sumar hefjist svo fyrstu endurmælingar og verði spennandi að sjá hvaða breytingar hafa átt sér stað.

Þau segja þátttakendum í verkefninu Landvöktun – lyklinum að betra landi jafnframt alltaf að fjölga. Það er verkefni þar sem landeigendur og annar almenningur skráir upplýsingar með hjálp snjallsíma og eru síðan nýttar til að fá fyllri mynd af ástandi og breytingum á ástandi lands.

„Við höfum einnig verið að vinna að spennandi þróunarverkefni með frumkvöðlafyrirtækinu Fléttunni, þar sem verið er að þróa aðferðir til að yfirfæra mælingar GróLindar yfir á gervitunglamyndir þannig að hægt sé að nota þær til að greina ástand lands,“ segja þau. Fram að þessu hafi fyrst og fremst verið horft til jarðvegsrofs. Fyrstu skrefin lofi góðu og í framtíðinni verði vafalaust hægt að byggja landvöktun á slíkum fjarkönnunaraðferðum til að fá reglulega heildarmat á ástandi alls lands á Íslandi.

### *Næst er að hagnýta gögnin*

GróLind er augljóslega afar mikilvæg til að efla þekkingu og yfirsýn hvað varðar stöðu gróðurs og jarðvegs á Íslandi. Þau segja að þegar verkefnið hófst, fyrir sjö árum, hafi helsta hindrunin verið skortur á gögnum um ástand lands og breytingar þar á. „Nú erum við farin að fá gögn og næsta skref er að hagnýta þau gögn sem við höfum safnað. Það þarf að koma upplýsingum á framfæri á þann hátt að þær nýtist landnotendum betur til að stunda sjálfbæra nýtingu,“ útskýra þau.

Eftir áramót fari þau í samtal við landnotendur til að móta betur hvað unnt sé að gera til að tryggja að gögnin nýtist. Framtíðarverkefnin snúi svo því helst að því að ná að miðla gögnunum og leiðbeina landnotendum hvernig þau nýtist til sjálfbærrar landnýtingar.

### *Íslenskri þekkingu fleygir fram*

Hvar skyldu Íslendingar svo standa þekkingarlega miðað við aðrar þjóðir í þessum efnum? Bryndís og Jóhann segja þekkingu á þeim náttúrulegu ferlum sem ráði ástandi lands, og þar með landgæðum á hverjum tíma, hafa fleygt fram á síðustu 20–30 árum hérlendis og Íslendingar standi mjög framarlega í þeim efnum.

„Það birtist m.a. í því að á Íslandi er rekinn Landgræðsluskóli GRÓ og hefur verið frá árinu 2007,“ benda þau á. Hann býður upp á sex mánaða nám hérlendis fyrir sérfræðinga frá þróunarlöndunum. Skólinn var upphaflega stofnaður af Landgræðslu ríkisins og Landbúnaðarháskóla Íslands og þar starfa margir sérfræðingar Lands og skógar sem leiðbeinendur og kennarar. Skólinn er í dag rekinn sem hluti af neti UNESCO og viðurkenndur á sínu sviði.

„Skólinn byggir m.a. á aldargömlu starfi og reynslu af landgræðslu sem er einstök á heimsvísu og mikilvægt að miðla til annarra þjóða sem eru í svipuðum sporum og við vorum áður. Við skulum ekki vanmeta hvað hefur áunnist og hversu dýrmæt og einstök sú þekking er. Okkur ber skylda til að miðla henni,“ segja Bryndís og Jóhann að endingu.

## Vissir þú?

- 95% af fæðu okkar koma úr jarðvegi.
- Það getur tekið allt að 1.000 ár að framleiða einungis 2-3 cm af jarðvegi.
- Jarðvegur gefur af sér 15 af 18 náttúrulegum frumefnum sem eru nauðsynleg plöntum.
- Það eru fleiri lífverur í teskeið af jarðvegi en fjöldi fólks á jörðinni.
- Á síðustu 70 árum hefur magn vítamína og næringarefna í matvælum minnkað verulega.
- 2 milljarðar manna um allan heim þjást af skorti á örnæringarefnum, þekkt sem falið hungur.
- Landbúnaðarframleiðsla þarf að aukast um 60% til að mæta matarþörf á heimsvísu árið 2050.
- Unnt væri að framleiða allt að 58% meiri matvæli með sjálfbærri jarðvegsstjórnun.

*UN/FAO, World Soil Day*



Hjarta heimilisins
Við hönnum innréttingar að þínum þörfum
FRÍFORM 2000 - 2024
Mán. — Föst. 10—17
Laugardaga 11–15
Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562—1500
Friform.is.



Aldís Björk Sigurðardóttir og Guðmundur Steinar Zebitz hjá Kvistabæ í Reykholti í Biskupstungum. Þau eru næststærsti framleiðandi skógarplantna á landinu á eftir Sólskógum við Akureyri. Myndir / ál

## Skógrækt:

# „Tré eru svo margt“

## – Stórtæk framleiðsla á trjáplöntum

**Ástvaldur Lárusson**
astvaldur@bondi.is



**Annar stærsti trjáplöntuframleiðandi landsins er Kvistabær í Reykholti í Biskupstungum. Á bak við fyrirtækið stendur fjölskylda sem keypti reksturinn að fullu árið 2022.**

Sambýlisfólkið Aldís Björk Sigurðardóttir og Guðmundur Steinar Zebitz reka Kvistabæ ásamt foreldrum Aldísar, Sigurði Ársælssyni og Önnu Dóru Guðmundsdóttur. Á hverju ári framleiða þau rúmlega fjórar milljónir trjáplantna af ýmsum tegundum og eru stærstu viðskiptavinirnir stórir aðilar í skógrækt, eins og Land og skógur og fyrirtæki sem framleiða kolefniseiningar. Bændur í hvers kyns skógrækt, ásamt einstaklingum og fyrirtækjum í yndisskógrækt skipa jafnframt stóran sess.

Guðmundur bendir á að þau framleiði nánast eingöngu upp í samninga. „Þetta er næstum því dagvara. Hún rennur út og ef við erum ekki með kaupendur þurfum við að farga henni,“ segir hann. Trjáplöntuframleiðslu fylgja afföll á öllum stigum og er því alltaf sáð umfram pantanir. Ef vel gengur eru til umframplöntur sem seldar eru á almennum markaði.



Þrír til fjórir starfsmenn eru með fullt starf hjá Kvistabæ allt árið, en þegar mest er fer starfsmannafjöldinn upp í fjórtán.

### *Vaxtarverkir í greininni*

Aldís var upphaflega ráðin í vinnu sem ræktunarstjóri og meðeigandi þegar Hólmfríður Geirsdóttir og Steinar Á. Jensen seldu garðyrkjustöðina til hóps fjárfesta árið 2021. Ári síðar urðu breytingar á eigendahópnum og tók fjölskyldan alfarið yfir reksturinn. Síðan þá hafa núverandi eigendur tvöfaldað afkastagetu Kvistabæjar. „Enda stóð fyrir að það yrði mikil uppbygging og aukning í þessum geira,“ segir Guðmundur og vísar þar til mikils áhuga á framleiðslu kolefniseininga með skógrækt.

„Vöxturinn hefur ekki orðið eins hraður og væntingar stóðu til, en við vonum að það verði á endanum. Við getum framleitt hundrað prósent meira með núverandi aðstöðu og tækjabúnaði en við höfum verið að gera. Með smávægilegum breytingum gætum við margfaldað það enn þá meira,“ segir Guðmundur.

Þrátt fyrir að Kvistabær sé vel tækjum búinn er mikil starfsmannaþörf, enda fylgir ræktuninni talsverð handavinna. „Tækin taka bara ákveðna þætti út og létta undir á álagstímum,“ segir Guðmundur. Starfsfólkið þarf að vakta heilbrigði plantnanna, reyta arfa, flokka eftir gæðum, undirbúa fyrir afhendingu og fleira. Í Kvistabæ eru þrír til fjórir heilsárssstarfsmenn og fer starfsmannafjöldinn upp í fjórtán þegar mest er á sumrin.



Plöntunum er sáð í ræktunarbakka þar sem mold, fræ og steinefni eru sett í hvert hólf.

Starfseminni fylgi mikil yfirseta og er sambúðarfólkið á leið í sitt fyrsta frí frá því þau komu inn í reksturinn á sínum tíma. „En þetta borgar laun og stendur undir sér. Allt umfram það fer í uppbyggingu og endurnýjun og viðhald á búnaði,“ segir Guðmundur.

Aldís telur vöxt skógræktarinnar ekki hafa gengið eins og lagt var upp með vegna ákveðinna vaxtarverkja í greininni, en kolefnismarkaðurinn er enn að ná fullum þroska. Ýmis verkefni stoppi á framkvæmdaleyfum sem getur tekið marga mánuði að koma í gegn. Þá þurfa allir kaupendur að gera samninga við gróðrarstöðina með minnst árs fyrirvara.

### *Geta ræktað allt*

„Við kaupum fræ af Landi og skógi eða erlendis frá og fáum ræktunarefni af heildsölum hérna,“ segir Aldís, en það er misjafnt eftir tegundum og eftirspurn hvort sáð sé einu sinni eða tvisvar á ári. Fyrri sáning er í lok vetrar og seinni sáning um mitt sumar. Þær plöntur sem fara í mold í mars geta verið tilbúnar í lok sumars eða vorið eftir. Sumir viðskiptavinir vilja að plönturnar fái að vaxa lengur og eru þær afhentar tveggja ára gamlar. Aðalafhendingartíminn er annars vegar í maí og júní og hins vegar ágúst og september, en Aldís tekur fram að það sé ekkert því til fyrirstöðu að gróðursetja allt árið svo lengi sem ekki er frost í jörðu.

Um miðjan vetur eru stiklingar af ösp og víði klipptir úti í skógi. Þeir eru svo geymdir í frysti þangað til að það er tímabært að setja þá í ræktunarmold. „Það þýðir ekkert að taka hráefni af hvaða ösp sem er. Hún þarf eiginlega að vera ættbókarfærð,“ segir Guðmundur, en kaupendur asparplantna vilja vita hvernig þær standa sig við mismunandi aðstæður á ólíkum stöðum.

Í Kvistabæ er langmest ræktað af birki, furu og ösp, en greni, víðir og reynir skipa einnig stóran sess. Tegundaúrvalið ræðst af samningum á hverjum tíma en Aldís og Guðmundur segja að þau gætu ræktað nánast allt. Aðspurð segir parið að natni og þolinmæði sé lykillinn að því að gera góða skógarplöntu.

Ræktun hefur alltaf legið vel fyrir Aldísi, en hún segist hafa séð tré í miklum ævintýraljóma þegar hún var krakki. „Tré eru svo margt. Þau veita okkur skjól, binda kolefni, miðla vatni, stuðla að hringrás næringarefna og gefa okkur timbur. Þá skapa þau búsvæði fyrir þúsundir tegunda,“ segir Aldís.

## 5 hlutir sem Aldís og Guðmundur geta ekki verið án



**1. Starfsfólk:** „Þetta er svo mikil handavinna.“



**2. Vökvunarbómur:** „Svo við þurfum ekki að handvökva allt.“



**3. Ausan** (skotbómulyftarinn): „Það er ekki gerlegt að hreyfa þunga hluti nema með lyftara.“



**4. Sáningarvélin:** Hún setur mold og fræ í plastbakkana.



**5. Handklippur:** „Það er eitthvað sem allir starfsmenn þurfa að hafa.“



Nýjustu gróðurhúsin í Kvistabæ.



Eigendur Kvistabæjar hafa látið slétta stórt malarplan til þess að stækka athafnasvæðið utandyra.

**Jólatréssala!**

Allar helgar fram að jólum
er opin jólatréssala að Snæfoksstöðum í Grímsnesi.
Notaleg samverustund fyrir alla fjölskylduna.
Markaður í skemmunni þar sem ýmislegt handverk er til sölu.
Kakó og lummur í boði.
Þú getur sagað þitt eigið jólatré í skóginum
eða valið tré sem við höfum sagað fyrir þig,
einnig erum við með tröpputré, bakka og eldivið til sölu.
**Opið er:**
**laugardaga og sunnudaga frá klukkan 11-16**
**og mánudaginn 23. des Þorláksmessu er opið 11-16**

**Skógræktarfélag Árnesinga**








ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874
EINFALDLEGA HLUTI AF JÓLUNUM
VELJUM AÐEINS ÞAÐ BESTA UM HÁTÍÐARNAR
Íslenska lambakjötið á sérstakan stað í hjörtum þjóðarinnar um jólin, enda hefur það leikið aðalhlutverkið á hátíðarborðum landsmanna lengur en elstu menn muna. Það er órjúfanlegur hluti af hverju einasta jólahlaðborði og í hugum margra algjörlega ómissandi á aðfangadagskvöld.
Skoðaðu hátíðlegar lambauppskriftir á islensktlambakjot.is
PROTECTED DESIGNATION OF ORIGIN
EXTRA VIRGIN OLIVE OIL
ORIGINAL
Aceto Balsamico

## Hestamennska:

# Dýrmætt fjölskyldusport



Hulda Finnsdóttir
hulda@bondi.is

**Eitt af því sem heillar svo við hestamennsku er að með henni geta heilu fjölskyldurnar notið reglulegra samverustunda, tíma sem oft er af skornum skammti í hröðu þjóðfélaginu. Í Kópavogi býr ein slík. Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Petra Björk Mogensen verja flestum stundum, utan vinnu, saman með börnunum sínum og hrossum.**




Öll fjölskyldan saman á hestbaki á aðfangadag í fyrra. Frá vinstri: Petra Björg Mogensen, Guðmundur Orri, Harpa Rún, Hulda María, Ragnar Bjarki og Sveinbjörn Sveinbjörnsson. Mynd / Einkaeign

Sveinbjörn og Petra hafa bæði stundað hestamennskuna frá barnsaldri. „Ég er alinn upp við þetta hálfpartinn. Byrja af alvöru við tíu ára aldur og var þá ekki aftur snúið. Þá fór allt að snúast um hestana og svo sem verið þannig síðan,“ segir Sveinbjörn.

Petra kynntist hestum í hesthúsahverfinu í Reykjavík, „Neðri-Fáki“, en hún ólst upp í Fossvogi og gekk daglega heiman frá sér niður í hverfið til að fá að umgangast hross. „Ég var bara ein úr minni fjölskyldu sem hafði áhuga á hestum. Ég keypti mér fyrsta hestinn fyrir fermingarpeningana. Þegar ég ákvað að fara í sveit í kringum 13 ára aldurinn var hlegið að mér og sagt að ég yrði komin heim eftir viku. Ég endaði á að fara tvö sumur á Berg á Snæfellsnesi og var síðan nokkur sumur á Leirubakka í Landsveit.“

Petra og Sveinbjörn kynntust síðan í gegnum hestana en þau stunduðu bæði nám við Fjölbrautaskólann í Ármúla. Myndaðist þar góður hópur af krökkum sem öll höfðu áhuga á hestum og halda þau enn hópinn í dag.

### *Allir saman í þessu*

Háskólanám og barneignir var það næsta sem tók við hjá parinu en saman eiga þau fjögur börn; Huldu Maríu, 20 ára, Ragnar Bjarka, 17 ára, Guðmund Orra, 15 ára og Hörpu Rún, 8 ára.

„Við eignuðumst þrjú börn á fimm árum og var þá hestamennskan aðeins minnkuð en samt alltaf með. Nú erum við eiginlega alveg „all in“ – ríðum út okkur til skemmtunar, krakkarnir taka þátt í keppnum, við ræktum hross og förum í hestaferðir á sumrin. Allir taka þátt, Hulda og Ragnar eru alveg á kafi í þessu, Gummi kemur með okkur í hestaferðirnar á sumrin og svo örverpið, hún Harpa, sem ég held að sé mesti hesthausinn af þeim,“ segir Petra og hlær. „Hún er mjög mikil dýrakona og til í að eyða öllum stundum í hesthúsinu.“

Petra og Svenni eru afar þakklát fyrir að börnin vilji taka þátt í hestamennsku, enda myndi slíkt fjölskyldulíf ekki ganga upp annars.

„Ef þetta væru bara ég og Svenni, þá værum við ekki að eyða svona miklum tíma í þetta. Það sem gerir þetta svona skemmtilegt er samveran með krökkunum. Við erum bæði í krefjandi vinnu og krakkarnir í öðrum íþróttum líka svo stundum getur þetta orðið svolítið mikið. Dagurinn byrjar oftast klukkan sex á morgnana á ræktinni, svo fullur vinnudagur og í kringum háannatímann erum við kannski að koma heim úr hesthúsinu í kringum ellefu. Við myndum samt ekki vilja hafa þetta neitt öðruvísi,“ segir Petra.



Fjölskyldan unir sér vel í hesthúsinu. Harpa Rún situr Berlín frá Barkarstöðum sem ræktuð er af fjölskyldunni. Mynd / hf

Undir það tekur Svenni. „Við höfum líka alltaf passað okkur á því að gefa krökkunum tíma. Þó hann sé kannski oft af skornum skammti að þá höfum við alltaf lagt mikla áherslu á að sinna börnunum og þeirra hestamennsku en við teljum að það spili mikið inn í að viðhalda áhuganum hjá þeim. Hestmennskan er alls konar og þarf þetta að vera á forsendum hvers og eins á hverjum tíma. Til að mynda var Petra í tvö ár meira og minna hlaupandi hér um hverfið teymandi undir Hörpu og með henni í reiðhöllinni sem skilar sér í miklum áhuga og færni.“

### *Sprettarar*

Fjölskyldan ásamt foreldrum Svenna er í hestamannafélaginu Spretti í Kópavogi og hafa verið þar frá stofnun þess. Hesthús fjölskyldunnar var flutt úr gamla hesthúsahverfinu í Gusti og sett niður í nýja hverfinu í Spretti.

„Það er mjög gott að vera hér í Spretti. Frábær inniaðstaða sem við notum mikið og góðar reiðleiðir. Hér eru alltaf tveir hringir sem hægt er að fara á veturna sem eru upplýstir og oftast mokaðir. Ekki skemmir líka fyrir hvað við búum nálægt og börnin hafa því getað labbað í hesthúsið.“

Þau geta haft allt að fjórtán hesta á húsi í einu og í dag eru þau með tíu hross á járnum. Þau eru nýbúin að sleppa út hrossum sem þau voru að frumtemja og eru keppnishrossin nú komin á hús.

„Við erum með hross á húsi eiginlega allt árið um kring. Þetta er orðið mjög breytt frá því hvernig þetta var áður. Þá fór maður í sleppitúr í júní og hrossin voru sett út í haga og tekin aftur inn rétt fyrir jól. Nú eftir tilkomu allra þessara innanhússdeilda og hvað keppnistímabilið er orðið langt erum við með hross inni næstum allt árið. Haustið er líka frábær tími til útreiða,“ segir Sveinbjörn og Petra bætir við: „Rúna Einarsdóttir sagði einu sinni við mig að fólk í keppnisíþróttum almennt, eins og hlauparar, tækju sér ekki tveggja til þriggja mánaða pásu heldur minnkuðu frekar álagið tímabundið. Það ætti ekkert að vera öðruvísi með hrossin sem stefnt er með í keppni.“

### *Keppnishestamennskan*

Greinilegt er að keppnir er orðinn ansi stór partur af hestamennskunni hjá fjölskyldunni. Sveinbjörn byrjaði ungur að keppa en Petra ekki fyrr en eftir að hún hafði eignast þrjú fyrstu börnin. „Ég fékk lánaða hryssu á kvennatölt Gusts hjá góðri vinkonu okkar, Berglindi Ragnarsdóttur, Keldu frá Laugavöllum. Ég sagði við Svenna að ef ég ynni þá þyrfti hann að kaupa hana handa mér. Ég fór og vann og við vorum einnig valdar glæsilegasta parið. Svenni keypti hana og mig minnir að ég hafi unnið allt sem ég gat unnið á henni,“ segir Petra.

Í dag hafa þau bæði lagt keppnisstígvélin á hilluna, í bili að minnsta kosti, því börnin hafa tekið við. Hulda og Ragnar voru meðal annars bæði í íslenska landsliðinu á Norðurlandamótinu í sumar. „Eins og það var gaman að þessu að þá er orðið meira gaman að styðja við og fylgja þeim eftir. Áhuginn hjá mér er orðinn miklu meira ræktunarmegin og hef ég meira verið með yngri hrossin. Ég er með trippin sem enginn annar nennir,“ segir Sveinbjörn og Petra samsinnir honum. „Við keyptum hross fyrir nokkrum árum, sem átti að vera fyrir mig og ég sagði að það færi ekki undir krakkana. Áður en maður veit af vantar hross í einhverja keppnisgrein og börnin komin á það. En við höfum mikla ánægju af að fylgja þeim eftir í leik og keppni.“

Samhliða hestamennskunni hafa börnin stundað aðrar íþróttir eins og fótbolta, fimleika og skák. „Við höfum lagt mikið upp úr því að þau hafi stundað líka hópíþróttir, þar sem keppnishestamennska er að miklu leyti einstaklingsíþrótt,“ segir Petra. Samanborið við þær íþróttir sé hestaíþróttin tímafrekari og kostnaðarsamari en á móti veitir hún þeim ógleymanlegar samverustundir.

„Hestamennskan er af allt annarri gráðu, að minnsta kosti hjá okkur. Því þegar maður er farinn að rækta hross, temja, þjálfa, selja og keppa þá er þetta varla orðið áhugamál lengur, frekar lífsstíll. Þetta er bara lífið og okkur finnst það æðislegt.“



Harpa Rún og hundurinn Kolka leika sér á Byl frá Einhamri. Mynd / hf

AXKID BÍLSTÓLALEIGA
HÁGÆÐA AXKID BARNABÍLSTÓLAR TIL LEIGU
Í LENGRI EÐA SKEMMRI TÍMA
1.690 kr. á mánuði
MODUKID INFANT 2 + BASE
NÝFÆDD - CA 9 MÁNAÐA
3.490 kr. á mánuði
SPINKID 180°
0 - 18 KG
3.990 kr. á mánuði
AXKID MINIKID 4
0 - 36 KG
4.990 kr. á mánuði
AXKID ONE 2
0 - 23 KG
2.490 kr. á mánuði
AXKID NEXTKID
100 - 150 CM
LÁGMARKSLEIGA 3 MÁNUÐIR
EKKERT STOFNGJALD
Pantaðu stól á www.bilanaust.is
Veldu afhendingarstað
Stóllinn er tilbúinn sólarhring síðar
Bílanaust FYRIR FÓLK Á FERÐINNI
STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA 12 110 REYKJAVÍK S. 535 9000
STÓRVERSLUN BÆJARHRAUNI 12 220 HAFNARFIRÐI S. 555 4800
Hafnargata 52 260 Reykjanesbæ S. 421 7510
Hrísmýri 7 800 Selfossi S. 482 4200
Furuvöllum 15 600 Akureyri S. 535 9085
Miðvangi 2–4 700 Egilsstöðum S. 471 1244


Við fjármögnum
landbúnaðartæki
Lykill
Fjármögnun

## Brautryðjendur í garðyrkju:

# „Framtíðin er björt í garðyrkjunni“

## – Hólmfríður Geirsdóttir í Jarðarberjalandi í Reykholti segir sérhæfingu til góðs

**Hólmfríður Geirsdóttir garðyrkjubóndi og Steinar Jensen rafvélavirki stofnuðu garðyrkjustöðina Kvista í Reykholti árið 2000. Á starfsferli sínum ræktuðu þau bæði skógarplöntur, berjaplöntur og ber en hafa nú dregið saman seglin og selt garðyrkjustöð sína, Jarðarberjaland.**

Hólmfríður lauk námi við Garðyrkjuskóla ríkisins árið 1982 og hefur starfað við garðyrkju síðan. Hólmfríður hefur séð um ræktunina en Steinar um allt viðhald og uppbyggingu.

„Ég er lærð í garðplöntuuppeldi og skógarplöntuuppeldi. Á þessum tíma voru landshlutaverkefnin að óska eftir framleiðendum á plöntum og voru með útboð í gegnum Ríkiskaup. Við tókum þátt í útboðinu og fengum verkefni. Við fórum því af stað að leita okkur að landi til að reisa garðyrkjustöð og skoða eldri stöðvar og enduðum hér í Reykholti.“



Hólmfríður Geirsdóttir garðyrkjubóndi hefur reynt margt á ferli sínum, ræktað bæði skógarplöntur, berjaplöntur og ber. Mynd / ál

Upphaflega voru þau eingöngu með skógarplöntur í fjölpottabökkum en síðan þróaðist framleiðslan yfir í ýmsar tegundir garð- og skógarplantna, bæði ungplöntur í bökkum og eldri plöntur í pottum. „Þetta var svona aðaluppistaðan hjá okkur en við vorum líka í garðplöntuframleiðslu, trjám og runnum. Það var hugsað fyrir sumarbústaðamarkaðinn hérna í nágrenninu. Svo vorum við með opna sölu á hlaðinu hjá okkur þessi sumur.“

Hólmfríður segir að þetta hafi verið mikil tarnavinna. „Í mars, apríl, maí og júní er verið að fjölga og sá, taka græðlinga og stinga. Það er frekar mannfrek vinna en svo kemur ræktunartíminn yfir sumarið. Á haustin er svo aftur törn þegar þarf að undirbúa plönturnar fyrir vetrardvala, flokkun og pökkun á frystigeymslur. Síðan er rólegra yfir háveturinn. Þá er verið að þrífa bakka og annað, undirbúa og þrífa húsin og svo fer törnin aftur af stað. Þetta er mikil törn yfir sumarið en rólegra yfir vetrartímann.“

Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 ákváðu stjórnvöld að draga saman framlög til skógræktar í landinu. Það hafði þegar mjög neikvæð áhrif á starfsemi Kvista og neyddust þau hjón þá til að draga saman seglin í trjáplönturæktun. „Fyrir hrun vorum við með ágæta samninga við ríkið um skógarplöntuframleiðslu, bæði fyrir landshlutabundnu verkefnin og eins Hekluskóga. Í hruninu var þetta skorið niður um helming. Við vorum búin að reisa fleiri gróðurhús en við hrunið lendum við í að vera með tóm gróðurhús sem er náttúrlega alveg skelfilegt.“

### *Berjarækt töluvert öðruvísi en trjáplönturækt*

Það er vont fyrir reksturinn að vera með tóm gróðurhús og því fóru Hólmfríður og Steinar að leita að nýjum verkefnum. Þá kom verkefnið Atlantberry eins og himnasending en það var sett á fót til að stuðla að framþróun í berjaframleiðslu í atvinnuskyni á Norður-Atlantshafssvæðinu. „Þetta verkefni átti að styrkja og efla ræktun á Íslandi, Grænlandi, Færeyjum og í norðurhluta Noregs. Við tókum þátt og fáum styrk. Gátum í raun leigt hluta af okkar gróðurhúsum í þetta verkefni. Við fengum þannig styrk til að starta þessu og það varð svo til þess að við helltum okkur út í berjarækt í framhaldinu.“

Berjarækt er töluvert öðruvísi en trjáplönturækt. „Það tekur sinn tíma að læra á berjaplöntur og maður er náttúrlega alltaf að læra. Ég var náttúrlega heppin að fá ráðunauta frá Belgíu og Hollandi til mín í gegnum ráðunautaþjónustuna. Þeir lögðu línurnar fyrir mig um hvernig ég ætti að standa að þessu. Ég hef alltaf fengið ráðunaut einu sinni eða tvisvar á ári. Þetta lærist smám saman.“

Hólmfríður og Steinar voru í áratug bæði í trjáplöntum og berjarækt. Hólmfríður segir það fara ágætlega saman. „Trjáræktin er tarnavinna þar sem mikið er að gera á vorin og svo aftur á haustin. Þar er rólegra á sumrin og því gott að hafa berjaræktina sem er meira á sumrin. Ég gat því flutt mannskapinn á milli verkefna.“

Þegar leið að árinu 2020 ákváðu þau samt að draga saman seglin og selja trjáplöntuhluta rekstursins. „Við ákváðum að fara að trappa okkur niður. Við vorum komin með þrjár garðyrkjustöðvar og ansi mikið að gera. Við hugsuðum með okkur að nú væri kominn tími á að róa sig aðeins.“

Þau sneru sér eingöngu að jarðarberjarækt í Jarðarberjalandi sem þau keyptu árið 2017.

Þar eru ræktuð jarðarber allt árið af yrkinu Sonata sem gefur sæt og bragðmikil ber. Berin eru tínd beint í söluöskjurnar og komið í kæli innan við tveimur klukkustundum eftir tínslu. Gróðurhúsið er 3.600 fm og á því eru sex burstir. Hverri burst er skipt í tvennt sem gefur tólf einingar. Með örlítilli einföldun er plantað með viku millibili í hverja einingu. „Þannig rúllar húsið í gegnum allt árið. Þannig að það er alltaf verið að planta og plönturnar á öllum stigum. Bæði nýjar plöntur og verið að klára tínslu á sumum plöntum. Ferlið frá útplöntun og þar til plöntunni er hent er svona fjórir til fjórir og hálfur mánuður.“

### *„Þetta var rosalegt áfall“*

Garðyrkjustöðin varð fyrir þungu höggi árið 2017 þegar Costco kom inn á markaðinn. Salan hrundi en ári síðar var komið jafnvægi á markaðinn. Enn verra áfall varð 22. febrúar 2022 þegar Jarðarberjaland eyðilagðist í aftakaveðri sem gekk yfir Suðurland. Ársframleiðslan var þá um 32 tonn en rúmlega 18 þúsund jarðarberjaplöntur eyðilögðust. „Þetta var rosalegt áfall. Við misstum alveg húsið okkar, það var tvö þúsund fermetrar þá. Það fór alveg. Við vorum nýbúin að græja húsið í mjög gott stand með alveg ágætum búnaði. Ég var búin að stilla ræktuninni eins og ég vildi hafa hana til að hér væri jöfn uppskera allt árið. Þetta fór bara allt saman. Þetta var rosalegt áfall.“

Tryggingar bættu tjónið að hluta en Hólmfríður og Steinar urðu fyrir miklu fjárhagslegu tjóni og ákváðu að hætta rekstri. Mánuði síðar skiptu þau um skoðun.

„Við vorum alveg samtaka í því að hætta en kannski ekki eins samtaka í að hætta við að hætta. Ég held að ég hafi kannski ýtt svolítið meira á að halda áfram. En við urðum sammála um að gera það. Þá settum við allt í gang til að finna sterkara hús sem þolir meira og byrjuðum uppbygginguna aftur.“ Þau rifu gamla húsið og byggðu nýtt 3.600 fm gróðurhús sem þolir meira veðurálag. Með nýjum lömpum og öðrum búnaði ná þau meiri framleiðslugetu. Fyrstu plönturnar voru settar í nýja húsið í desember 2022 og fyrsta uppskera fór á markað í mars 2023. „Fjöldi plantna sem við gróðursetjum yfir árið er svona 95 þúsund plöntur og uppskeran er áætluð sextíu til sextíu og fimm tonn.“ Þau seldu svo Friðheimum Jarðarberjaland nýlega.

Gróðrarstöðvarnar hafa verið að stækka á umliðnum árum en hefur fækkað að sama skapi. Sérhæfing hefur aukist. „Öll sérhæfing er auðvitað til góðs. Það er náttúrlega hagkvæmara að vera með færri tegundir. Vinnan verður léttari.“ Hólmfríður segir að þessi þróun muni halda áfram. „Ég held að þetta sé bara stefnan. Sérhæfingin verði meiri, stöðvarnar stækki og fjölgi vonandi. Ég held að Ísland hafi svo margt að gefa en stjórnvöld verða að stíga betur inn að mínu mati. Það þarf að styrkja nýliðun og uppbygginguna. Þetta snýst um fæðuöryggi.“ */ Pálmi Jónasson.*

*Lengra viðtal við Hólmfríði Geirsdóttur og fleiri brautryðjendur í garðyrkju má nálgast á bondi.is*





## Taktu til hendinni hjá RARIK

**RARIK óskar eftir verktaka til að sjá um þrif á starfsstöð fyrirtækisins við Dufþaksbraut 12 á Hvolsvelli.**

Um er að ræða ræstingu tvisvar í viku. Húsnæðið er 370 fermetrar og er að stærstum hluta skrifstofur, fundaaðstaða, eldhús, snyrtingar og búningsaðstaða. Á starfsstöðinni vinna 13 manns, bæði á skrifstofu og hjá framkvæmdaflokkum.

Ósk um nánari uppýsingar og tilboð má senda á **Guðrúnu Óttarsdóttur**, skrifstofustjóra RARIK á Suðurlandi, í síma 528 9000 eða með tölvupósti á **gudott@rarik.is**.

RARIK ohf | www.rarik.is

RARIK

# Vetrartilboð

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

**Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi innifalin.**
**Sendum frítt um allt land. Geymum steina ef óskað er.**




**TILBOÐ 1 (ljósmynd)**
**Svartur, grár eða paradiso.**
**Sett eins og á mynd**
**585.000**
**án blómarammans**
**485.000**

**TILBOÐ 2**
**Demantur - passar líka á duftleiði**
**149.000 (199.000 með lukt)**




**Svartur**




**Paradiso**




**Blár**




**Grár**

**TILBOÐ 3**
**Sett eins og á mynd - 380.000**
**Svartur, grár eða paradiso**




**Rúmar tvö nöfn**

**VIÐHALDSFRÍR GRANÍTBEKKUR**

**Svartur, grár eða paradiso.**
**Hægt að fá áletrun gegn aukagjaldi.**
**130cm - 150kg**
**frí sending um allt land.**
**230.000 kr**



**s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is**



**Íslandsdeild Samtaka um landbúnað á jaðarsvæðum í norðri. Fv. Aðalsteinn Sigurgeirsson, Guðrún Hulda Pálsdóttir, Þorsteinn Tómasson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Erna Bjarnadóttir og Sigurður Eyþórsson.**

Ráðstefna:

# Heimskautalandbúnaður í breyttum heimi

**Dagana 23.–25. september 2025 verður 12. alþjóðlega ráðstefnan um landbúnað á jaðarsvæðum í norðri haldin í Tromsö í Norður-Noregi.**

Ráðstefnan er haldin á vegum Samtaka um landbúnað á jaðarsvæðum í norðri (Circumpolar Agricultural Association, CAA).

### *Landbúnaður á jaðarsvæðum í norðri*

Samtök um landbúnað á jaðarsvæðum í norðri, (CAA), voru stofnuð árið 1995 en markmið þeirra er fyrst og fremst að skipuleggja reglulegar landbúnaðarráðstefnur.

Samtökunum er ætlað að skapa samræðuvettvang hagaðila og fræðasamfélags um landbúnað á jaðarsvæðum í norðri á breiðum grundvelli.

### *Óskað eftir þátttakendum*

Þátttakendur ráðstefnunnar koma víða að; vísindamenn og bændur, starfsmenn stjórnsýslu, hagsmunaaðila, samvinnufélaga, fyrirtækja, fulltrúar frumbyggjasamtaka og ráðgjafar á ýmsum sviðum.

Stefnt er að þátttöku allra þessara hópa á ráðstefnunni í Noregi.

Yfirskrift ráðstefnunnar er „Heimskautalandbúnaður í breyttum heimi“ og er skipulögð af NIBIO – Norwegian Institute of Bioeconomy. Nú hefur verið kallað eftir útdráttum fyrir möguleg erindi sem munu móta efnistök ráðstefnunnar.

Frestur til að senda inn „abstract“ er til 25. febrúar 2025 og skal senda þau á netfang ráðstefnunnar, CAC2025@nibio.no.

### *Íslandsdeild stofnuð*

Formaður Íslandsdeildar CAA nú er Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur hjá MS, og geta áhugasamir um samtökin og ráðstefnuna einnig snúið sér til hennar með fyrirspurnir. Netfang hennar er ernab@ms.is.

Aðrir í stjórn eru Guðrún Hulda Pálsdóttir, ritstjóri Bændablaðsins, Jóhannes Sveinbjörnsson, dósent við LbhÍ, Aðalsteinn Sigurgeirsson, sérfræðingur hjá Landi og skógi, og Sigurður Eyþórsson, sérfræðingur í matvælaráðuneytinu.

Þorsteinn Tómasson, einn af stofnendum CAA, er stjórninni til ráðuneytis.

*/ghp*

Samfélag:

# Þörfnumst heilbrigðara sambands við tímann

## – Guðfaðir Hæglætishreyfingarinnar með fyrirlestur á Íslandi

**Carl Honoré, sem gjarnan hefur verið kallaður rödd alþjóðlegu Hæglætishreyfingarinnar, verður með fyrirlestur um miðjan desember á Íslandi um ávinning hæglætis.**

Hæglætishreyfingin á Íslandi var stofnuð árið 2021 og er tilgangurinn að tala fyrir og fjalla um hæglæti, þ.e. líf í meðvitund og svar við hraða og streitu samfélagsins. Hreyfingin er kynningar- og umræðuvettvangur fyrir fólk sem hefur tileinkað sér eða hefur áhuga á að tileinka sér hæglæti (e. Slow Living). Formaður er Þóra Jónsdóttir.

Hinn 14. desember nk., kl. 13, stendur Hæglætishreyfingin fyrir viðburði í sal H-102 á Háskólatorgi, þar sem Carl Honoré, talsmaður hinnar alþjóðlegu Hæglætishreyfingar (e. The Slow Movement), kemur fram og flytur fyrirlestur um hugmyndafræði hennar.

Carl Honoré er kanadískur rithöfundur og blaðamaður og hefur verið nefndur rödd Hæglætishreyfingarinnar. Hann hefur skrifað nokkrar bækur um ávinning hæglætis, m.a. bókina Lifum lífinu hægar (e. In Praise of Slow) sem kom út árið 2004.

Carl hefur, að sögn Þóru, vakið heimsathygli fyrir boðskap sinn um ávinning hæglætis og hægara samfélags, hægari og betri ákvarðanatöku, gæði hægari samskipta og margt fleira. Carl er eftirsóttur fyrirlesari og vinnur mikið í Bandaríkjunum en einnig víða annars staðar í heiminum. Huffington Post hefur t.d. sagt hann hinn „óopinbera guðföður vaxandi menningarbreytingar í átt að hæglæti“.

### *Hægara líf hlaðborð af ávinningi*

„Stöðug pressa um að gera allt hraðar hefur þau áhrif að við flýtum okkur í gegnum lífið í stað þess að lifa því í raun og veru,“ segir Carl. „Ef þú gírar þig niður, stígur á bremsuna, nærðu yfirsýn og allt raðast á sinn stað. Þú tengir betur, skapar meira, einbeitir þér betur og afkastar meiru. Þú einfaldlega lifir meira og betur,“ segir hann.



**Kemst þótt hægt fari: Að sögn íslensku Hæglætishreyfingarinnar er ástæða til að efna til vitundarvakningar um gildi hæglætis, þannig að samfélaginu takist að hlúa betur að lýðheilsu, skapa betri og innihaldsríkari félagsleg tengsl og byggja á betri ákvörðunum, teknum í yfirvegun og af skynsemi.**
Mynd / The Slow Movement



**Þóra Jónsdóttir.**



**Carl Honoré.**

Hæglæti er heilt hlaðborð af ávinningi, að sögn Carls, og hann bendir á að við þurfum að búa okkur til heilbrigðara samband við tímann og klukkuna. Hæglæti leiði til betri heilsu, betri tengslamyndunar við annað fólk, og þar með minni einmanaleika, og geri okkur öflugri og meira skapandi, nákvæmari og auki samlíðan okkar, svo eitthvað sé nefnt. Hraðinn í lífinu geri það að verkum að við séum stöðugt að hlaupa frá einhverju en ekki að því.

### *Mjallhvít á sextíu sekúndum*

„Við erum stöðugt að forðast sjálf okkur í miklum hraða,“ segir Carl. Hæglæti gefi manneskjum á hinn bóginn tækifæri til að tengjast sér sjálfum og skilja hverjar þær eru, skilja hvað þær vilji fyrir sig og beina lífinu þangað.

Hann hafi sjálfur verið mjög hraður A-týpu-persónuleiki á yngri árum. Það var ekki fyrr en hann var farinn að leita að æ knappari kvöldsögum fyrir börnin sín til að lesa fyrir þau, vegna tímaskorts, og var að hugsa um að kaupa 60 sekúndna útgáfu af Mjallhvíti og fá hana senda heim með dróna, að hann gerði sér ljóst að hann var á kolrangri leið. Í kjölfarið stakk hann niður fótum og fór að skoða tengsl fólks við hraða og takt og síðan, um tuttugu ára skeið, hefur hann haldið fyrirlestra víða um heim til að reyna að hjálpa fólki að hægja sig niður.

Carl segir að finna megi hæglæti og hraða í flestum nútímasamfélögum og tekur sem dæmi að Ítalir séu afar öflugir í hæglætis-fæðuhreyfingunni en allir þeir sem hafi ekið ítalskar hraðbrautir sjái þar snarpa andstæðu hæglætisins. Sitthvað megi læra af öllum þjóðum heims.

### *Hæglæti er víðtæk forvörn*

„Hraði og streita eru einkennandi fyrir íslenskt samfélag og ástæða er til að efna til vitundarvakningar um að hægt sé að breyta því, þannig að samfélaginu takist að hlúa betur að lýðheilsu þjóðarinnar, skapa betri og innihaldsríkari félagsleg tengsl og byggja á betri ákvörðunum, teknum í yfirvegun og af skynsemi,“ segir formaðurinn, Þóra Jónsdóttir.

Há tíðni kulnunar, neikvæð áhrif og áreiti vegna snjalltækjanotkunar, aukinn einmanaleiki og kvíði séu áskoranir samtímans sem hægt er að vinna gegn með því að auka meðvitund um að það er hægt að velja að lifa hægar og í betri tengslum.

„Hæglæti getur þannig verið víðtæk forvörn gegn uppbyggingu skaðlegrar streitu, hún getur skapað tækifæri og rými fyrir hamingju og heilbrigði,“ segir hún jafnframt.

### *Byrjaði með Slow Food*

Hæglætishreyfingin á rætur sínar að rekja til Hæglætisfæðuhreyfingarinnar (e. Slow-food movement) sem varð til á Ítalíu á níunda áratug liðinnar aldar. Í dag hefur Slow-food breiðst út um allan heim og nýtur verðskuldaðrar hylli. Hæglætishreyfingin teygði sig svo smám saman í ýmsar áttir, m.a. í tískuheiminn með hæg-tísku, í ferðamannaiðnaðinn með hæg-ferðamennsku, í hæg-uppeldi og áfram mætti lengi telja. Hæglætishreyfingin á Íslandi heldur m.a. úti vef og hlaðvarpi.

*/sá*



# Husqvarna

HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

**Þjónustuverkstæði og varahlutir**



***Husqvarna Trowel BG 245***
*Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm*



***Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög***
*Sögunardýpt 19 cm*



***Husqvarna DM230 Kjarnaborvél***
*150 mm Max*



***Husqvarna K770 14" Steinsög/Hellusög***
*Sögunardýpt 12,5 cm*



***Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa***
*97kg, 500 mm Plata*



***Husqvarna FS400 LV gólfsög***
*Sögunardýpt 16,2 cm*



***Husqvarna Rammer Hoppari LT6005***
*230mm Plata, 69 kg*



***Husqvarna K970***
*Sögunardýpt 15,5 cm*



***Husqvarna K4000 Steinsög***
*Sögunardýpt 12,5 cm*



***Husqvarna K3600 Vökvasög***
*Sögunardýpt 27 cm*



***Husqvarna K7000 Ring***
*Sögunardýpt 32,5 cm*



***Husqvarna K7000 Pre Cut***
*Sögunardýpt 14,5 cm*

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Kubota

# Áramótatilboð á heyvinnuvélum







| | Fullt verð | Tilboðsverð |
|---|---|---|
| **Sláttuvélar** | | |
| DM2032 - 3,2 m hliðhengd - | ~~1.780.000~~ | 1.691.000 +vsk |
| DM3036 - 3,6 m miðjuhengd - | ~~2.410.000~~ | 2.290.000 +vsk |
| DM3040 - 4,0 m miðjuhengd - | ~~2.620.000~~ | 2.490.000 +vsk |
| DM4032 - 3,2 m framsláttuvél - | ~~2.200.000~~ | 2.090.000 +vsk |
| **Rakstrarvélar** | | |
| RA1039 - 1 stjarna, 3,9 m - | ~~1.275.000~~ | 1.210.000 +vsk |
| RA2064 - 2 stjörnur, 6,4 m - | ~~2.600.000~~ | 2.450.000 +vsk |
| RA2076 - 2 stjörnur 7,0 - 7,8 m - | ~~4.010.000~~ | 3.799.000 +vsk |
| RA2584 - 2 stjörnur 7,6 - 8,4 m - | ~~5.320.000~~ | 4.950.000 +vsk |
| RA4513 - 4 stjörnur 10,0 - 12,5 m - | ~~10.280.000~~ | 9.750.000 +vsk |
| **Snúningsvélar** | | |
| TE6568 - 6,8 m lyftutengd - | ~~2.105.000~~ | 1.999.000 +vsk |
| TE6576 - 7,6 m lyftutengd - | ~~2.495.000~~ | 2.370.000 +vsk |
| TE8590C - 9,0 m dragtengd - | ~~3.605.000~~ | 3.425.000 +vsk |
| TE1415C - 15,6 m dragtengd - | ~~6.720.000~~ | 6.385.000 +vsk |

Öll verð eru birt án vsk. Verð miðast við gengi EUR = 149 ISK

Bjóðum nú þeim sem staðfesta pöntun á heyvinnuvélum fyrir lok árs sérstök tilboðsverð ásamt því að keyra vélina samsetta heim á hlað.

Þessar vélar og allar hinar

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is velasvid@thor.is s 568-1500

ÞÓR HF

# Á döfinni í desember

**Uppákomur og skemmtanir eru árvissir viðburðir um þetta leyti og ýmislegt áhugavert á döfinni í kringum landið. Jólamarkaðir, leiksýningar, skautasvell og tónleikahald er einungis lítið brot af því sem hægt er að njóta á þessum ævintýralegasta tíma ársins og ekki má gleyma jólasveinunum sem geta stungið upp kollinum alveg óvænt. Hér má finna ýmislegt sem allir aldurshópar geta glatt sig við.** /sp



Krans úr smiðju Helga og Beate í Kristnesi.

**Norðurland**

**5. og 6. des.** Árlegur jólamarkaður Skógarlundar verður haldinn 5. desember á milli kl. 12–17 og 6. desember frá kl. 12–18. Þar verða m.a. til sölu fallegar jólavörur úr leir og tré, unnar af heimilisfólkinu, kaffi og konfekt í boði og posi á staðnum.

**6. des.** Á Ólafsfirði hefst hið árlega jólakvöld í miðbænum kl. 19.30. Þá er bænum breytt í göngugötu þar sem má finna hina ýmsu söluaðila með skemmtilegan varning, lítil jólahús eru sett upp, tónlist og stemning.

**7. og 8. des.** Jólamarkaður verður haldinn í fyrsta sinn í Brimsölum, Ólafsfirði frá kl. 13–17, Námuvegi 8.

**7. og 8. des.** Hinn árlegi Jólamarkaður í Skjólbrekku, Skútustaðahreppi verður haldinn 7. desember frá kl. 12–17 og 8. desember frá kl. 12–16. Markaðurinn verður hinn glæsilegasti og fjölbreytt úrval af norðlensku handverki og matvöru til sölu.

**Jólamarkaður Beate og Helga í Kristnesi í Eyjafirði svíkur engan, en hann er opinn frá kl. 13–17 helgarnar 7.–8. des. og 14.–15. des. Svo frá og með 18. des. til jóla er einnig opið á þessum tíma.**

**... og svo yfir aðventuna hafa jólasveinarnir í Dimmuborgum tekið upp þann sið að taka á móti börnum á öllum aldri.**

**Austurland**

**7. des.** Finnsstaðir og Leikfélag Fljótsdalshéraðs bjóða upp á jóla- og ævintýrastemningu á Finnsstöðum alla laugardaga á aðventunni frá kl. 15–17. Teymt verður undir ungum knöpum, grillaðir sykurpúðar í skóginum, kakó og mikið fjör jólasveina og fleiri ævintýrapersóna.

**7. og 8. des.** Landverðir bjóða upp á huggulega jólastund í Snæfellsstofu frá kl. 11–16. Boðið verður upp á ýmiss konar jólaföndur með áherslu á endurnýtingu og jólamyndatöku með Agnari hreindýri. Einnig verður boðið upp á útiveru þar sem kveikt verður upp í eldstæði og grillaðir sykurpúðar. Kakó og sykurpúðar til sölu á staðnum.

**7. des**. Kór Fjarðabyggðar heldur glæsilega tónleika með stjórnanda sínum, Kaido Tani, Guðrúnu Árnýju ásamt strengjasveit og Barnakór Fjarðabyggðar í Tónlistarmiðstöð Austurlands á Eskifirði. Tvennir tónleikar verða haldnir, kl. 17 og 20., miðasala á tix.is.

**7. des.** Á Höfn í Hornafirði kynnir HORN Brewery, í samstarfi við Parket, nýjan jólabjór: Flippatappa. Bjórinn er innblásinn af Parketlaginu „Jólabjór", en einnig er hljómsveitin Parket 25 ára. Aðstandendur slá því tvær flugur í einu höggi – kynna bjórinn og halda afmælispartí.

**8. des.** Á Vopnafirði fer jóladagskrá danslistarskólans Valkyrju í Miklagarði fram kl. 12.00

**10. des**. Aðventuhátíð í Hofi á Vopnafirði kl. 20.

**15. des.** Sunnudags- og smákökuganga í nágrenni Egilsstaða. Brottför kl. 10 frá skrifstofu Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, Tjarnarási 8.

**17. des.** Jólatónleikar tónlistarskóla Vopnafjarðar verða haldnir 17. desember kl. 17 í Vopnafjarðarskóla.




**Suðurland**

**12. des.** Sveitarfélagið Ölfus býður börnum á leikskólaaldri í leikhús/Versali á „Nátttröllið Yrsa – einmana á jólanótt". Sýningin er 25 mínútur að lengd og stútfull af söng, leik og dansi – frá kl. 10.30–11.

**14. des.** Félagsmenn Myndlistarfélags Árnessýslu halda jólamarkað á vinnustofu félagsins, Sandvíkursetri á milli klukkan 13–16. Fjölbreytt úrval, einstakar og vandaðar gjafir fyrir jólin.

**Bæjarbókasafn Ölfuss stendur fyrir hönnunarsamkeppni - Jólahúfa Ölfuss 2024.** Verðlaun verða veitt fyrir jólalegustu, skemmtilegustu og frumlegustu jólahúfuna sem skila þarf inn fyrir 16. desember og verður svo til sýnis á bókasafninu. Nánari upplýsingar má fá á Bæjarbókasafni Ölfuss.

**Aðventugarður Reykjanesbæjar er opinn allar helgar í desember frá kl. 14 -17 og á Þorláksmessu frá kl. 18-21. Þar má finna Aðventusvellið sem er opið föstudaga frá kl. 16-21, laugardaga kl. 12-21 og sunnudaga frá kl. 12-19.**

**Höfuðborgarsvæðið**

Það er alltaf gaman að labba niður Laugaveginn, fá sér kakó og leita að jólasveinunum sem varpað er á húsveggi. Svo má skoða jólaköttinn á Lækjartorgi, dáðst að jólatrénu á Austurvelli og renna sér á Novasvellinu við Ingólfstorg á milli klukkan 12-22.

**Jólamarkað er einnig að finna við Austurvöll, en opnunartímar hans eru 7.–8. des:13–20, 14.–15. des: 13–20, 19.–20. des: 16–20, 21–22. des: 12–21, 23. des: 14–23.**

**14.-15. des.** Jólamatarmarkaður Íslands fer fram í Hörpu á milli klukkan 11–17 báða daga.

**10. og 13. des.** Kirkja Bessastaðasóknar býður upp á jóla- og aðventuhátíð barnanna þann 10. des. en Jólahátíð eldri borgara verður 13. des. á milli kl. 15–18 í Brekkuskógum 1.

**Jólabærinn Hafnarfjörður opnar Jólaþorpið gestum á föstudögum frá kl. 17-20 og um helgar frá kl. 13-18. Kaffihúsið í Hellisgerði verður opið á opnunartíma Jólaþorpsins og alltaf til kl. 20 þau kvöld auk þess sem Hjartasvellið á Ráðhústorginu verður opið fimmtu–sunnudaga til 23. desember, svo og tívolí við Venusarhúsið Strandgötu 11.**

**8. og 15. des.** Bráðum koma blessuð jólin er yfirskrift jóladagskrár Árbæjarsafns, en gestum gefst tækifæri á að njóta aðventunnar og upplifa reykvísk jól eins og þau voru í þá gömlu góðu daga.

**23. nóv.–20. des.** Jólalistamarkaður í Listasal Mosfellsbæjar er opinn alla virka daga frá kl. 9–18 og 12–16 á laugardögum. Markaðurinn stendur til og með 20. desember.

**8., 15., 22. des.** Aðventuupplestrar á Gljúfrasteini hefjast kl.14, þar sem höfundar lesa upp úr nýjum verkum sínum. Áætlað er að viðburðurinn standi í um klukkustund.

**14. des.** Jólamarkaður í Hlégarði á milli klukkan 12–17 þar sem fjölbreyttur varningur verður til sölu. Skemmtilegar uppákomur á sviðinu, jólasveinar á vappi, ristaðar möndlur og piparkökuskreytingar munu skapa notalega stemningu.

**Jólamarkaðurinn og Jólaskógurinn í Heiðmörk er opinn allar aðventuhelgar 2022, kl. 12.00-17.00.**

**7.-8. des.** Jólamarkaður SÁÁ verður haldinn í Von, Efstaleiti 7, frá 13–18. Líf og fjör alla helgina, Kristmundur Axel tekur nokkur lög, Sigga Kling mætir með sína töfrandi orku, Lindakirkjukór kemur gestum í hátíðarskap svo og Dagbjört Rúriks og gítarleikarinn hennar, Emil Hreiðar. Happdrætti, gjafavörur og margt fleira.

**8. des.** Jólamarkaður Höfuðstöðvarinnar, lista- og menningarhúss í gömlu kartöflugeymslunum í Elliðaárdalnum, Rafstöðvarvegi 1a, verður haldinn frá kl. 11–17 en þar má finna ýmislegt fallegt.

**13.des.** Jólamarkaður ýmissa listamanna verður haldinn í Grýtunni, húsnæði vinnustofu þeirra, að Keilugranda 1, frá kl. 12–17.

**5.des.** Íshús Hafnarfjarðar heldur jólamarkað í Ægi fimmtudagskvöldið 5. desember frá 17 til 22. Fjölbreytt handverk og hönnun, jólabjór Ægis brugghús, jólaglögg og veitingar.

**7. des**. Jólamarkaður í Bíó Paradís á milli kl. 12–17. Listaverk, fatnaður og fleiri gersemar verða til sölu. Komið og verslið jóladressið og einstakar gjafir á besta stað bæjarins, yljið ykkur á funheitu jólaglöggi, gæðið ykkur á piparkökum og dillið ykkur við ljúfa tóna

**Vesturland**

**6.-15. des.** Litli leikklúbburinn sýnir jólaleikritið Láp, Skráp og jólaskapið í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Nánari uppl. á www.litlileik.is.

**7. des.** Aðventumarkaður Félagsgarðs í Kjós fer fram milli kl. 12–16. Tvítaðreykt hangikjöt, nautakjöt, sörur, humarsúpa, fallegt handverk, kransar og fleira. Kvenfélag Kjósarhrepps sér um kaffiveitingar og rennur allur ágóði til góðra mála. Hinn árlegi jólaskógur verður að Fossá, svo að það er um að gera að ná sér í jólatré í leiðinni

**7., 14., 21. des.** Með aðventudagskrá Snæfellsjökulsþjóðgarðs má gera sér dagamun þrjá laugardaga í desember. Boðið verður upp á barnastundir með jólaívafi auk aðventugöngu með landverði á Djúpalóni. Frekari upplýsingar má finna á www snaefellsjokull.is.

**8. des.** Jólasveinninn mætir og segir viðstöddum jólaævintýri í Jónsgarði á Ísafirði klukkan 17, notaleg stund með jólaljós og gleði í hjarta.

**Jólatónleikar Tónlistarskólans á Patreksfirði þann 10. des. á milli kl. 17-18 og þann 11. des. milli kl. 18-19. Jólatónleikar tónleikaskólans í Bíldudal fara svo fram 11. des. kl. 16-17.**

**27. nóv.–21. des.** Jólamarkaður í Loppu sjoppunni, Nesvegi 13 Stykkishólmi. Opið miðviku- og föstudaga á milli kl 14-18 og laugardaga kl 12-15. Hægt er að versla eða selja það sem tengist jólunum á markaðnum.




# 80% landsmanna vilja íslenskar landbúnaðarvörur







Niðurstöður úr nýrri könnun sýna að um 80% landsmanna telja að allar eða flestar landbúnaðarvörur á íslenskum matvælamarkaði ættu að vera framleiddar innanlands. Könnunin var framkvæmd af Gallup fyrir Bændasamtök Íslands og Samtök fyrirtækja í landbúnaði á tímabilinu 7. – 17. nóvember 2024.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

SAFL



Birgir Smári Bergsson, Bergur Þór Björnsson og Birna Kjartansdóttir hjá Skógræktarfélagi Árnesinga hafa í nógu að snúast við framleiðslu jólatrjáa.
Myndir / ál

> Á vissum tímapunkti, þegar við erum búin að taka öll nothæf jólatré, höggvum við allt og byrjum aftur ...

## Skógrækt:

# Framleiðsla jólatrjáa tekur áratug

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



**Skógræktarfélag Árnesinga selur hátt í þúsund jólatré á ári hverju. Stærsti hlutinn er stafafura sem er ræktuð í jólatrjáareitum. Þeir eru nýttir í nokkur ár áður en plantað er aftur.**

„Við byrjum að höggva jólatré í byrjun nóvember og erum alveg á fullu fram að jólum. Við hjuggum 800 stykki í fyrra og reiknum með að fara yfir þúsund í ár," segir Bergur Þór Björnsson skógarvörður. Jólatrén verða seld á Snæfoksstöðum síðustu þrjár helgarnar fyrir jól, en einhver hluti fer í endursölu.

Til þess að geta orðið jólatré þarf tréð að vera beint, vel formað, af réttum lit og með fallegan topp.



Birgir Smári velur fallegt jólatré ...



... og ræðst til atlögu.






Verkið tekur enga stund með góðri keðjusög.



Góður fengur. Jólatré þarf að vera beint, með fallegt form, góðan lit og topp sem ber stjörnu.

## 5 hlutir sem Bergur getur ekki verið án


**1. Samstarfsfólkið:** „Maður vill ekki vera einn í þessu."


**2. Keðjusögin:** „Hún er ómissandi.."


**3. Hlífðarbúnaður:** Hann er nauðsynlegur þegar notuð er keðjusög.


**4. Kerra:** Með henni eru trén flutt úr skóginum.


**5. Kex:** „Verst hvað búálfarnir borða alltaf frá okkur kexið."


**Elstu trén á Snæfoksstöðum eru sextíu ára gömul og hafa náð tuttugu metra hæð.**


**Jólatrén eru flokkuð eftir stærð og merkt í mismunandi litum. Þau minnstu eru í kringum einn metra, á meðan þau stærstu eru meira en tveir og hálfur metri.**

Smekkur fólks er hins vegar mjög misjafn og segist Bergur alltaf höggva einhver tré sem eru ekki falleg í hans augum. Birna Kjartansdóttir, rekstrarstjóri Skógræktarfélags Árnesinga, bendir á að fólki sé boðið að höggva sín eigin tré á Snæfoksstöðum og kemur það henni oft á óvart hvernig jólatré verði fyrir valinu.

### *Höggva öll trén á afmörkuðu svæði*

„Við þurfum að huga að jólum tíu ár fram í tímann," segir Bergur, en eitt fyrsta skrefið er að tína köngla til að fá fræ. Þeim er komið til gróðrarstöðva sem framleiða úr þeim skógarplöntur sem eru afhentar eins til tveggja ára gamlar. Þeim er þá plantað á Snæfoksstöðum í jarðveg sem er búið að undirbúa.

„Í fyrsta lagi eftir átta ár getum við farið að höggva jólatré," segir Bergur, en þá eru trén í kringum einn og hálfan metra á hæð.

„Það eru viss svæði sem við plöntum í og við getum tekið úr sama reitnum í fjögur til fimm ár. Á vissum tímapunkti, þegar við erum búin að taka öll nothæf jólatré, höggvum við allt og byrjum aftur," segir Bergur. Ferlið tekur allt að fimmtán ár frá því trjánum er plantað á tiltekinn stað og reiturinn hreinsaður fyrir næstu kynslóð.

### *Skógur á 500 hekturum*

Starfsemi Skógræktarfélags Árnesinga afmarkast við Snæfoksstaði í Grímsnesi, sem félagið keypti árið 1954. Stærsti hluti jarðarinnar hefur verið tekinn undir skóg, eða um 500 hektarar. Fyrstu áratugina var jólatrjáaframleiðslan að miklu leyti hugsuð sem grisjun vegna timburframleiðslu, en núna eru afmarkaðir reitir eingöngu fyrir ræktun jólatrjáa.

Skógræktarfélag Árnesinga eru regnhlífarsamtök fyrir skógræktardeildirnar sem afmarkast oft við gömlu hreppana í Árnessýslu. Að auki við framleiðslu á jólatrjám stendur skógræktarfélagið fyrir framleiðslu á borðviði, eldiviði, kurli og öðrum smávörum úr eigin skógum. Bergur bendir á að Skógræktarfélag Árnesinga sé alfarið rekið á þeim tekjum sem það afli og fái enga opinbera styrki.


**Bergur Þór Björnsson.**

ÞAKBLÁSARAR FYRIR ALLAN IÐNAÐ





FÁLKINN ÍSMAR
IÐNVÉLAR
DALVEGI 10-14 | 201 KÓPAVOGUR
SÍMI: 510 5100 | FALKINNISMAR.IS
IDNVELAR.IS

# Krísa í kornframleiðslu

**Búist er við töluverðum samdrætti í kornframleiðslu í Evrópu og voru áhyggjur þess efnis viðraðar á fundi Evrópuþingsins í nóvember.**

Gert er ráð fyrir að framleiðsla á korni í Evrópu á þessu ári verði í heild níu prósent undir meðalári í ár. Samdrátturinn er sérstaklega áberandi í framleiðslu á maís en framleiðslan mun vera tólf prósentum lakari en í meðalári, samtals 58 milljón tonn. Spáð er 112,6 milljón tonna uppskeru í hveiti, sem er ellefu prósentum minna en í meðalári. Aðeins er búist við örlítilli aukningu í ræktun á byggi miðað við síðasta ár, en verði áfram 5 prósentum undir meðalári.

Fjölmiðillinn Euronews greinir frá því að Pierre Bascou, embættismaður hjá framkvæmdastjórn ESB, hafi vakið máls á samdrættinum á fundi Evrópuþingsins nú í nóvember.



Mynd / Jan Huber

Tilteknar eru nokkrar ástæður samdráttarins. Veðrið hefur verið kornrækt óhagstætt en bæði þurrkar í Suðaustur-Evrópu og miklar haustrigningar hafa haft neikvæð áhrif á magn og gæði uppskerunnar í ár.

Vandinn snýr einnig að gæðum kornsins. Þannig sýna mælingar á uppskeru lægra próteinmagn kornsins en einnig mengun vegna alkalóíða. Haft er eftir sérfræðingum frá Evrópusamtökum bænda, Copa Cogeca, að vegna lakra gæði hafi margar framleiðslulotur lækkað frá manneldiskorni í fóðurkorn sem hefur mikil áhrif á afkomu ræktenda.

Bent er á að minni framleiðsla sé einnig vegna samdráttar í ræktarlandi fyrir korn á lykilsvæðum. Frakkland er þar nefnt sem dæmi. Cédric Benoist, franskur kornbóndi sem einnig er formaður kornræktarhóps Copa-Cogeca, segir við euronews að kornbændur tapi á ræktun í ár.

Heimsmarkaðsverð á korni hefur verið sveiflukennt undanfarin tvö ár en verðið hefur síður en svo hækkað samhliða auknum framleiðslukostnaði í Evrópu.

Í frétt Euronews er sagt frá því að framleiðslukostnaður í Frakklandi hafi hækkað úr 1.512 evrum á hektara árið 2021 í 2.065 evrur árið 2023. Milli sömu ára hækkaði framleiðslukostnaður í Írlandi úr 1.330 evrum á hektara í 2.199 evrur.

*/ghp*

# Hrun í sölu búvéla

**Stórir framleiðendur land búnaðar tækja hafa greint frá miklum samdrætti í sölu undanfarna mánuði.**

Síðasti ársfjórðungur hefur reynst erfiður fyrir þá sem framleiða tækjabúnað fyrir bændur. Alþjóðleg fyrirtæki, eins og John Deere, AGCO og CNH, hafa nýlega sent frá sér rekstraryfirlit sem sýna að bændur halda að sér höndum við kaup á nýjum dráttarvélum, þreskivélum og fleiri tækjum. Frá þessu greinir Agrarheute.

AGCO framleiðir vörumerki eins og Valtra, Fendt og Massey Ferguson og CNH hefur Case IH, New Holland og Steyr á sínum snærum. John Deere gerði upp árið í október og var hagnaðurinn 30 prósentum lægri en í fyrra. Síðasti fjórðungur var verstur, en þá dróst salan á landbúnaðartækjum saman um 32 prósent og hagnaðurinn um 47 prósent.

Samdráttur í sölu búvéla hjá CNH á þriðja ársfjórðungi nam 22 prósentum. Á fyrstu níu mánuðum þessa árs dróst salan hjá AGCO saman um átján prósent á heimsvísu. Í Evrópu var samdrátturinn sjö prósent, en smávægileg söluaukning í Þýskalandi og Tyrklandi vó upp á móti hnignun í öðrum löndum álfunnar. Mest hefur salan minnkað á múgsöxum og dráttarvélum í millistærð. Í Suður-Ameríku dróst salan saman um 43 prósent.

*/ál*






Aðgengi mannúðaraðstoðar, og þar með matvælaaðstoðar, að svæðum í neyð hefur farið versnandi. Hér eru starfsmenn Matvælaaðstoðarinnar í Rohingya-flóttamannabúðunum í Suður-Bangladess, þar sem yfir 920 þúsund Róhingjar frá Mjanmar hafast við. Þetta eru stærstu flóttamannabúðir heims. Mynd / WFP 2025 Global Outlook, Lena von Zabern

## Fæðuöryggi:

# Horfurnar fyrir næsta ár kolsvartar

## – Alvarlegt hungur hefur áhrif á allt að 343 milljónir manna

**Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) áætlar að 343 milljónir manna í 74 löndum líði hungur. Skert aðgengi að neyðarsvæðum er orðið eitt mesta vandamál sem mannúðaraðstoð stendur frammi fyrir.**

Í skýrslunni WFP 2025 Global Outlook, sem kom út í nóvember, fjallar Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna um horfur á komandi ári hvað varðar hungur og fæðuöryggi í heiminum. Útlitið er sagt svart.

Alvarlegt hungur er aftur að aukast og hefur áhrif á 343 milljónir manna í 74 löndum. WFP starfar í öllum þeim löndum að matvælaaðstoð.

Talið er að allt að 1,9 milljónir manna séu á barmi ítrustu hungursneyðar, fyrst og fremst á Gaza og í Súdan, þar sem hungursneyð var staðfest á einum stað í júlí sl., en einnig hluti íbúa í Suður-Súdan, í Malí og á Haítí.

Áætlað er að WFP þurfi á næsta ári 16,9 milljarða Bandaríkjadala til að sinna neyðartilvikum, efla seiglu og uppræta undirrót hungurs, sem myndi gera Matvælaáætluninni kleift að ná til 123 milljóna af því fólki sem er í mestri hættu vegna hungurs.



Jarðrækt í Montúfar, Ekvador. Mynd / WFP 2025 Global Outlook, Esteban Barrera

*Fæðuóöryggi er orðið að faraldri*

Alvarlegt fæðuóöryggi er sagt steðja að hartnær 200 milljónum manna og er líkt við faraldur. Þetta fólk þarfnast tafarlausrar aðstoðar. Þá er talið að 44,4 milljónir manna séu á mesta neyðarstigi. Mestan óhug vekur að fjöldi þess fólks sem stendur frammi fyrir algerri neyð hefur aukist og nær fjöldi þess áður óþekktum hæðum.

Átök eru enn helsti drifkraftur fæðuóöryggis. Um 65 prósent af þeim sem er ógnað vegna skerts fæðuöryggis búa við viðkvæmar aðstæður.

Vopnuð átök hafa aukist mikið á síðasta áratug, eða um meira en helming. Þá er vopnað ofbeldi sagt helsti orsakavaldur á 14 af 16 svæðum þar sem hungur er alvarlegt og búist við að ástandið versni á komandi mánuðum. Nýleg og langvinn átök þar sem þetta á við eru t.d. í Súdan, á Gaza, Haítí, í Malí og Suður-Súdan. Önnur þekkt hungursvæði, þar sem átök eru lykilorsök, eru Búrkína Fasó, Tsjad, Horn Afríku, Líbanon, Mósambík, Mjanmar, Nígería, Sýrland og Jemen. Um mitt ár 2024 höfðu 122,6 milljónir manna hrakist á flótta undan vopnuðum átökum og er það tvöföldun miðað við fyrir tíu árum.

*Öfgaveður ýtir undir hungur*

Öfgaveður víða um heim ýtir undir hungur og matvælaóöryggi. El Niño-veðurfarsöfgarnar 2023–4 trufluðu mjög landbúnaðarframleiðslu.

Alvarleg áhrif þessa á fæðuöryggi og í kjölfarið vanframboð fæðu og hátt verð, munu að sögn WFP vara fram á fyrsta ársfjórðung 2025 og valda því að tugir milljóna manna til viðbótar þurfi matvælaaðstoð. Dregin er í skýrslu WFP upp mynd af versnandi þurrkum, skógareldum, óreglulegri úrkomu, mjög háum hita, flóðum, met í hækkun sjávarhita, fellibyljum og alvarlegum stormum. Veðurfarsöfgarnar hafi eyðilagt víðfeðm landbúnaðarlönd og uppskeru, ýmist til skemmri eða lengri tíma.

*Efnahagslegar hindranir*

Staða eins af hverjum fjórum þróunarhagkerfum, og meira en helmingur hagkerfa sem standa frammi fyrir stríðsátökum, verður lakari nú í árslok en var í aðdraganda heimsfaraldursins. Skuldir hins opinbera á heimsvísu eru í hámarki og auk hárra vaxta hefur kostnaður við greiðslubyrði aukist verulega.

Helmingur af lágtekjulöndum heimsins eru annaðhvort þegar í skuldavanda eða í mikilli hættu á því. Á sama tíma er matvælaverðbólga áfram víða þrálát, sem minnkar kaupmátt og torveldar aðgengi að fæðu fyrir milljónir heimila. Á síðustu fjórum árum hefur matvælaverð meira en tvöfaldast í 26 löndum á heimsvísu, segir í skýrslunni..

*Skert aðgengi að neyðarsvæðum*

Aðgengi mannúðaraðstoðar, og þar með matvælaaðstoðar, að svæðum í neyð hefur farið versnandi. Því valda m.a. átök, breyttar áherslur, pólitískt aðgerðaleysi, stjórnsýslulegar og skrifræðislegar hindranir og veðurfarsöfgar. WFP segir í skýrslunni að um sé að ræða mikla áskorun sem sigrast þurfi á með öllum ráðum, m.a. með ríkari samskiptum við staðbundna og alþjóðlega hagsmunaaðila sem hafa áhrif á mannúðarmál. Hindrað aðgengi sé nú mesta vandamálið við að veita neyðaraðstoð.

*/sá*


GOTT AÐ EIGA
VONT AÐ VANTA
KRAFTVÉLAR
Allt að 15% afsláttur frá verðlistaverði á lagervélum
og góð kjör á forpöntun.
Kíktu á www.kraftvelar.is/pottinger
og skoðaðu verð og úrval véla.
www.poettinger.at
PÖTTINGER
PÖTTINGER
Kraftvélar • Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500 • www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is


Garðyrkja
Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna
Allt frá
fræjum til
afurða
Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016
Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is
Samhentir

# Varðveisla erfðaauðlinda í íslenskri náttúru og landbúnaði

**Erfðaauðlindir eru skilgreindar sem lífverur sem bera fjölbreytta eiginleika í erfðaefni sínu og hafa fætt okkur og klætt, veitt okkur skjól, orku, byggingarefni og yndi, auk þess að vera hluti af sögu og menningararfleifð okkar.**


Birna Kristín Baldursdóttir.

Landsáætlun erfðanefndar landbúnaðarins (2024-2028) hefur verið birt í fjórða sinn, með henni er mótuð stefna nefndarinnar um varðveislu og sjálfbæra nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði.

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni sem Alþingi fullgilti 1994 nær til allra tegunda lífríkisins. Nytjaplöntur og húsdýr hafa þar nokkra sérstöðu og af hálfu Íslands er ábyrgð þeirra erfðaauðlinda falin sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu með búnaðarlögum nr. 70/1998 með síðari breytingum, nú matvælaráðuneyti. Sér til fulltingis hefur ráðuneytið erfðanefnd landbúnaðarins, en verkefnum hennar er lýst í 16. grein laganna. Með reglugerð 151/2005 um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði og lögum 54/1990 um innflutning dýra er nánar kveðið á um verkefni nefndarinnar.

Varðveisla erfðabreytileika og sjálfbær nýting erfðaauðlinda eru lykilatriði varðandi framtíð matvælaframleiðslu í landbúnaði. Erfðabreytileiki er undirstaða þess að nytjategundir geti aðlagast breyttum umhverfisaðstæðum og er jafnframt forsenda þess að hægt sé að stunda árangursríkar kynbætur til framtíðar. Í umræðu dagsins um loftslagsbreytingar og aðrar umhverfisógnir sem geta haft veruleg áhrif á framleiðslu matvæla í landbúnaði verður þetta starf sífellt mikilvægara.

Landsáætlunin nær yfir nytjaplöntur, skóg, búfé og villta ferskvatnsfiska og í öllum þessum flokkum eru tegundir og/eða stofnar sem gæta þarf að. Á Íslandi eru það ekki síst íslensku búfjárkynin sem skapa sérstöðu landbúnaðar hér á landi og þau eru því áberandi í áætluninni hverju sinni. Til að standa vörð um erfðaauðlindir í landbúnaði er nauðsynlegt að verndun þeirra búfjárkynja sem standa höllustum fæti sé tryggð.

Töluvert hefur áunnist frá því að síðasta landsáætlun var sett fram og ber þar að nefna fjölgun geita og aukin nýting afurða af geitum. Íslenska geitin er enn í útrýmingarhættu en hættan hefur minnkað og vonandi heldur sú þróun áfram. Íslenskt forystufé hefur verið skilgreint sem sérstakt sauðfjárkyn og er einnig í útrýmingarhættu. Með stuðningi frá erfðanefnd landbúnaðarins hefur Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins unnið að eflingu skýrsluhalds sem er mikilvægt fyrir framtíð stofnsins og varðveislu hans. Varðandi íslenska hænsnastofninn er mikilvægt að gerð verði rannsókn á uppruna hans og skyldleika við önnur kyn svo hægt verði að leggja drög að verndaráætlun og mat á varðveislugildi stofnsins. Arfgerðir sem veita sauðfé vernd gegn riðu hafa fundist og gefa möguleika á að verjast riðuveiki með ræktun þolins stofns í stað niðurskurðar heilla hjarða eða sauðfjár í heilum sveitum. Erfðanefnd landbúnaðarins veitti styrk til arfgerðagreininga riðuhjarða til að meta áhrif mögulega verndandi arfgerða. Að óbreyttu verður að telja að varðveisla erfðafjölbreytileika nautgripa, sauðfjár og hrossa sé í ágætu lagi og ekki ástæða til sérstakra aðgerða varðandi þá stofna. Þó er nauðsynlegt að fylgjast með þróun skyldleikaræktar og lækkun virkrar stofnstærða nautgripa, sauðfjár og hrossa því að á undanförnum árum er merki um allhraða aukningu í skyldleikarækt.




Töluverð uppbygging hefur verið í laxeldi í sjókvíum og landeldi hér á landi og hefur erfðanefnd landbúnaðarins lýst yfir áhyggjum af þróun þeirra mála. Nefndin hefur hvatt til þess að menn fari sér hægar á meðan ekki liggur fyrir meiri þekking á hættu á erfðablöndun við villta stofna og telur nauðsynlegt að unnið sé að þróun og rannsóknum á kynhlutleysingu fiska í eldi.

Í áætluninni er fjallað er um mikilvægi þess að stofnaður verði genbanki til varðveislu erfðaefnis íslenskra búfjárkynja. Eðlilegt er að þessi starfsemi heyri undir genbanka í umsjón opinberra aðila til að draga úr hættu á ófyrirséðum áföllum. Genbankar þjóna mikilvægu hlutverki og eru öflug tól til að varðveita erfðaefni og geta þjónað sem öryggisnet fyrir framtíðina og til að styðja við plöntu- og búfjárrækt. Helstu ógnanir sem steðja að húsdýrum á heimsvísu eru hve fá húsdýrakyn, af þeim fjölda sem til er, standa undir stærstum hluta af matvælaframleiðslu heimsins, hnattræn hlýnun, sníkjudýr og smitsjúkdómar, ágengar tegundir og mengun svo eitthvað sé nefnt. Evópusambandið og FAO hafa undanfarin ár lagt mikla áherslu á að aðildarlönd starfræki genbanka fyrir húsdýr hliðstætt genbanka fyrir plöntur.

Landsáætlun erfðanefndar landbúnaðarins má nálgast á heimasíðu nefndarinnar www.agrogen.is

*Höfundur er lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands og umsjónarmaður Erfðalindaseturs LbhÍ.*





Bílskúrs- og iðnaðarhurðir

• Stuttur afhendingartími
• Hágæða íslensk framleiðsla
• Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
• Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is


Land og skógur


Fulltrúar í sendinefnd Íslands á COP16.

## COP16, hvað svo?

**Ráðstefna samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (CBD), COP16 er nýyfirstaðin.**

Yfirheitið var „Friður með náttúrunni" en meginþemað var hvernig ríki, samfélög, stofnanir og aðrir hagaðilar geti setið við sama borð og fundið lausnir svo nýting mannfólks á auðlindum náttúrunnar leiði ekki af sér frekari hnignun vistkerfa. Á COP15 árið 2022 var samþykktur rammasamningur sem inniheldur 23 markmið til þess að viðhalda gæðum líffræðilegrar fjölbreytni í vistkerfum jarðarinnar. Samningurinn fékk nafnið Global Biodiversity Framework (GBF) og var hann jákvætt og nauðsynlegt skref í vegferð mannfólks með náttúrunni.

Markmiðin á COP16 voru töluvert flóknari en á ráðstefnunni fyrir tveimur árum. Nú þegar metnaðarfull markmið hafa verið sett þarf að fjármagna þau og innleiða. Miklar umræður sköpuðust um stöðu vestrænna ríkja og ábyrgð þeirra á að aðstoða ríki sem skortir bolmagn til að fjármagna rannsóknir og aðgerðir til verndar mikilvægra vistkerfa, t.d. regnskóga og annara vistkerfa, sem búa yfir ríkri líffræðilegri fjölbreytni. Einnig var mikið rætt um hvernig stýra ætti nýtingu erfðaefnis og hvernig raunvirði vistkerfa náttúrunnar ætti að deila á sanngjarnan hátt, ef hægt er að nálgast náttúruna á þann hátt. Mörg önnur málefni voru til umræðu og þau sem tengjast Íslandi sérstaklega voru t.d.:

- *áframhaldandi vinna að flokkun og aðgerðum gegn framandi ágengum tegundum*
- *fjölþjóðlegt kerfi um útnefningu verndarsvæða í úthafi*
- *tengsl líffræðilegrar fjölbreytni og lýðheilsu*

Rammasamningurinn er ekki lagalega bindandi en bæði samningurinn og markmiðin eru góðir hvatar og verkfæri til þess að stuðla að verndun líffræðilegrar fjölbreytni Íslands. Stofnanir eins og Land og skógur eru mikilvægar í þessu samhengi því þær búa yfir þekkingu til þess að beina verkefnum í réttan farveg. Starfsfólk Lands og skógar eru því aðilar að ýmsum samstarfsverkefnum sem tengjast markmiðum GBF náið, til dæmis:

- *Markmið 1: Skipulag og stýring svæða til að draga úr tapi á líffræðilegri fjölbreytni*
- *Markmið 2: Endurheimt 30% allra hnignaðra vistkerfa*
- *Markmið 6: Draga úr útbreiðslu ágengra framandi tegunda um 50% og lágmarka áhrif þeirra*
- *Markmið 21: Tryggja að þekking sé tiltæk og aðgengileg til að bæta líffræðilega fjölbreytni*

Sérfræðingar stofnunarinnar taka einnig þátt í stefnumótunarvinnu sem er nauðsynleg til að áætlanir og verkferlar verkefna sem tengjast málefnum líffræðilegrar fjölbreytni samræmist og uppfylli alþjóðlegar skuldbindingar.

Á vettvangi Samnings S.þ. um líffræðilega fjölbreytni (CBD) þurfa aðildarþjóðir reglulega að skila upplýsingum um stöðu mála varðandi stefnumótun og nauðsynlegar aðgerðir hjá sér. Eftir COP15 er þjóðunum ætlað að uppfæra sínar landsstefnur og aðgerðaáætlanir um líffræðilega fjölbreytni (National Biodiversity Strategy and Action Plan – NBSAP) og samræma við markmið rammasamningsins. Ísland á eftir að klára þetta skref en vinna við nýja og uppfærða stefnu um líffræðilega fjölbreytni er nú í gangi og er leidd af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu en í stýrihóp vinnunnar eru einnig fulltrúar úr fleiri ráðuneytum sem og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Afurð þeirrar vinnu verður hvítbók sem stefnt er að því að klára næsta vor en í hvítbókinni verða skilgreind lykilviðfangsefni, meginmarkmið og nauðsynlegar aðgerðir er varða verndun líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu náttúrunnar.

Samráð er veigamikill þáttur í stefnumótunarvinnunni og samkvæmt upplýsingum frá stýrihópnum er stefnt að víðtæku samráði við fagstofnanir, félagasamtök, hagaðila og almenning á mismunandi stigum vinnunnar. Sérfræðingar Lands og skógar taka að sjálfsögðu þátt í þeirri vinnu því efling heilbrigðra vistkerfa með ríkri líffræðilegri fjölbreytni mun styrkja vistgetu og þanþol vistkerfanna okkar og styðja við íslenskt samfélag um komandi kynslóðir.

*Fífa Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Landi og skógi.*

Bændablaðið kemur næst út 19. desember

# JÓLAHREINGERNING

## Barnahús · Garðhús · Gestahús · Gróðurhús

**Allt að 40% afsláttur | Allt á að seljast, fyrstur kemur fyrstur fær | Ekki missa af þessu!**

VH/24-14



GESTAHÚS án fylgihluta



BARNAHÚS án fylgihluta



GARÐHÚS án fylgihluta



GRÓÐURHÚS

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**HÚSIN** eru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **HÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Erum komin í jólaskap og gilda því tilboðin áfram núna í

**desember**

eða á meðan birgðir endast.

Afsláttarverð reiknast af verðum á heimasíðunni okkar.

Nánari upplýsingar á heimasíðu og í síma 864 2400.

völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*

www.volundarhus.is

Staðgreiðslu lán | VISA Lán



# Desembertilboð á FK Machinery tækjum

H. HAUKSSON

**Rúllugreip**
með keflum og spjótum



Verð kr. ~~200.000 + vsk~~
**Tilboð kr. 189.000 + vsk**

**Faðmgreip**



Verð kr. ~~190.000 + vsk~~
**Tilboð kr. 179.000 + vsk**

**Stórbaggagreip**



Verð kr. ~~280.000 + vsk~~
**Tilboð kr. 265.000 + vsk**

**Rúllugreip**
á þrítengi



Verð kr. ~~80.000 + vsk~~
**Tilboð kr. 75.000 + vsk**

**Brettagafflar**
með glussafærslu
2,5 tonn



Verð kr. ~~215.000 + vsk~~
**Tilboð kr. 199.000 + vsk**

**Flaghefill**
300cm breiður

Með vökvatjakki og stuðningshjólum



Verð kr. ~~685.000 + vsk~~
**Tilboð kr. 620.000 + vsk**

**Rúlluskeri**
með plastgrípara



Verð kr. ~~610.000 + vsk~~
**Tilboð kr. 554.000 + vsk**

**Taðkvísl**
140cm breið



Verð kr. ~~102.000 + vsk~~
**Tilboð kr. 95.000 + vsk**

**Taðkló**
140cm breið



Verð kr. ~~250.000 + vsk~~
**Tilboð kr. 238.000 + vsk**

**H. HAUKSSON EHF.** Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is



**Andlitsgreining búfjár** Fyrirtækið Tool AI var með tvær áhugaverðar nýjungar sem báðar byggja á notkun gervigreindar að hluta til. Önnur nýjungin var andlitsgreining á búfé, kerfi sem hefur reyndar verið þekkt í rúm fimm ár en í raun ekki komið á markaðsform fyrr en nú. Kerfið byggir á sams konar hugbúnaði og símar nú til dags nota til þess að þekkja notanda símans og með einföldum hætti getur bóndinn einfaldlega beint myndavél símans að viðkomandi grip og fengið á skjáinn allar tiltækar upplýsingar. Þetta kerfi er einnig hægt að nota til að tryggja lífdýrasölu, þ.e. að um réttan grip sé að ræða s.s. við sölu hrossa sem sjaldnast eru t.d. eyrnamerkt.



**Leghálsmyndavél** Eitt af því sem er fylgifiskur þess að nota kyngreint sæði er að í þeim sæðingastráum sem notuð eru, eru mun færri sáðfrumur en venjulega. Þetta er einfaldlega vegna þess að þegar kyngreining fer fram er nærri helmingi sæðisins hent, enda ekki verið að sækjast eftir öðru hvoru kyninu. Fyrir vikið hefur fanghlutfall verið heldur lægra en ella, en með notkun á leghálsmyndavél geta frjótæknar, eða aðrir sem sæða, sætt kvígur og kýr með enn betri nákvæmni en áður og hreinlega lagt sæðið á kórréttan stað af miklu öryggi. Svona myndavélar, sem búnar eru skörpum skjá og ljósum við myndavélaopið, sýna einnig ótrúlega vel inn í móðurlífið og geta notendur tækisins því einnig séð skjótt hvort eitthvað er að og sem þarf þá að bregðast við. Þessi tæki hafa í raun verið á markaðinum í allnokkurn tíma en fyrst núna er verðið á þeim orðið slíkt að það er á færi flestra sem við þetta starfa að fjárfesta í svona tæki enda fást myndavélarnar með öllum búnaði frá um 30.000 krónum.




**Gasdrifinn traktor** Undanfarin ár hefur mikil þróun átt sér stað hjá framleiðendum dráttarvéla í þeirri viðleitni að gera þá minna háða jarðefnaeldsneyti. Rafmagnsdrifnar dráttarvélar virðast eiga enn nokkuð langt í land vegna gríðarlegs þunga þeirra og því hafa margir horft til nýtingar á hauggasi. Lausnir byggðar á nýtingu á metani hafa raunar verið til lengi en raunverulegur valkostur fyrir bændur hefur vart verið til staðar fyrr en nú. Á sýningunni í ár var kynning á sérstakri hönnun dráttarvélarinnar New Holland 8970, sem hefur verið útbúin þannig að hún er með gastanka á frambúnaði vélarinnar og er auðvelt að skipta um tanka og spara þannig tíma í stað þess að fylla á vélina. Lausnin er einstaklega áhugaverð, enda gætu líklega flestir bændur landsins þá einfaldlega framleitt sitt eigið eldsneyti með því að afgasa búfjáráburðinn sem fellur til á búum þeirra.

# Allt er nú til



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

**Eins og fram kom í síðasta tölublaði Bændablaðsins var hin heimsfræga EuroTier-landbúnaðarsýning haldin í nóvember.**

Þessi sýning er ein sú stærsta á sínu sviði í heiminum og haldin annað hvert ár.

Í ár voru rúmlega 2.000 fyrirtæki að kynna vörur sínar og þjónustu og fyrir vikið var framboðið af tæknilegum lausnum í landbúnaði gríðarlegt, allt frá hefðbundnum tæknilegum lausnum fyrir nútímabúskap upp í afar framandi og jafnvel allt að því undarlega tækni.

Verður hér gerð grein fyrir örfáum af þessum framandi nýjungum sem komu fram á þessari sýningu.



**Eyrnaskynjari fylgist með** Á sýningunni voru nokkur fyrirtæki að kynna möguleikann á því að nýta skynjara, sem settur er í eyru kálfa og kúa, til þess að fylgjast með heilsufari þeirra og þrifum. CowManager GmbH, var eitt þeirra en með því að setja lítinn tölvukubb í eyru gripanna getur kerfið skráð niður líkamshita og hreyfingu og byggt á gagnasafni tölvunnar getur kerfið, reiknað út frá hinum söfnuðu gögnum, gefið bóndanum upplýsingar um heilbrigði, frjósemi, fóðrun og atferli. Þessi tækni hefur verið í boði í nokkur ár fyrir fullorðna gripi en með því að setja svona skynjara í kálfa gefst bændum færi á því að bregðast snöggt við ef eitthvað bjátar á. Nýjungin í þessari tækni nú felst í raun í því að hugbúnaðurinn sem reiknar út frá mældum gögnum er margfalt öflugri nú en áður, en eitt aðalvandamálið við að greina stafrænt heilsufar kálfa er sú staðreynd að hitastig þeirra breytist nokkuð hratt á uppeldistímanum svo áður fyrr komu oft rangar niðurstöður út frá greiningum. Nú er öryggið orðið mun meira og tæknin því einkar áhugaverð.




**Fuglafæla með gervigreind** Gervigreind hefur svo sannarlega hafið innreið sína inn í landbúnað en líklega þó mest til þess að bæta bústjórn með því að aðstoða bændur við að fá yfirsýn og geta tekið ákvarðanir byggðar á miklu magni gagna eins og lausnir Tool AI bera með sér. Fyrirtækið iCHASE ákvað hins vegar að fara aðrar leiðir í notkun gervigreindar og notar hana til þess að hrekja smáfugla á braut með tæki sínu AI Bird Repeller. Fuglar í búfjárhúsum geta nefnilega verið mikil plága og kostað bændur mikið fóður og svo fylgja fuglum mikil óþrif. Tæknin byggir á því að tölva stýrir eftirlitsmyndavél sem getur hreyfst í allar áttir. Hugbúnaðurinn greinir svo það sem á skjánum er, og ef um fugl er að ræða skýtur hann laserljósi á fuglinn sem fælist við það og flýgur upp. Tölvan safnar svo upplýsingum um það hve oft kerfið hefur fælt burtu fugla og hver árangurinn er, sem fyrirtækið sjálft segir að sé 70%. Já, allt er nú til.



**Eyrnaskjól fyrir kálfa** Eyrnaskjól fyrir kálfa verða nú líklega ekki söluvara á Íslandi en þar sem þetta er einkar áhugavert fær þessi nýjung að fljóta hér með. Það er fyrirtækið AKROH Industries B.V. sem er með þessi sérstöku eyrnaskjól fyrir kálfana en þau eru sérstaklega fyrir bændur sem eru með kálfana úti og í aðstæðum þar sem frost getur farið niður í allt að -45 gráður. Þó nautgripir þrífist í raun afar vel í frosti, þá eiga kálfar í vandræðum í hörkugaddi og þá er hætta á að eyrun hreinlega frjósi og skaddist af þeim völdum. Þess vegna eru núna til sölu svona eyrnaskjól og raunar, þegar leitað er að efninu á veraldarvefnum, má finna fjölmörg fyrirtæki sem framleiða sambærilegan búnað.




**Þjarkur fyllir fóðurblandarann** Það var auðvitað bara tímaspursmál hvenær kæmi raunhæf sjálfkeyrandi vél fyrir bændur, en undanfarin ár hafa hinar ýmsu gerðir af þjörkum komið á markað svo sem skítasköfuþjarkar, fóðursópar og fóðrunarþjarkar. Allt saman sjálfkeyrandi tæki sem sérhönnuð eru fyrir búskap. Nú hefur fyrirtækið ManuRob frumsýnt hina sjálfkeyrandi vél LaodIX en vélin er sérstaklega aðlöguð að vinnu á kúabúum og getur sjálfvirkt ekið um fóðuraðstöðu og sótt bæði vothey og þurrvörur og mokað ofan í fóðurblandara og kemur mannshönd þar hvergi nærri.

Annars voru fleiri áhugaverðar lausnir á þessu sviði einnig kynntar eins og t.d. Weidemann liðléttingur sem eltir bóndann, t.d. ef verið er að vinna utandyra við girðingarvinnu og hafa þarf girðingarefni við hendina í skóflu liðléttingsins svo dæmi sé tekið. Þá getur bóndinn s.s. haft litla fjarstýringu á sér og með því að styðja á hnapp á henni, „eltir“ liðléttingurinn fjarstýringuna sjálfvirkt.



**Kúa-fótboltaspil** Ekki það að fótboltaspil hafi verið sérstaklega í kynningu á sýningunni, né til sölu, en ekki er hægt að sleppa því að nefna útfærslu á þessu hefðbundna borðspili sem hingað til hefur verið sett plast-leikmönnum en núna kúm.



**Heyfóðrunarleikfang** Margir eigendur hesta kannast vel við netfóðrun hesta, þ.e. þegar hey er sett í eins konar netpoka til þess að draga úr áthraða hestanna og um leið að gefa þeim eitthvað að dunda við. Nú er í raun komin sambærileg lausn sem líka má nota fyrir nautgripi. Það er fyrirtækið Kerbl sem framleiðir þetta heyfóðrunarleikfang, sem er bæði markaðssett fyrir hross og nautgripi. Um er að ræða ílát úr plasti sem alsett er götum þar sem hey stingst út. Boltinn er svo hengdur upp í stíu gripanna og geta þeir þá bæði leikið sér að því að hreyfa boltann og sleikt eða nagað út heytuggur við og við.




**Sjálfkeyrandi hænsnakofi** Ef marka má fjölmargar uppfærslur á samfélagsmiðlum er vinsælt í dag að vera með nokkrar hænur í bakgarðinum. Á sumrin ættu allar hænur að fá aðgengi að útisvæði en ef það er á sama staðnum veðst það fljótt upp enda hænur afar góðar í því að róta í jarðveginum í leit að einhverju bitastæðu. Lausnin á þessu er að vera með útibúr á hjólum en hingað til hafa búr sem þessi verið færð handvirkt. Nú hefur fyrirtækið Ukkö fundið skemmtilega lausn á þessu en það er einfaldlega sjálfkeyrandi hænsnakofi sem fyrirtækið kallar Rova Barn Micro. Kofinn, sem bæði er með fóðrunar-, drykkjar-, varp- og svefnaðstöðu, er knúinn rafmagnsmótor sem einfaldlega sér um að færa kofann til um túnið með reglulegu millibili svo grasið tætist ekki of mikið upp.



„Vigta" kýrnar með myndavélinni á símanum Fyrirtækið Tool AI var einnig með aðra áhugaverða nýjung en hún byggir einnig á notkun myndavélar símans og tengingu við gervigreind. Sérstakur hugbúnaður getur núna gefið mjög góða vísbendingu um þunga grips með því einu að mynda gripinn frá nokkrum sjónarhornum. Bóndinn getur því fengið mat á þunga gripa með einföldum hætti og með skekkjumörkum upp á einungis 5%.



Með þráðlausa skynjara í vömbinni Eins og fram kom hér að framan voru þó nokkur fyrirtæki að kynna búnað sem getur fylgst með heilsufari nautgripa með eyrnamerkjum en svo voru líka fyrirtæki að kynna búnað sem fylgist með atferli og heilsufari innan frá. Moonsyst var eitt þeirra en það fyrirtæki selur sérstaka skynjara sem settir eru í vömb kúa. Þaðan er svo fylgst með þáttum eins og áti, sýrustigi vambar, hitastigi gripsins, hreyfingu, beiðsli og almennu heilsufari. Búnaðurinn sendir upplýsingar um þessa þætti í fjóstölvuna sem svo lætur bóndann vita ef eitthvað er að eða ef t.d. þarf að sæða viðkomandi grip. Þessir skynjarar geta, umfram skynjara sem t.d. eru settir í eyru gripa, á hálsólar eða fætur, sem sagt betur gefið upplýsingar um ástand fóðrunar og meltingar.










# „Við stöndum þétt saman ...“

**Atburðarásin í íslensku stjórnmálunum** hefur verið hröð síðustu vikurnar og þegar þessar línur eru skrifaðar bendir ýmislegt til þess að á því verði engin breyting. Ný ríkisstjórn sýnist í burðarliðnum og þrír flokksformenn nálgast stjórnarmyndunarviðræðurnar meira að segja syngjandi um að „Valkyrjustjórnin“ „standi þétt saman og snúi bökum saman“. Hvort sem þessi fyrsta sviðsmynd verður að veruleika eða einhver önnur, og þá væntanlega yfir á hinn væng pólitíska litrófsins, leyfi ég mér að vera bjartsýnn á að stjórnarmyndunarviðræður klárist á skömmum tíma. Í fyrsta lagi vegna þess að línurnar til bæði hægri og vinstri virðast nokkuð skýrar og í öðru lagi vegna þess að okkur liggur á að fá að stjórnvelinum vaska sveit sem setur sér metnaðarfullan kúrs og gengur hratt til verka.

> Þjóðin stendur „þétt saman og snýr bökum saman“ í afdráttarlausri samstöðu sinni með íslenskum bændum ...

**Stóru málefnin sem mest voru til umræðu** í aðdraganda kosninganna, s.s. efnahagsmálin, heilbrigðismál, velferðarmál og menntamál munu að sjálfsögðu rata inn í nýjan stjórnarsáttmála og sem betur fer líka margt sem lítið sem ekkert var minnst á í kosningabaráttunni. Umhverfismálin, loftslagsmál, virkjanaframkvæmdir og framboð á raforku eru þar á meðal og vonandi er að atvinnulífinu verði tryggð viðunandi umgjörð. Án verðmætasköpunar þess er tómt mál að tala um fjárhagslegan styrk til þess að standa undir þeirri fyrsta flokks þjónustu sem íslenskur almenningur gerir svo skýlausa kröfu um.

**Íslenski landbúnaðurinn leggur í þeim efnum** mikið af mörkum til samfélagsins. Ekki eingöngu fjárhagslega heldur einnig í lykilhlutverki sínu varðandi fæðuöryggi þjóðarinnar. Þar má reyndar betur ef duga skal. Þrátt fyrir talsverðan eigin styrk og framleiðslugetu erum við háð innflutningi á áburði, kjarnfóðri, olíu og ýmsu öðru sem knýr frumframleiðslu landbúnaðarins. Þær birgðir sem til eru í landinu hverju sinni duga skammt ef skyndilega lokast fyrir aðgengi að slíkum aðföngum. Á því þarf að gera bragarbót.

**Við höfum alls staðar mætt miklum áhuga** á málefnum landbúnaðarins hjá frambjóðendum og mörgum þeirra sem að afloknum kosningum sitja á þingi. Þess vegna er ég vongóður um að ný ríkisstjórn muni taka tafarlaust á brýnustu málunum sem snúa að bændum og flestum er ljóst að mörg þeirra hafa verið látin reka á reiðanum alltof lengi.

**Stærsta og brýnasta viðfangsefnið** mun vonandi rata alla leið inn í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar. Íslensk stjórnvöld geta ekki deginum lengur látið ásælni og uppkaup erlendra auðkýfinga á íslensku landi sig engu varða. Bændasamtökin vöktu á þessu athygli í auglýsingum, á sérstökum fundum með frambjóðendum og á þeim fjölmörgu bændafundum sem efnt var til í nóvember. Á þá fundi mættu auk bænda fjölmargir frambjóðendur og þingmenn sem fyrir vikið eru meðvitaðir um hættuna sem að steðjar vegna stefnuleysis stjórnvalda.

**Nýleg fyrsta frétt Stöðvar 2 um málið** með góðu viðtali við nýráðinn framkvæmdastjóra okkar hratt af stað talsverðri umræðu um þessi ískyggilegu uppkaup og hættuna á því að íslenskt land verði selt á uppsprengdu verði vegna t.d. dýrmætra vatnsréttinda, framlags eigendanna til kolefnisjöfnunar eða annars sem ekkert hefur með hefðbundinn landbúnað og lífsnauðsynlega matvælaframleiðslu að gera.

**Og ný ríkisstjórn þarf í senn** að þekkja tækifærin, hin jákvæðu „grænu ljós landbúnaðarins“, og skilja þann aðsteðjandi vanda sem blasir við. Án nauðsynlegrar nýliðunar verður íslenskur landbúnaður hvorki fugl né fiskur þegar til lengri framtíðar er litið. Hann verður líka hálfgerður vesalingur ef stór hluti bænda í ýmsum búgreinum neyðist til þess að drýgja tekjurnar með verulegri aukavinnu utan býlisins og um leið vinnuálagi sem stórlega skerðir lífsgæði. Fyrir rúmu ári síðan lét þáverandi matvælaráðherra þau orð falla að íslenskir bændur búi ekki í sama efnahagslega veruleika og aðrir og það gangi ekki upp.


Trausti Hjálmarsson.

**Stefnuleysi stjórnvalda** hvað varðar eignarhald og nýtingu þess lands sem þjóðinni er treyst fyrir er nú þegar farið að skemma út frá sér. Sama má segja um stefnuleysi í umhverfisþáttum landbúnaðarins og um leið t.d. stuðning við búgreinar á borð við landgræðslu og skógrækt. Í langflestum búgreinum þurfa bændur skýra stefnu í tollvernd sem tryggir þeim hið minnsta rekstrarskilyrði og stuðning sem talist getur sambærilegur við það sem kollegum þeirra í nágranna- og viðmiðunarlöndum okkar bjóðast.

**Búvörusamningar renna út í lok ársins 2026.** Reynslan kennir okkur að samningaviðræðurnar sem þeim tengjast á milli stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands mega ekki hefjast seinna en um leið og ný ríkisstjórn hefur verið mynduð og tekið við veldissprotanum. Það er íslenskur ósiður að setjast ekki niður við samningaborðið fyrr en í óefni er komið. Búvörusamningar eru víðfeðmir og flóknir. Þeir krefjast langs tíma í greiningarvinnu og skoðanaskipti. Dagleg óvissa bænda um fjölmarga þætti í rekstri sínum er miklu meira en nægileg án þess að búvörusamningar séu líka í lausu lofti.

**Niðurstöður í nýlegri viðhorfskönnun** sem Gallup gerði fyrir Bændasamtök Íslands og Samtök fyrirtækja í landbúnaði verður nýrri ríkisstjórn vonandi hvatning til dáða í málefnum landbúnaðarins. Í henni kom fram að 87,6% landsmanna eru mjög eða frekar jákvæðir gagnvart íslenskum bændum og 80% svarenda töldu best að flestar eða allar landbúnaðarvörur væru framleiddar hér á landi. Niðurstöðurnar eru bæði afgerandi og ánægjulegar. Þjóðin stendur „þétt saman og snýr bökum saman“ í afdráttarlausri samstöðu sinni með íslenskum bændum og ánægju með gæðin í framleiðslu þeirra.

*Trausti Hjálmarsson,*
*formaður Bændasamtaka Íslands.*



# Vinnu lokið við nýjan verðlagsgrundvöll

**Bændur hafa lengi kallað eftir uppfærslu á verðlagsgrundvelli mjólkur, en sá grundvöllur sem hefur verið til viðmiðunar er frá árinu 2001.**


Reynir Þór Jónson.

Allt aftur til ársins 2008 má finna í fundargerðum verðlagsnefndar að brýnt sé að uppfæra grundvöllinn og ítrekað hafa bændur og einnig fulltrúar vinnumarkaðarins kallað eftir nýjum grundvelli til að vinna með.

***Tímalína verkefnisins***

Í nóvember 2022 var loks samþykkt í verðlagsnefnd búvara að ráðast í endurskoðun á grundvellinum. Gerðist það í kjölfar þess að ný verðlagsnefnd hafði verið skipuð í ágúst það ár, með nýjum formanni, auk þess sem ASÍ og BSRB skipuðu loks fulltrúa í nefndina.

Aðeins annar hljómur var í nýrri nefnd miðað við þá sem var á undan. Allir voru sammála um mikilvægi þess að ráðast í endurskoðun á gamla grundvellinum og í framhaldinu var unnin kostnaðaráætlun sem lögð var fyrir þáverandi matvælaráðherra. Fjárveiting í verkefnið fékkst og vinnan gat farið af stað.

Í mars 2023 funduðu formaður verðlagsnefndar, fulltrúar matvælaráðuneytis og Hagstofu Íslands um verkefnið. Ráðuneytið gerði kröfu um að fá óháðan aðila í verkið og í apríl 2023 var samþykkt að Hagfræðistofnun Háskóla Íslands myndi sjá um endurskoðunina. Óskað var þó eftir því að verðlagsnefndinni yrði haldið upplýstri um framvindu málsins.

Í lok árs var staða endurskoðunar kynnt fyrir verðlagsnefnd. Vinnan var stutt á veg komin, verið var að safna gögnum.

Í mars 2024 kynnti Hagfræðistofnun HÍ stöðuna á verkefninu og gafst fulltrúum nefndarinnar tækifæri til að leggja fram athugasemdir, sem Bændasamtökin gerðu. Mánuði seinna fundaði nefndin aftur og fór yfir ýmsar forsendur grundvallarins. Í framhaldinu skilaði Hagfræðistofnun HÍ af sér verkefninu.

Vinnunni var þó ekki lokið þar sem ákveðnir liðir, þá einkum launaliður og fjármagnsliðir, voru ekki nægilega lýsandi fyrir hið nýja verðlagsbú. Vann því nefndin grunninn áfram sjálf og var ný útgáfa birt í byrjun október. Í kjölfarið að








því var nýr verðlagsgrundvöllur staðfestur af verðlagsnefnd þann 29. október, sl.

***Forsendur og niðurstöður***

Í Búvörulögum frá 1993 eru markmið verðlagsgrundvallar mjólkur skilgreind með eftirfarandi hætti: *„Ákvörðun um lágmarksverð mjólkur skal byggjast á gerð verðlagsgrundvallar fyrir bú af hagkvæmri stærð, með framleiðsluaðstöðu þar sem tekið er mið af opinberum heilbrigðis- og aðbúnaðarkröfum og hagkvæmum framleiðsluháttum. Áætlað vinnuframlag skili endurgjaldi hliðstæðu og gerist hjá starfsstéttum sem bera sambærilega ábyrgð á rekstri og mæta hliðstæðum kröfum um viðveru og færni."*

Stærð viðmiðunarbús var ein af fyrstu forsendunum sem þurfti að ákveða. Lagt var til að viðmiðunarbúið yrði með einn mjaltaþjón og samdi Hagfræðistofnun HÍ við RML að taka saman upplýsingar um bú af þeirri stærð. Niðurstaðan úr þeirri greiningu var ekki ófrábrugðin meðaltalstölum rekstrarverkefnis RML fyrir árið 2022 og var því ákveðið að styðjast við þær tölur. Stærð nýs viðmiðunarbús var því ákveðið; 61 árskýr og 377.991 lítra ársframleiðsla. Eldra bú miðaði við 40 árskýr og 188.000 lítra framleiðslu.

Niðurstöðutölur í hinum nýja verðlagsgrundvelli byggja allar á rekstrargreiningarverkefni RML að undanskildum launalið og fjárbindingu. Við mat á launalið lagði Hagfræðistofnun HÍ til að stuðst yrði við launaflokk 1222 „Yfirmenn framleiðslu- og rekstradeilda í iðnaði" (20%) og launaflokk 7 „Störf iðnaðarmanna og sérhæfðs iðnverkafólks" (80%). Verðlagsnefnd ákvað að miðað yrði við 2,4 ársverk á viðmiðunarbúinu en til grundvallar ákvörðuninni var stuðst við norsk og evrópsk gögn um vinnuframlag.

Verðlagsnefnd taldi að fjárbindinguna þyrfti að skoða betur og lagðist í töluverða vinnu til að meta hana. Aflað var gagna hjá söluaðilum tækja og búnaðar og gögn fengin frá RML, MAR (fjárfestingastuðningur) og frá verkfræðistofu til að meta byggingakostnað. Ákveðið var að notast við viðurkennda landbúnaðarhagfræði til að meta vexti og afskriftir.

Framreikningur á grunninum leiðir í ljós að í september 2024 er breytilegur kostnaður metinn á 89,7 kr./ltr. Fastur kostnaður er 26,7 kr./ltr. og laun og launatengd gjöld 114,8 kr./ltr. Afskriftir og vextir 74,9 kr./ltr. Niðurstaðan er því sú að framleiðslukostnaður á hvern lítra mjólkur á viðmiðunarbúinu er 306 krónur, í september 2024.

***Næstu skref***

Bændur hafa lengi kallað eftir nýjum verðlagsgrundvelli mjólkur. Það hafa aðilar vinnumarkaðsins (ASÍ og BSRB) einnig gert en þeir hafa stundum ekki tilnefnt fulltrúa í verðlagsnefnd með þeim rökum að gögnin sem unnið er með séu gömul og úrelt. Nú er nýr verðlagsgrundvöllur tilbúinn og því hægt að koma fram með trúverðug gögn, sem munu eflaust verða lykiltæki í hagsmunabaráttu bænda næstu misserin.

*Höfundur er fráfarandi fulltrúi BÍ í verðlagsnefnd búvara.*





# Byggðasaga Skagafjarðar

## Heildarútgáfa I.-X. bindi

SÍÐUSTU HEILDARSETTIN




TILBOÐ kr. 50.000 FYRIR ALLAR TÍU BÆKURNAR

**Ofangreint verð býðst þeim sem panta beint frá útgáfunni. Þeir sem greiða fyrirfram fá bækurnar sendar burðargjaldsfrítt. Annars leggst við burðargjald.**

**Kennitala Sögufélagsins er:**
640269 - 4649
**Bankareikningur:**
0310 - 26 - 017302

**Heildarútgáfa Byggðasögu Skagafjarðar**

- **I. bindi** um Skefilsstaðahrepp og Skarðshrepp **ekki selt stakt**
- **II. bindi** um Staðarhrepp og Seyluhrepp **kr. 6.000**
- **III. bindi** um Lýtingsstaðahrepp **kr. 6.000**
- **IV. bindi** um Akrahrepp **kr. 6.000**
- **V. bindi** um Rípurhrepp og Viðvíkurhrepp **kr. 6.000**
- **VI. bindi** um Hólahrepp **kr. 6.000**
- **VII. bindi** um Hofshrepp **kr. 6.000**
- **VIII. bindi** um Fellshrepp og Haganeshrepp **kr. 6.000**
- **IX. bindi** um Holtshrepp **kr. 6.000**
- **X. bindi** um Hofsós, Grafarós, eyjarnar og Haganesvík **kr. 6.000**

SÖGUFÉLAG SKAGFIRÐINGA
STOFNAÐ 1937

**Safnahúsinu**
**550 Sauðárkróki**
**Sími 453 6261 / 897 8646**
Netfang: saga@skagafjordur.is
Heimasíða: sogufelag.skagafjordur.is



# Þankar um loftslagsvegvísi bænda

**Í síðasta Bændablaði er fjallað um loftslagsvegvísi bænda og losun frá landbúnaði sett fram í myndrænu formi í þúsundum tonna $CO_2$ ígilda.**

Í skýringum við myndina segir: *„Myndin hér að ofan sýnir flokkun á losun frá landbúnaði, eins og hún er framsett í loftslagsvegvísi bænda. Byggt er á sömu forsendum og Umhverfisstofnun notar við vinnslu landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda (ICCP).“* Síðar í myndatexta segir: *„Bein losun sem landbúnaðurinn ber ábyrgð á var á árinu 2022 618 þ.t. $CO_2$íg. Losun vegna landnotkunar sem landbúnaðurinn getur haft áhrif á, er um 7.743 þ.t. $CO_2$íg.“* Síðan er beinni losun deilt á framleidda einingu matvæla og sú niðurstaða sýnd að losun sé 3,5 kg $CO_2$íg. á hvert framleitt kg matvæla.


Ari Teitsson.

Fyrir liggur að landsskýrsla Umhverfisstofnunar er byggð á samantekt sem unnin var á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands m.a. eftir forskrift IPCC. Miklir fyrirvarar voru af háskólans hálfu settir við þá vinnu og ætlaðar niðurstöður, m.a. tengt takmarkaðri þekkingaröflun og norðlægri legu landsins.

Sé reynt að reikna losun út frá afurðum er afar brýnt að sem réttastir reiknistuðlar séu notaðir, stuðlar sem taka mið af raunverulegum aðstæðum þar sem afurðirnar eru framleiddar. **Ekki er síður mikilvægt að samfara útreikningi á losum sé reiknuð binding við sömu framleiðslu.**

Losunartölur þær sem settar eru fram í loftslagsvegvísi bænda eru í raun reiknaðar á grundvelli IPCC og virðast í of litlum tengslum við raunverulegt kolefnisjafnvægi landbúnaðarins.

Þótt reiknuð séu 3,5 kg $CO_2$íg losun á hvert kg matvæla bendir flest til að í vel reknum sauðfjár- og nautgripabúskap hérlendis sé kolefnisjafnvægi eða jafnvel binding. Kolefnisjafnvægi er vel lýst með eftirfarandi setningu:

*„Kolefnishlutleysi vísar til þess að losun og binding kolefnis sé í jafnvægi, þ.e. að losun koldíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda sé ekki meiri en það magn kolefnis sem fjarlægt er úr andrúmsloftinu, t.d. með því að binda það í jarðvegi eða gróðri eða með öðrum hætti.“* (SG)

### *Mat á loftslagsáhrifum metans við íslenskar aðstæður*

Rúmur helmingur af ætlaðri beinni losun vegna landbúnaðar kemur frá metan, en fyrir liggur eftirfarandi ábending þar um: *„Sameindarþyngd CH4 er um 16 en sameindarþyngd CO2 um 44. Við umbreytingu CH4 í $CO_2$ (oxun og vatnsmyndum virðist stuðullinn því nálægt 44/16 = 2,75 en ekki 25 eins og gert er ráð fyrir í mati á loftslagsáhrifum CG4 losunar. Er þá horft til þess að CH4 eyðist á 10–12 árum og sé atvinnugrein í jafnvægi eyðist jafn mikið og losnar af CH4.“ (JG 2016)* .

Á viðmiðunarári kolefnisjöfnunar 1990 voru hér á vetrarfóðrum 548.508 kindur og 78.889 nautgripir. Haustið 2023 voru vetrarfóðraðar kindur 354.986 og nautgripir 78.732. Frá 1990 hefur því verið fjarlægt (eyðst) meira af metan úr andrúmslofti en komið hefur inn vegna sauðfjár og nautgripa. Því virðist rétt að nota stuðulinn 2,75 við losun metans frá sauðfé og nautgripum meðan fjöldi gripa er minni en var 1990.

Þá má finna á erlendum vettvangi efasemdir um þær reiknikúnstir sem notaðar eru við útreikninga á losun metan frá búfé og væri ástæða til að skoða þær frekar.


**„Vonandi fellur umræða um kolefnisjafnvægi landbúnaðarins ekki í gryfju hugmyndafræðinnar,“ segir Ari m.a. í grein sinni.** Mynd / Jason Krieger

### *Fyrirvarar varðandi losunarstuðla*

Ofmat losunar í þeim tölum sem notaðar eru í Loftslagsvegvísi bænda eru raunar staðfest af Jóhanni Þórssyni líffræðingi í Bændablaðinu en þar segir hann: *„Stuðlar IPCC samkvæmt aðferðarþrepi 1 eru oftar en ekki í hærri kanti þess sem gæti verið að gerast enda hvetur það ríki til að afla sér betri gagna. Það er hins vegar ekkert sem segir að útkoman verði betri þegar komnir eru landsstuðlar en í tilviki Íslands má alveg gera ráð fyrir að svo verði í einhverjum tilvikum innan sumra landnýtingarflokkanna eða undirflokka þeirra. Þetta gæti til dæmis átt við um framræst land.“*

Í umfjöllun Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) um stuðla til útreiknings kolefnislosunar eru einnig verulegir fyrirvarar:

Um áreiðanleika matsins segir í inngangi: *„Það mat sem hér er sett fram á losun gróðurhúsalofttegunda í landbúnaði og tengdri landnýtingu er háð verulegri óvissu og því mjög mikilvægt að efla þekkingu á þeim ferlum sem eru í gangi.“ (JG 2016)*

Í umfjöllun um losun frá framræslu segir m.a: *„Almennt þá hefur það mikil áhrif á hversu hratt niðurbrot lífrænna efna gengur fyrir sig hve mikið er af auðniðurbrjótanlegum efnum eins og einföldum kolvetnum í þeim. Eftir því sem lífrænu efni brotna meira niður verður hlutfallslega minna og minna af þessum efnum, og það hægir á heildarniðurbrotinu. Þannig að búast má við að því eldri, sem viðkomandi framleiðsla er því minni sé losunin. Í gömlum framræslum hér á landi eru efstu lög jarðvegsins að mestu full niðurbrotin og þarf jafnvel að fara niður á 40–50 cm til að finna merkjanlegar plöntuleifar.*

*Miklu getur skipt að bæta mat á áhrifum þessara þátta á losun úr framræstu landi og jafnframt að skipta því upp m.t.t. þessara þátta.“ (JG 2016)*

Um landnýtingu segir m.a: *„Það skiptir líka máli hvernig meðferð er á landinu innan hvers landnýtingarflokks. Það er t.d. vel þekkt erlendis að kolefnisforði lands í ræktun getur bæði aukist og minnkað eftir því hvernig staðið er að ræktuninni. Innan Kyoto bókunar loftslags-samningsins er ríkjum gert kleift að nýta sér breytingar í ræktun (Cropland management) til að binda kolefni til mótvægis við þá losun sem er hjá þeim. Hér á landi hefur þessum þætti lítið verið sinnt, en að öllum líkindum þurfa að verða breytingar þar á á næstu árum, m.a. vegna samstarfs við aðrar Evrópuþjóðir í loftslagsmálum.“ (JG 2016)*

Enn fremur segir: *„Hver staðan er núna á almenna mólendinu liggur ekki ljóst fyrir eins og rætt er hér að framan. Mögulega eru hér á ferðinni mjög stórar tölur í losun og eða upptöku kolefnis.“ (JG 2016)*

Um breytingar á gróðurfari segir m.a: *„Mælingar Skógræktar ríkisins hafa sýnt að birkikjarr er að aukast bæði að umfangi og kolefnisforða á hverri flatareiningu (Hellsing et al. 2014).*

*Skýring aukningarinnar liggur ekki ljós fyrir en m.a. hefur verið bent á minni beit en var á níunda áratug síðustu aldar og hlýnandi veðurfar. Einnig kann hluti skýringar að vera að kjarr sé að sækja inn í framræst votlendi.“ (JG 2016)*

Að lokum segir m.a: *„Til að nálgast heildarlosun einhverrar framleiðslu er oft gerð s.n. lífsferilsgreining á viðkomandi framleiðslu, en þá er framleiðsluferlið rakið lið fyrir lið og allir þættir þess innan skilgreindra marka metnir m.a. m.t.t. losunar gróðurhúsalofttegunda. Slíkar greiningar eru utan viðfangsefnis þessarar skýrslu, en væru að mati höfunda skynsamlegt næsta skref til að skerpa myndina fyrir einstakar greinar landbúnaðarins.“ (JG 2016)*

Samkvæmt því sem fram kemur hér að ofan eru þeir reiknistuðlar sem notaðir eru í loftlagsvegvísi landbúnaðarins í besta falli ótraustir og virðast raunar oft rangir í okkar landbúnaðarumhverfi.


## Skaftárhreppur - Skipulagsauglýsing

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundum sínum 25. september og 7. október að auglýsa eftirfarandi skipulög:

**1. Endurskoðun Aðalskipulags Skaftárhrepps 2023-2043**
*skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010*
Tillagan felur í sér endurskoðun á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043 og er sett fram á uppdrætti, í greinargerðum. Um er að ræða heildarendurskoðun aðalskipulags. Vinnan hefur staðið yfir frá því 2019 en tilgangurinn með endurskoðun aðalskipulagsins er að laga skipulagið að breyttum forsendum, lögum, reglugerðum, áætlunum og stefnumörkun stjórnvalda svo hægt verði að takast á við þær áskoranir sem fyrir liggja. Við endurskoðunina verður mótuð stefna um landnotkun, náttúruvernd og þróun byggðar í sveitarfélaginu öllu.
**Skipulagsgátt hlekkur: https://skipulagsgatt.is/issues/2024/873**

**2. Snæbýli 1, ferðaþjónusta**
*skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010*
Fyrir eru þrjú hús sem var 1. áfangi. Hús 4, 5, og 6 eru 2. áfangi og hús 7, 8, 9, 10 og 11 eru 3. áfangi. Tillagan var áður auglýst með athugasemdafresti til 30. júní 2022. Vegna ósamræmis við gildandi aðalskipulag þá er nauðsynlegt að endurauglýsa tillöguna samhliða endurskoðun aðalskipulags.
**Skipulagsgátt hlekkur: https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1440**

**3. Deiliskipulag Efri Ey II og III**
*skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010*
Skipulagssvæðið nær til hluta af landi Efri-Eyjar II (L163319) og hluta af landi Efri Eyjar III (L163320). Skipulagssvæðið er um 3 ha. Meginmarkmið deiliskipulagsins er að skilgreina ramma utan um ferðaþjónustuna sem fyrir er á svæðinu og framtíðaruppbyggingu henni tengdri. Tillagan var áður auglýst með athugasemdafresti til 30. júní 2022. Vegna ósamræmis við gildandi aðalskipulag þá er nauðsynlegt að endurauglýsa tillöguna samhliða endurskoðun aðalskipulags.
**Skipulagsgátt hlekkur: https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1442**

**4. Deiliskipulag Núpar-Breyting**
*skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010*
Tillagan sem gekk út á aukið byggingarmagn úr 3000 m2 í 4700 m2 var áður auglýst með athugasemdafresti til 5. júní 2023. Vegna ósamræmis við gildandi aðalskipulag þá er nauðsynlegt að endurauglýsa tillöguna samhliða endurskoðun aðalskipulags.
**Skipulagsgátt hlekkur: https://skipulagsgatt.is/issues/2023/318**

**5. Hemruhlíð**
*skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010*
Tillagan felur í sér 29 sumarhúsalóðir á bilinu 0,51-0,67. Tillagan var áður auglýst með athugasemdafresti til 1. nóvember 2023. Vegna ósamræmis við gildandi aðalskipulag þá er nauðsynlegt að endurauglýsa tillöguna samhliða endurskoðun aðalskipulags.
**Skipulagsgátt hlekkur: https://skipulagsgatt.is/issues/2023/595**

**6. Giljaland**
*skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010*
Breytingin gengur út að deiliskipulagssvæðið er stækkað til suðurs og verður eftir breytingu 5,9 ha. Bætt er við byggingarreit B5 þar sem heimilt verður að reisa þjónustuhús og tæknirými, 6 smáhýsi sem hvert og eitt er 15,95 m2 að grunnfleti og 4 smáhýsi 25 m2 að grunnfleti.
**Skipulagsgátt hlekkur: https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1443**

**7. Dalbæjarstapi**
*skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010*
Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir lóð Dalbæjarstapa L236483 sem skipt var úr landi Ytri-Dalbæ Skaftárhreppi. Fyrirhugað deiliskipulag mun afmarka lóð, aðkomu, byggingarreiti og sérafnotareiti innan lóðar.
**Skipulagsgátt hlekkur: https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1444**

**8. Laki**
*skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010*
Um er að ræða gerð deiliskipulags fyrir aðstöðu fyrir ferðafólk í Laka í Skaftárhreppi, sem er innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Við stofnun þjóðgarðsins var áformað að efla þjónustu við ferðamenn á svæðinu og er gerð deiliskipulags liður í því, en stefnt er að gerð gönguleiða og uppbyggingu bílastæða og áningarstaðar.
**Skipulagsgátt hlekkur: https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1445**

**9. Miðsvæði Kirkjubæjarklaustur, nýtt deiliskipulag**
*skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010*
Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir miðsvæði Kirkjubæjarklausturs sem er um 20,8 ha að stærð. Helstu forsendur deiliskipulagsins eru annars vegar að mæta eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði, og hins vegar að skipuleggja nýtt íþróttasvæði í sveitarfélaginu.
**Skipulagsgátt hlekkur: https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1447**

Ofangreindar tillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 4 á skrifstofutíma sveitarfélagsins. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar undir skipulagsgátt undir málsnúmerum hér að ofan. Mál 1-8 eru til kynningar frá og með 6. desember 2024 til 20. janúar 2025. Mál 9 er til kynningar frá og með 6. desember 2024 til 6. janúar 2025

**Athugasemdum og ábendingum skal skila í skipulagsgátt undir viðeigandi málsnúmerum eða á netfangið klaustur@klaustur.is.**

**Skipulagsfulltrúi Skaftárhrepps**
**Óskar Örn Gunnarsson**

***Afleiðingar af notkun of hárra losunarstuðla:***

Markaðsstaða landbúnaðar veikist, sbr: *„Fræðimenn við Landbúnaðarháskóla Íslands hafa þannig reiknað út að losun við framleiðslu á einu kílói af íslensku lambakjöti sé svipuð og af flugferð frá Íslandi til meginlands Evrópu“ (Ólafur Stephensen Mbl. 17.12. 2022).*

Áhugi bænda á þátttöku í loftslagsverkefnum minnkar sé landbúnaður borinn röngum sökum varðandi losun gróðurhúsalofttegunda.

Virtir vísindamenn gagnrýna að ósekju stöðu landbúnaðar í loftslagsmálun, sbr. ummæli Halldórs Þorgeirssonar í RÚV 27. nóv. sl.

Því lengur og meir sem rangir stuðlar eru notaðir, því meiri trúverðugleika öðlast þeir.

***Tækifæri til sóknar:***

Í umfjöllun LbhÍ sbr. hér að ofan felast einnig tækifæri til sóknar í landbúnaði:

Skynsamleg nálgun á raunverulegri stöðu metan frá íslenskum landbúnaði í lofthjúpi jarðar breytir mjög sýn á loftslagsáhrif landbúnaðarins.

Rangt er að reikna árlega aukningu metan í lofthjúpi jarðar vegna íslenskra jórturdýra þegar fyrir liggur að metan í andrúmslofti frá þeim komið minnkar ár frá ári.

Heimild bænda til að nýta sér breytingar í ræktun til að binda kolefni til mótvægis við þá losun sem er hjá þeim kann að breyta miklu varðandi kolefnisjafnvægi hjá fjölda búa.

Breytingar í ræktun gætu m.a. falist í bættri nýtingu búfjáráburðar og takmörkun á plægingu og annarri jarðvinnslu. Einhver umfangsmesta kolefnisbinding hérlendis er binding kolefnis við framleiðslu á heyi af vel ræktuðum túnum. Sé allur búfjáráburður borinn aftur á túnin á heppilegum tíma má ætla að a.m.k. 20% af því kolefni sem bundið er í heyinu, við kolefnistillífun með tilstyrk sólarljóss, bindist varanlega í túnunum. Sú binding gæti numið allt að 1,5 tn $CO_2$íg á hektara.

*„Nýleg safngreining á fjölda rannsóknaniðurstaðna alls staðar að úr heiminum sýnir að búfjáráburður eykur mjög kolefnisforða jarðvegs og enn frekar ef einnig er borinn á tilbúinn áburður (Gross, Glaser 2021). Áhrifin eru mest hlutfallslega í köldu loftslagi og þar sem kolefnisinnihald jarðvegsins er mjög lágt“. (ÞS og fl. 2022)*

Staðfest er breytt gróðurfar og auking á öflugum kolefnisbindandi gróðri á eldra framræstu landi.

Víða má sjá í eldri skurðahólfum sem ekki hafa verið tekin til ræktunar að þar vex nú upp öflugri gróður en í næsta umhverfi, m.a. birki og víðirunnar. Skýringin er væntanlega að losun köfnunarefnis samfara framræslu nýtist plöntunum til vaxtar en skortur á köfnunarefni er yfirleitt takmarkandi þáttur við vöxt jarðargróða í úthögum hérlendis. Ætla má að þegar allangt er liðið frá framræslu (30 ár?) hafi dregið svo úr kolefnislosun að binding vegna vaxandi gróðurs sé meiri en losun og því kolefnisjafnvægi í eldri framræslu víða jákvætt.

***Lífsferilsgreining einstakra búa mikilvæg***

Lífsferilsgreining á búskap og búskaparháttum á einstökum búum virðist forsenda fyrir raunhæfu mati á kolefnisjafnvægi hvers bús. Við það mat verður að nota losunar- og bindistuðla sem taka mið af aðstæðum búsins svo sem nýtingu búfjáráburðar, jarðvinnsluaðferðum, aldri framræslu, gæði beitilanda og fl. **Hvorki mun fást rétt né skynsamleg niðurstaða með notkun fjarlægra IPCC stuðla.**

***Eru vísindin á undanhaldi?***

Með breyttu formi tjáskipta eykst hætta á að fagleg umræða og nýting þekkingar eigi í vök að verjast gagnvart hugmyndafræði og hleypidómum. Þessari hættu er vel lýst í lok greinar sem Þröstur Eysteinsson ritaði í Skógræktarritið (síðara hefti 2023) við lok farsæls starfs sem skógræktarstjóri, en þar segir hann:

*„Taka ber hugmyndafræði með fyrirvara. Að hugsa út frá hugmyndafræði felur í sér að fylgja ákveðnum viðmiðum/skoðunum sem einhver annar hefur þróað, eða það sem verra er, einhver hópur fólks. Ekki það að hópar geti ekki komist að skynsamlegri niðurstöðu, það er bara að þeir gera það oft ekki, af því að meðlimir hópsins hafa að minnsta kosti jafn mikla þörf fyrir að samsamast hópnum og að ná skynsamlegri niðurstöðu. Þess vegna hafa ráðandi hugmyndir, annað hvort þær sem meirihlutinn heldur fram eða þær sem ráðandi einstaklingar hafa, tilhneigingu til að verða að hugmyndafræði fremur en þær sem eru skynsamlegar, í takti við raunveruleikann eða vísindalega staðfestar. Fólk sem aðhyllist hugmyndafræði tekur því sem gefnum hlut að það hafi rétt fyrir sér og að það sé siðferðilega æðra þeim sem ekki fylgja sömu hugmyndafræði. Skoðanir sem ekki eru í samræmi við hugmyndafræðina eru einfaldlega rangar í þeirra huga. Þar sem hugmyndafræðin er gefin er ekki þörf á að rökræða hana. Andmæli skoðast sem árásir frekar en rökræða. Það er kaldhæðnislegt að fylgjendur hugmyndafræði saka oft aðra um þröngsýni.“*

Vonandi fellur umræða um kolefnisjafnvægi landbúnaðarins ekki í gryfju hugmyndafræðinnar.

*Höfundur er fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands.*




SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

Verð 4.490.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki “verð frá”.

RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM
ALDREI
„VERÐ FRÁ“

CAT GC neyðarrafstöðvar
33 kVA – 1500 kVA




Hannaðar til að draga úr kostnaði og hámarka afköst
CAT GC neyðarrafstöðvar skila hinum þekktu afköstum CAT á meðan þær draga úr uppsetningar-, flutnings- og rekstrarkostnaði. Þær tryggja hagkvæmni og skilvirkni fyrir þig og þinn rekstur.

— Hleðslutæki
— Vatnshitari
— Hljóðeinangrun / veðurhlíf
— GCCP mælaborð
— Eldsneytistankur
— Sjálfvirk
— CAT RAM fjargæsla / fjarstart
— Stuttur afgreiðslutími

Hafðu samband við **Sigurð Vilhjálmsson**, sölustjóra, í **590 5126** eða **sv@klettur.is**, fyrir nánari upplýsingar.

KLETTUR
REYKJAVÍK — HAFNARFJÖRÐUR — AKUREYRI — 590 5100

VALTRA N línan
TRAUSTUR VINNUFÉLAGI
135-201 hestafl

Veldu HiTech, Active, Versu eða Direct útgáfu
Ótrúlegt úrval búnaðar í boði
Mikil fjölhæfni

reddot winner 2022
MADE IN FINLAND



AFLVÉLAR
GARÐABÆ | AKUREYRI | SELFOSSI
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

# Garðyrkja og myndlist í hversdeginum

**Nú er hreyfing í garðinum sem umlykur Listasafn Árnesinga í Hveragerði og bæjarbúar og nærsveitafólk er boðið sérstaklega velkomið þangað nú sem endranær.**



Edda Kristín Sigurjónsdóttir.



„Sólarorkan sem plöntur nýta sér til ljóstillífunar er á mjög svipaðri bylgjulengd og sú sem mannsaugað greinir sem sýnilegt ljós, litrófið. Þetta er merkileg staðreynd og huglæg tenging á milli garðyrkju og myndlistar sem segja má að sé undirtónn grunnhugmyndarinnar í garðinum, að tengja hann viðfangi safnsins, myndlistinni,“ segir Edda Kristín m.a. í grein sinni. Mynd /Aðsend

Í garðinum er hægt og rólega að mótast umgjörð utan um safnbygginguna, sem líta má á sem grunnaðan striga þar sem allt getur gerst, hnitakerfi sem teiknast upp með tímanum og sérhverri heimsókn í garðinn. Þar má hæglega ímynda sér fleiri plöntur, höggmyndir, gjörninga, kakó í brúsa, litríki, lautarferð og sólber í munni, vinafund, teikniæfingar, söngstund, sólböð og snjóengla.

Hvatinn að hreyfingunni kom frá greinarhöfundi sem hefur unnið að fjölbreytilegum verkefnum á fagsviði myndlistar og hönnunar um langt árabil og útskrifaðist nýlega úr lífrænni ræktun við Garðyrkjuskólann á Reykjum. Ég setti mig í samband við safnstjóra, Kristínu Scheving, með tillögu að langtímaverkefni í garðinum en Kristín var þá þegar með hugann við að glæða garðinn lífi og tók vel á móti frumkvæðinu.

### *Ljóstillífun og litróf*

Sólarorkan sem plöntur nýta sér til ljóstillífunar er á mjög svipaðri bylgjulengd og sú sem mannsaugað greinir sem sýnilegt ljós, litrófið. Þetta er merkileg staðreynd og huglæg tenging á milli garðyrkju og myndlistar sem segja má að sé undirtónn grunnhugmyndarinnar í garðinum, að tengja hann viðfangi safnsins, myndlistinni.

Myndlist er sennilega víðfeðmasta fagsvið heims því hún takmarkast aðeins af hugðarefnum listamanna og felur þannig í raun í sér öll önnur fagsvið. Myndlistin bráðnar hér kannski inn í garðyrkjuna. Í báðum fögum er spáð í innri og ytri aðstæður, samsetningu og samspil, ríkjandi öfl, hið efnislega og skynræna, tímann og ekki síst fegurðina. Litir, form, efni og áferð, framvinda og jafnvægi eru gjarnan meðal þess sem er listamönnum og ræktendum mikilvægt. Þessir þættir eru hafðir í huga við þróun garðsins þar sem helsta markmiðið er að hann geti orðið vettvangur fyrir nærandi stundir, staður þar sem gestir geta ræktað tengingu sína við jörðina, skerpt skilningarvitin og þælt í vanmetinn, hann er margslunginn og ætti ávallt að hlúa vel að.

### *Plönturnar í garðinum*

Hugað er að orkustöðvum líkamans með sínu innra litrófi og þar með er áhersla á fjölbreytilegar ætiplöntur og lækningajurtir. Fyrsti áfangi var unninn sumarið 2023 þegar berjalundur var útbúinn vestan megin við safnbygginguna og hefur hann að geyma nokkrar tegundir sólberja og rifsberja úr Nátthaga, bestu myntu bæjarins sem Ingólfur Guðnason, garðyrkjufræðingur og kennari við Garðyrkjuskólann, var svo hugulsamur að gefa afleggjara af, auk villijarðarberja sem eiga vonandi eftir að breiða úr sér. Á sömu hlið safnsins voru mótuð þrjú hringlaga beð og í hvert þeirra komið fyrir einu yrki af ígulrós, einnig úr Nátthaga. Austan megin er gamalt trjábelti sem nú er í því meginhlutverki að fóstra ungar trjáplöntur sem settar voru niður og munu vonandi komast á legg áður en þau gömlu hverfa aftur til upprunans. Þar má nú finna fimm tegundir reyniviðar sem hver um sig hefur sín sérkenni í blaðlögun, lit, berjum og áferð.

Nágrannar reynikvintettsins eru tveir heggir. Við valið á þeim var hugsað til Kristmanns Guðmundssonar, rithöfundar og ræktanda (1901–1983), sem ákvað upphaflega að rækta upp fallegan reit í Hveragerði sem verklegan gjörning og andstöðu við eyðileggingu og niðurbrot seinni heimsstyrjaldarinnar sem þá geisaði. Hann bjó við Skáldagötuna í Hveragerði og ræktaði þar mikilfenglegan skrúðgarð og þróaði meðal annars yrki af heggi. Heggirnir og reyniviðurinn koma úr Kjarri en þar eru einnig birkitré sem garðyrkjustjóri bæjarins galdraði fram og ýmis botngróður sem, ef óskir rætast, mun breiða úr sér og mynda grænt teppi undir ungu trén.

### *Samstarf við Garðyrkjuskólann á Reykjum*

Stofnað var til samstarfs við Garðyrkjuskólann á Reykjum síðastliðinn vetur og úr varð að nokkrir útskriftarnemar í skrúðgarðyrkju, Árný Guðfinnsdóttir, Helena Stefánsdóttir, Ólafur Þórir Auðunsson og Óli Sigurjónsson, unnu lokaverkefni sitt í garðinum. Í sameiningu teiknuðum við upp hlaðin blómabeð sem hægt er að tylla sér á og helst eru ætluð einærum plöntum. Útlit þeirra, umgjörð og staðsetning var hugsuð út frá stöplum sem fyrir eru í garðinum og óreglulegu formi byggingarinnar sjálfrar. Samhliða upphækkaða beðinu var bætt í skjólbelti fyrir suðaustanáttinni með stæðilegum reynivið frá Borg og grassófa var komið fyrir í flötinni sem reynist bæði fallegur og þægilegur. Vonir standa til að þessi viðbót hjálpi við að gera garðinn að þægilegum áningarstað í bæjarlandslaginu á komandi árum og einnig til þess að framhald verði á samstarfi við þann mikilvæga skóla sem Garðyrkjuskólinn er.

### *Löturhæg framvinda verkefnisins*

Í safninu er nú hægt að nálgast ljósmyndir og sendibréf til gesta um verkefnið ásamt yfirlitsteikningu af garðinum með upplýsingum um þær tegundir sem þegar eru í honum. Þar er vöngum velt yfir möguleikum á að nýta garðinn til að skilja og skynja umhverfi sitt betur og þjálfa skilningarvitin.

Framvinda verkefnisins er hæg í takti við árstíðirnar og vaxtarhraða einstakra plantna og margar hverjar verða fyrst búnar að breiða úr sér eftir fjölda ára. Garðurinn er staður þar sem sólarorkan efnisgerist og vel má ímynda sér hann sem stað til að fylgjast með hringrás lífs og lita, vexti og þroska plantnanna, blómgun, fræmyndun, hnignun, niðurbroti og endurfæðingu.

Lífríkið í garðinum er á sérhverjum tíma fyrirtaks innblástur og ekki síst á mótum árstíða og við endurteknar heimsóknir á ólíkum tímum ársins. Plönturnar hafa nú undirbúið sig og hægt á fyrir veturinn, eitthvað sem við mannfólkið getum tekið okkur til fyrirmyndar. Garðurinn er alltaf opinn og þar er hægt að tylla sér, kúra í sófanum, kjafta og horfa upp í stjörnubjartan himin, stinga fingrunum í moldina, hnoða snjóbolta eða leggjast í grasið, virða fyrir sér liti, form, efni og óravíddir sem gestir eru einmitt hvattir til að gera hvort sem viðkoman er stutt eða löng, að vetri sem sumri.

*Höfundur er garðyrkjufræðingur, ritstjóri og menntaður hönnuður.*




**Sigmundarstaðir. Mælimastur á Grjóthálsi**

Auglýsing um niðurstöðu sveitarstjórnar Borgarbyggðar vegna skipulags

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 9. október 2024 eftirfarandi tillögu samkvæmt 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

**Deiliskipulag Sigmundarstaðir – Mælimastur á Grjóthálsi**

Deiliskipulagið tekur til áætlunar um að reisa mælimastur til vindrannsókna.

Tillaga að deiliskipulagi Sigmundarstaðir. Mælimastur á Grjóthálsi var auglýst frá 20.06.2024 – 18.08.2024.

Athugasemdir bárust frá hagsmunaaðilum. Brugðist var við þeim eða þeim send umsögn.

Deiliskipulagstillagan hefur verið send Skipulagsstofnun og mun taka gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.
Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu sveitarstjórnar geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar, Digranesgötu 2, Borgarnesi.

Vakin er athygli á málskotsrétti samkvæmt 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 en þar kemur fram að stjórnvaldsákvarðanir má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Þeir einir geta kært stjórnvaldsákvarðanir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kæra á. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu skipulagsáætlana í B-deild Stjórnartíðinda.

**Borgarbyggð 5. desember 2024**

BORGARBYGGÐ

# Minkaveiðiátak

**Þegar ég var ungur maður fyrir hátt í mannsaldri síðan sagði móðir mín, sem var alin upp í Kollafirði, mér sögur af því að þegar hún var barn fékk hún oft að fara með eldri bræðrum sínum að veiða silung í Kollafjarðaránni.**



Einar Geir Guðnason.

Veiðarnar fóru þannig fram að sett var lukt yfir hyl, beðið smá stund, síðan var fiskinum mokað upp með heykvísl (ótrúlegt en satt) og oft var góður afli. En svo kom minkurinn.

Minkar voru fyrst fluttir til Íslands árið 1931 og byrjuðu að sleppa sannarlega 1932 í Grímsnesi en einnig í Reykjavík og Mosfellssveit á næstu árum á eftir.

Fyrsta minkagrenið fannst við Elliðaárnar 1937, ári seinna við Leirvogsá í Mosfellssveit og á næstu áratugum alltaf á stærra og stærra svæði, stöðvaði að sunnanverðu við Skeiðarársand, en hélt áfram norður og austur með landinu og endaði landnámið í Öræfasveit 1975.

Á uppvaxtarárum móður minnar í Kollafirði minnkaði veiði í ánni mjög og svona veiðiaðferðir heyrðu sögunni til. Þetta ber einmitt upp á sömu áratugi og minkar voru að dreifast um svæðið og ná varanlegri búsetu, enda löngu ljóst að þeir hafa áhrif á fiskgengd á minni vatnasvæðum, lækjum, skurðum, tjörnum og minni ám þar sem seiðauppeldi er oft mikið.

Minkar eru miklir tækifærissinnar í fæðuvali og veiða bara það sem hentar hverju sinni, hvort sem það er fugl eða fiskur, veiða oft miklu meira en þeir torga, sem er trúlega forðasöfnun, gjöreyða oft heilu vörpunum eins og var í fréttum í vor þar sem kríuungar komust upp á Seltjarnarnesi þegar leyft var að fara með minkahunda um svæðið öðru hvoru.

Það er fróðlegt að skoða á YouTube , „mink vs svan“, og veit ég um tvö dæmi hér á landi þar sem minkar hafa sést drepa álftir, þetta er örugglega ekki algengt en sýnir vel hörkuna og dugnaðinn í þessum litlu skepnum. Einnig má sjá á sama stað minka veiða miklu stærri fiska en þeir eru sjálfir.



Höfundur þessarar greinar er gamall sjóari með áhuga á skotveiðum. Ég hef verið með fimmtán til tuttugu minkagildrur í rúm fimm ár á svæði sem er um einn þriðji af Flóahreppi í Árnessýslu. Í þessar gildrur hafa, þegar þetta er skrifað, komið 208 minkar, sem er ekki mikið á ári. En áhrifin á fuglalífið eru mjög augljós. Til að hafa áhrif á fiskgengd þarf örugglega stærra svæði í miklu lengri tíma.

Úr því að þetta er hægt samhliða sjómennsku í fjögur ár af fimm geta menn ímyndað sér hvað er hægt að gera í alvöru átaki hjá miklu fleiri á öllu landinu í miklu lengri tíma. Ég held að skaði af völdum minka í náttúrunni yrði orðin lítill eftir tíu ár þó ekki mætti láta þar við sitja.

Tilgangurinn með þessari grein er einmitt sá að hvetja alla sem búa úti í sveit, eiga sumarbústaði við ár, vötn eða sjó, eða alla sem eru þar sem minkar halda sig, yfir höfuð alla sem láta sig málið varða, að gera eitthvað í málinu. Það tekur kannski tvo til fjóra klukkutíma í upphafi að útbúa tvær til fjórar gildrur og koma þeim fyrir en síðan bara klukkutíma á viku í mesta lagi. Minkar eru nefnilega ofboðslega duglegar, grimmar skepnur en afskaplega vitgrannar og með smá tilsögn auðveiddar. Það þarf enga sérfræðinga í það.

En fyrir alla muni, minkar eru lifandi dýr og eiga að njóta sömu réttinda og önnur dýr, að gildrur sem þeir eru veiddir í sé útbúnaður sem aflífar þá strax. Slíkan útbúnað er bæði hægt að kaupa á Íslandi og smíða sjálfur, forneskjuleg pyntingaveiðarfæri eru óþörf. Það er árið 2024 og við, hinn viti borni maður. Mjög mikilvægt er, hvernig sem gildran er útbúin, að gatið inn í hana sé ekki meira en sjö sentímetrar í þvermál. Minkar fara auðveldlega inn í það en kettir ekki. Ég hef einu sinni fengið kött í gildru, þá var gatið stærra.

Minkar sluppu fyrst út í náttúruna 1932 sem fyrr segir og byrjuðu strax að dreifast um landið. Að sporna við útbreiðslu þeirra og síðar fækkun var í höndum ríkisins, síðar sveitarfélaganna. Löngu er komið í ljós að það hefur ekki skilað nema litlum áragri ef einhverjum þar sem aldrei hefur verið gert nema hluti af því sem þarf. Sparnaðarsjónarmið tekin fram fyrir árangur allt of víða og afraksturinn hjakk í sama farinu. Allavega er fullt af mink á Íslandi eftir áttatíu til níutíu ára aðgerðir.

Það er kominn tími til að allir sem láta sig eitthvað varða fuglalíf eða fiskgengd geri eitthvað í málinu sjálfir. Ég hvet reynslubolta í gildruveiðum að miðla af reynslu sinni. Það er síða á Facebook sem heitir „Refaveiðar og minkaveiðar á Íslandi“ og er upplagður vettvangur fyrir leiðbeiningar og til að bera saman bækur. Margar hendur vinna létt verk.

*Höfundur er gamall sjóari með áhuga á skotveiðum.*









# Kindurnar mínar kolefnisjafna sig sjálfar og ríflega það

**Ég fletti Bændablaðinu eins og venjulega. Þar er síðustu misserin mikið skrifað um kolefnisbindingu, loftslagsvænan landbúnað, sjálfbærni, líffræðilegan fjölbreytileika, gróðurhúsalofttegundir, kolefnisfótspor landbúnaðarins, loftslagsbókhald, endurheimt vistkerfa (lesist mokað ofan í skurði) o.s.frv.**


Þórarinn Magnússon.

Það er að sönnu ekki beinlínis sagt að bændur eigi að skammast sín eða a.m.k. að fá samviskubit fyrir að ofhita Jörðina með framferði sínu. Að framleiða mat fyrir þjóð sína. En fólk skilur fyrr en skellur í tönnum.

Fyrir rúmum þrjátíu árum var ég á ferð vestur í Kanada ásamt félögum mínum í Karlakórnum Heimi. Við fórum víða og skoðuðum margt undir frábærri leiðsögn Davíðs heitins Gíslasonar, bónda á Svaðastöðum í Geysisbyggð vestur þar. Í Albertafylki heimsóttum við m.a. bónda af íslenskum ættum sem stundaði nautgriparækt. Okkur var sagt að hann ræki stærsta bú sinnar tegundar í Kanada, þ.e. til nautakjötsframleiðslu. Það vakti undrun okkar að þarna voru nánast engar byggingar. Fóðurgeymslan var gras og kornstæða sem leit þó miklu fremur út sem gríðarstór hóll. Nautgripirnir voru að sögn allan ársins hring undir berum himni í mörgum misstórum gerðum (hólf úr grindverki). Þarna voru þeir fóðraðir eftir sex mánaða aldur. Fram að því gengu kálfarnir undir mæðrum sínum. Á veturna eru þarna ósjaldan naprir norðanvindar og frostið fer hæglega niður í -20 til -30 °C. Þarna fóru í gegn á hverju ári, – var okkur sagt – ríflega 80 þúsund gripir. Að stórum hluta var þeim ekið suður fyrir landamærin til USA og slátrað þar. Það fylgdi svo sögunni að í Kanada væri allt aðeins vasaútgáfa af því sem finna mætti í Bandaríkjunum. Til samanburðar voru á þessum tíma allar mjólkurkýr á Íslandi um það bil 33 þúsund.

Í Evrópu er nánast allt landslag manngert nema e.t.v. allra nyrsti hluti álfunnar. Sums staðar er þéttleiki dýra gríðarlegur, t.d. í Danmörku og Hollandi, annars staðar akrar eins og augað eygir. Oftast umbylt á hverju ári. Opinn svörður, óvarinn fyrir veðrum og vindum. Benelúxlöndin og Rínarsvæðið með þéttbýlustu svæðum Jarðarinnar. Hér verða til kenningar – réttar eða rangar – um skaðsemi landbúnaðar, ekki síst búfjárhalds fyrir andrúmsloftið og vistkerfið!!?

Hér á Íslandi er staðan gjörólík. Fámenn þjóð í stóru landi. Víðáttumikil óræktuð beitilönd og svo tún sem a.m.k. hjá sauðfjárbændum er sárasjaldan umbylt heldur vaxin fjölærum grösum sem binda kolefni úr andrúmsloftinu og framleiða í leiðinni súrefni fyrir alla og allt sem lífsanda dregur. Bæði erlendar og innlendar rannsóknir sýna óyggjandi að hæfilega bitinn úthafi og slegin tún binda miklu meira kolefni en óbitinn úthagi eða óslegin tún. Þetta geta allir sem eiga lóðir séð með eigin augum. Hér fyrir norðan fara þær að grænka og binda kolefni um mánaðamótin apríl/maí (trúlega fyrr syðra) og séu þær slegnar (eða beittar) heldur þetta áfram eins langt fram á haustið og tíðarfar leyfir. Sé lóðin hins vegar ekki slegin fer grasið að skríða ekki seinna en í júlíbyrjun og trénar fljótlega upp úr því. Hægist þá mjög á allri ljóstillífun. Þess má reyndar og geta að nú er nýlega útkomin skýrsla hóps vísindamanna sem segir hinn græna hluta Jarðarinnar binda 30% meira kolefni en IPCC gerir ráð fyrir í sínum líkönum. Engin smá villa ef rétt reynist.

Að láta eins og landbúnaður, eins og hann er stundaður á Íslandi, sé einhver vá fyrir loftslagið eða líffræðilega fjölbreytni, er svo yfirgengileg bábilja að engu tali tekur. Að stór hluti „landbúnaðarakademíunnar“ (að ekki sé talað um háskólaakademíuna)



skuli annaðhvort taka undir þetta eða þegja þunnu hljóði er með öllu óskiljanlegt. Hér vil ég þó undanskilja sérstaklega tvo vísindamenn – þótt nokkra fleiri mætti nefna – þau prófessor Önnu Guðrúnu Þórhallsdóttur, okkar reynslumesta beitarsérfræðing, og Svein Hallgrímsson, fyrrverandi rektor Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Þau hafa bæði ítrekað, og með sterkum rökum, andæft þessari dellukenningu en eru ekki einu sinni virt svars. Firran skal keyrð áfram enda margir sem hafa orðið af henni framfærslu.

Þessi grein er skrifuð inn í örmengið Ísland og mér finnst hún eiga erindi þangað. Í stóra samhenginu horfa málin öðruvísi við. Framleidd eru í stórum stíl tæki og tól til að rústa mannvirkjum og drepa fólk. Hergagnaiðnaðurinn blómstrar sem aldrei fyrr. Íslensk stjórnvöld hafa nú markað sér þá stefnu að taka fullan þátt í þeim háskaleik. Nota peningana okkar sem við greiðum í sameiginlegan sjóð til að framleiða vopn. Ekkert er þá spurt um kolefnisspor, loftslagsbókhald eða líffræðilega fjölbreytni. Í þessu stóra samhengi skiptir engu hvað við gerum. Til að friða samviskuna mokum við ofan í skurði og reynum að stemma stigu við prumpi jórturdýra!!

Skyldi Bændablaðið hafa eitthvað um þetta að segja?

*Höfundur er bóndi á Frostastöðum.*




# Verðugur launa sinna

**Það hefur löngum þótt sjálfsagður hlutur að veiðimenn á vegum sveitarfélaga séu ekki verðugir launa sinna, á þann hátt litið að lítilfjörlega hefur verið greitt fyrir þennan málaflokk svo árum skiptir.**


Garðar Páll Jónsson.

Í dag er greitt samkvæmt töxtum sem eru að stofninum til síðan 1994 með litlum breytingum, vissulega hafa einhver sveitarfélög bætt í pottinn smá glaðningi en grunnurinn er ekki hár, á sama tíma hafa veiðimenn þurft að takast á við almenningsálit sem lítur sífellt meira niður á þennan hóp.

Þetta eru ekki nýjar fréttir að illa sé greitt fyrir veiðina og vitna ég hér í eldri grein

*Þess vegna mun Búnaðarþing hafa óskað að hækkuð yrðu skotlaun fyrir tófur í 300 kr. En meðferð þings á þessu frumvarpi sýnir átakanlega og glórulitla fáfræði fulltrúa okkar viðvíkjandi þörfum og striti alþýðunnar, þegar þingmenn fóru að velta vöngum yfir frumvarpinu. Þótti sumum sjálfsagður „sparnaður“ að lækka framlagið um helming, öðrum þótti það fullmikið, en sáttir urðu þeir um að skera af því tvo fimmtu. Hvað sú hagræðing hefur kostað veit ég ekki.*

*Með hliðsjón af grenjakostnaði, árangri þeirra sem leggja sig fram við vetrarveiði og almennt tímakaup, ætti meðalgreindum mönnum ekki að vera nein ofætlun að sjá, að ég fer ekki fram á neina fjarstæðu, Aldrei finnast öll greni, aldrei vinnast allar tófur. Þess vegna á að örva vetrarveiði refa. Þetta hafa sumar sveitarstjórnir séð og lagt fram af þröngum fjárhag sínum aukin skotlaun(auk þeirra hundsbóta sem þingskörungar okkar urðu sammála um að skammta!).*

Guðmundur Þorsteinsson skrifar þetta í blaðið Tímann 14.01.1956.

Nú er staðan þannig í dag að öll aðföng hafa hækkað margfalt og ekki bara síðustu misseri. Til að geta stundað atvinnuveiðar að einhverju marki að árangur náist þarf vissan útbúnað og tæki. Vissulega er það hverjum sjálfgefið hvernig sá listi er samsettur en alltaf er viss grunnbúnaður sem þarf, svo bætist við kostnaður vegna ferða, þessi kostnaður hefur margfaldast undanfarið og eftirtekjan er minni fyrir vikið. Ég átti samtal við veiðimann í lok vertíðar síðasta haust og hann lét nokkuð vel af sér, sagði að gönguskórnir hefðu þó gengið sér til húðar í síðasta túrnum svo að trúlega yrði mínus á árinu vegna kaupa á nýjum skóm, svona tæpt getur þetta legið.

Þetta er löng saga og trúlega verður framhald á henni þótt raddir hermi að bjartara sé fram undan, nefnd sé í vinnslu um þennan málaflokk. Þegar þetta er skrifað er ekki vitað hvaða flokkur fer með þessi málefni eftir kosningar. Það var ekki ofarlega á listum þeirra flokka sem voru í kosningaham fyrir stuttu að fara djúpt í landsbyggðarmál og þessi málaflokkur er mjög lítill hluti af þeirri köku. Þó verður það að segjast að atvinnuveiðimenn hafa verið bjartsýnir um bættan hag í tæplega sjötíu ár og jafnvel lengur.

### *Að vera veiðimaður*

Það eru ekki margir sem þekkja það að stunda veiðar í dag, ef við horfum á heildarmyndina. Veiðimenn eru minnihlutahópur sem á undir högg að sækja, byggðaþróun og búsetusamsetning gerir það að verkum að veiðar eru talin tímakekkja og fornaldargjörningur, nútímaþjóðfélag hafi ekkert með þetta að gera. Háværir minnihlutahópar ráðast á veiðimenn úr öllum áttum með misgáfulegum málflutningi.

Að mínu mati á hver sem er hafa skoðun á þessu, hvort sem viðkomandi er fylgjandi veiðum eða ekki. Ég ólst upp við veiðar frá unga aldri og margir hafa notið þess í gegnum tíðina, það var nefnilega þannig að ég ólst upp við að deila út veiðinni án hagnaðar og mér finnst það góð hugsun, ásamt því að veiðar á vargi hvers konar stuðluðu að fjölbreyttari og sterkari stofnum. Þetta er hugsun sem er fjarri nútímamanninum, því miður.

Ég lærði snemma á lífsleiðinni að það er ekki einhlítt að fylgja hópnum, leiðin að áfangastað getur þýtt það að þú verðir að segja skilið við hópinn og trúa eigin sannfæringu. Sameiginleg trú skapar réttinn segir einhvers staðar en það er mikilvægt fyrir okkur sem einstaklinga að trúa og fylgja eigin sannfæringu, sérstaklega núna á tímum falsfrétta og órökstuddra upphrópana.

Að ná einhverjum tökum á því að vera veiðimaður þýðir að þú verðir að kunna að lesa náttúruna og veðurfarið, jafnvel sjávar- og tunglstöðu. Þetta er ekki eitthvað sem er kennt í skóla, þetta kemur með leiðsögn reyndari manna og endurteknum mistökum, við verðum að geta notað mistökin til að læra af þeim, byrja aftur og skilja betur samhengið, þroskast sem veiðimenn. Veiðimenn eru náttúruunnendur, náttúruverndarar, þeim er ekki sama hvernig hlutunum er skipt í náttúrunni. Að mínu mati á ég ekki að þurfa að réttlæta sífellt að ég sé atvinnuveiðimaður, ég veit ekki um neina stétt sem þarf slíka réttlætingu, ekki iðnaðarmenn, lögfræðingar, hagfræðingar svo eitthvað sé nefnt. Þótt við lifum í borgríki, sem hefur takmarkaðan skilning á því hvað er að gerast í náttúrunni, verðum við, litla röddin, að tala okkar máli, þora að leggja ein á brekkuna.

### *Landneminn*

Sú rödd hefur verið hávær hjá tiltölulega litlum en mjög svo háværum hóp að ref eigi að friða vegna þess að hann sé landnemi og eigi tilkall til þess að fá að vera í friði. Þessi hópur á nokkuð til síns máls, það er talið að refir hafi komið með ís um það leyti sem dýralíf fór að þróast hér. En það eru fáir sem muna hvernig þetta var og allir þeir refir sem fetuðu ósnertar grundir hér í denn eru löngu dauðir. Til að búa í því samfélagi sem við búum í dag verðum við að taka ábyrgð, ábyrgð á því hvernig náttúran er og hvernig við ætlum að skila henni, við erum jú hér bara örstutta stund. Hvernig ætla þessir raddir til dæmis að réttlæta frumbyggjarétt veiðimanna svo dæmi sé tekið, eiga frumbyggjar að leggja af sína ævafornu siði og flykkjast í kaupstaðinn? Þó að það séu ekki frumbyggjar hér, eða var það svoleiðis við landnám?

Það hefur jú verið þannig alveg frá landnámi, að háværum röddum sem flytja órökstuddar fullyrðingar er trúað af þeim sem ekki vita betur, þá kemur til kasta þeirra sem hafa trú og þrek að fylgja rökum og rannsóknum, fylgja rökstuddri sannfæringu, að tala til almúgans og tryggja sanngjarnan málflutning. Það er nefnilega þannig að nánast öllu í okkar náttúru í dag er stýrt einhvern veginn.

Það er mín trú og von að ég geti farið með börnum og afabörnum mínum á veiðar og kennt þeim sömu hluti og ég lærði, kennt þeim að virða náttúruna og læra á hana, umgangast af virðingu, skila henni aftur á sömu vegferð. Tryggjum þessa framtíð!

*Höfundur er formaður Bjarmalands, félags atvinnuveiðimanna í ref og mink.*



Kvenfélagskonur standa yfir baunapottum á sprengidaginn, f.v. Sigríður Skarphéðinsdóttir, Kristín Jóhannesdóttir og Sólveig Sigurðardóttir.

# Kvenfélög styrkja hinar dreifðu byggðir

**Kvenfélag Akrahrepps var stofnað 20. desember 1919 af bjartsýnum stórhuga konum.**

Fyrstu verkefnin sem konurnar í kvenfélagi Akrahrepps beittu sér fyrir voru aðkallandi, segja má að kvenfélögin hafi verið fyrsta og eina samfélagsþjónusta þeirra tíma.



Sigríður Garðarsdóttir.

Þær voru stórhuga, vildu bæta sveitarbraginn, skapa góðar og gefandi samverustundir kvenna.

Þær vildu efla heimilisiðnaðinn og héldu til þess námskeið og fegruðu umhverfið með jurta- og trjárækt við híbýli sín.

Félagið hefur starfað með reisn og krafti óslitið síðan. Félagatala hefur haldist nokkuð svipuð gegnum áratugina, heldur fjölgað þó. Núna erum við tæplega 30.

Stjórn félagsins skipa Dalla Þórðardóttir, Íris Lúðvíksdóttir, Linda Christina Wadström og Sigurlaug Halldórsdóttir.

Meðal þess sem við konurnar í Kvenfélagi Akrahrepps höldum utan um er hið árlega barnaball, sem verður æ fjölmennara með hverju árinu. Á sprengidaginn eldum við saltkjöt og baunir og bjóðum öllum hreppsbúum í Akrahreppi hinum forna í mat. Einig sjáum við um ýmiss konar veislur.

Þjóðhátíðardagurinn er haldinn hátíðlegur í samstarfi við Heldribílaklúbb Skagafjarðar. Eigendur fornbíla aka í skrúðakstri til kirkju og þiggja eftir messugjörð hátíðarkaffi og grillaðar pylsur ásamt öðrum kirkjugestum.

Áralöng hefð er fyrir að kvenfélagið gefi réttarkaffi við Silfrastaðarétt.



Höfundur á 100 ára afmæli kvenfélagsins með nöfnu sinni, Karlottu Sigríði Brynjarsdóttur, sem fór á sinn fyrsta kvenfélagsfund fárra vikna.

Myndir / Aðsendar

Hér er aðeins drepið á lítið eitt af því sem við konurnar gerum fyrir samfélagið. Við heiðrum vilja genginna félaga okkar að hjálpa þeim sem höllum fæti standa. Höfum við staðið fyrir ferðum til annarra landa okkur til ánægju, eins förum við gjarnan og heimsækjum smáframleiðendur og fyrirtæki í nærumhverfinu. Leikhúsferðir eru einnig árlegur viðburður í vetrardagskránni. Því ekki má gleyma að næra líkama og sál með samveru og fjöri.

Í tilefni af 85 ára afmæli félagsins 2004 gáfu konurnar út bókina Burknar með skrifum kvennanna í sveitinni.

Árið 2009 var gefin út uppskriftabókin Næring og nautnir með uppáhaldsuppskriftum félagskvenna ásamt ýmsu fróðlegu og hagnýtu. Hefur bókin verið prentuð aftur og aftur og selst vel.

Á 100 ára afmæli félagsins 2019 var gefin út saga kvenfélagsins frá upphafi. Er það afar fróðlegt rit og vandað. Þótti ástæða til að rifja upp sögu félagsins á myndarlegan hátt. Bókin er til sölu hjá félaginu.

---

*Höfundur er fyrrum bóndi og enn þá kvenfélagskona, Miðhúsum, Akrahreppi.*










# „Iðar djúpt í mold og móðu ...“

**Orðsins list kemur að þessu sinni frá Einari Benediktssyni.** Hann fæddist 31. október árið 1864. Einar gekk í Lærða skólann í Reykjavík og varð stúdent 1884. Þaðan lá leiðin í Kaupmannahafnarháskóla þar sem hann nam lögfræði og lauk því námi árið 1892.



Einar Benediktsson.

Einar lét snemma að sér kveða í landsmálaumræðu og árið 1896 stofnsetti hann fyrsta dagblaðið sem gefið var út á Íslandi, Dagskrá, og ritstýrði því í tvö ár. Hann kom að stofnun Landvarnarflokksins árið 1902 og átti drjúgan þátt í að koma upp fyrstu loftskeytastöð landsins árið 1906. Blaðið Dagskrá lifði ekki lengi en Einar kom að fleiri blöðum, svo sem Landvörn, Þjóðinni, Þjóðstefnu og Höfuðstaðnum.

Frá 1908 og fram til 1921 stundaði Einar einkum ýmsa fjármálastarfsemi og bjó þá víða, eins og í Noregi, Edinborg, Kaupmannahöfn og London. Þá ferðaðist hann mikið og dvaldi um tíma í Þýskalandi, á Spáni og í Norður-Afríku. Hann stofnaði t.d. Fossafélagið Títan árið 1914 ásamt öðrum, en það sóttist m.a. eftir því að virkja Þjórsá sem hins vegar var ekki virkjuð fyrr en hálfri öld síðar, með Búrfellsvirkjun. Þá lét hann fara fram rannsóknir á námum í Miðdal, til að skoða möguleika á málmvinnslu og sementsframleiðslu.

Við Héðinshöfða á Tjörnesi er minnisvarði um Einar, sem reistur var árið 1972. Þar var heimili Einars frá 1876 og fram á fullorðinsár, en faðir hans, Benedikt Sveinsson, gegndi starfi sýslumanns í Þingeyjarsýslum.

Einar var um skamma hríð eigandi jarðarinnar Þorvaldseyrar en seldi hana fyrir 9 þúsund krónur sem talið var metfé fyrir býjörð.

Frá 1921 bjó Einar lengst af í Reykjavík, en síðustu átta árin, frá 1932, bjó hann í Herdísarvík á Reykjanesskaga.

Fyrsta bók Einars, Sögur og kvæði, kom út 1897. Bækurnar urðu alls fimm talsins og eru hinar Hafblik, 1906, Hrannir, 1913, Vogar, 1921, og Hvammar, 1930. Þá þýddi hann Pétur Gaut eftir Henrik Ibsen, 1901. Auk þess skrifaði Einar mikið af blaðagreinum, ritgerðir og fleira sem birtust víða. Hann taldist til nýrómantískra skálda og var skáldskapur hans, jafnt sem athafnir, iðulega umdeildur. Orðin „Aðgát skal höfð í nærveru sálar“ eru úr ljóði hans, Einræður Starkaðar, III.

Einar lést árið 1940 og var grafinn í þjóðargrafreit á Þingvöllum. Stytta af Einari, eftir Ásmund Sveinsson, stendur við Höfða í Reykjavík, en Einar bjó í húsinu um árabil. Guðjón Friðriksson sagnfræðingur gaf út ævisögu Einars í þremur bindum á árunum 1997–2000. */sá*

Hafblik
***Haugaeldur***

III

...

*Iðar djúpt í mold og móðu*
*magn og líf, sem hefja þarf,*
*Niðjar Úlfs það niður tróðu,*
*nærri málmsins eldum stóðu, —*
*þekktu ei rétt sinn ríka arf,*
*ráku tign og auð á hvarf.*
*Rífa, slétta, hvað þeir hlóðu,*
*hátt og lágt — er fyrsta starf.*

*Kynið er þó gott frá grunni,*
*grær í sól og fjallahlé.*
*Heyrist enn hjá hlíð og unni*
*hljóma frónska í bóndans munni,*
*gullhrein eins og goðans vé. —*
*Glitblóm anga, dafna tré;*
*orkuhönd með orfi og hlunni*
*iðjar snauð að stjórn og fé.*

...

Vogar
***Morgunn***

...

*Og kotbúar rísa sem kóngar í höllum, —*
*þeir krýnast í sóldýrð af austurfjöllum;*
*þótt bærinn sé lágr, — engin borg við ský,*
*veit burstin mót himnum, frá gróandi völlum.*
*Og dögunin unga, að eilífu ný,*
*alheiminn leggur við mannsins fætur.*
*Að baki' eru allra aldanna nætur,*
*en eggjun í stundhraðans vængjagný.*

...

Einar Benediktsson, Kvæðasafn, bls. 101, 102, 460, Bragi hf. 1964



Ronja Lena Hafsteinsdóttir í hlutverki sínu sem Anna epli. Mynd / Sara Dröfn

Leikfélag Hveragerðis:

# Uppselt þar til í janúar

**Leikfélag Hveragerðis tók fyrir leikverkið vinsæla, Ávaxtakörfuna, nú í haust undir leikstjórn Gunnars Gunnsteinssonar og söngþjálfun Andreu Gylfadóttur.**

Ávaxtakarfan er líflegt og skemmtilegt verk sem tekur þó á viðkvæmu efni, einelti og fordómum, en Ingi Guðmundsson, formaður Leikfélags Hveragerðis, segir boðskapinn mikilvægan og eigi erindi við alla. Viðtökur á sýningunni hafa verið fram úr öllum vonum og er uppselt á Ávaxtakörfuna á þessu ári. „Síðasta sýningin hjá okkur er sunnudaginn 8. desember og þá höfum við verið með fullt hús á alls 22 sýningum frá því í september,“ segir Ingi. „Við erum ótrúlega ánægð með viðtökurnar enda ekki sjálfgefið að sýningar áhugaleikhúsa gangi svona vel.“

Sýningin þyki bæði vönduð og metnaðarfull auk þess sem það sé augljóst að samspil leikaranna beri vott um gott flæði.

Ákveðið hefur verið að halda sýningum áfram á nýju ári og er sala hafin á janúarsýningarnar á vefsíðu Tix.is. Miði á Ávaxtakörfuna er tilvalin jólagjöf auk þess sem sýningin hentar vel fyrir skólahópa. „Hópapantanir og fyrirspurnir fara fram í gegnum netfangið leikhver@gmail.com og um að gera að hafa samband,“ segir Ingi að lokum. */sp*






**Bændablaðið kemur næst út 19. desember**

Bókafregnir:

# Djúpavogsskáldið loks komið á bók

**Fáir lifa ástar án er heiti nýrrar ljóðabókar eftir Antoníus Sigurðsson, sem Félag ljóðaunnenda á Austurlandi var að senda frá sér.**



Antoníus Sigurðsson. Mynd / Aðsend




Antoníus Sigurðsson (1875–1944) var eitt þekktasta alþýðuskáld Austurlands á sinni tíð og hafði auknefnið Djúpavogsskáld.

Hann var fæddur og uppalinn á Berufjarðarströnd. Foreldrar hans voru Halldóra Gísladóttir og Sigurður Sigurðarson frá Krossgerði en hann ólst upp hjá hjónunum Kristínu Bessadóttur og Sigurði Ásmundssyni í Kelduskógum. Hann minntist fósturforeldranna og átthaganna með mikilli hlýju í ljóðum sínum.

***Vísur hans gengu manna á meðal***

Kona Antoníusar var Þórunn Erasmusdóttir úr Meðallandi og eignuðust þau dótturina Ragnhildi árið 1901. Þau hófu búskap á Djúpavogi árið 1906 og þar biðu störf verkamannsins Antoníusar. Einnig var hann mörg sumur kaupamaður í sveitum, m.a. í Löndum í Stöðvarfirði og á Berunesi í Berufirði. Hann var sjálfmenntaður og fékkst við barnakennslu í heimahúsum, auk þess að vera lengi meðhjálpari í Djúpavogskirkju.

Antoníus varð strax á unga aldri kunnur fyrir háttbundna ljóðagerð sína og fékk í viðurkenningarskyni auknefnið Djúpavogsskáld. Aðeins fá ljóða hans og lausavísna hafa birst á prenti en hann hélt kveðskapnum saman og fjöldi vísna hans flaug manna á milli.

***Búverk og trúariðkun toguðust á***

Kristján Ingimarsson á Djúpavogi ritar lokaorð. „Ljóð Antoníusar bera það með sér að hann hefur verið tilfinninganæmur eins og skáld eru gjarnan, líf hans hefur ekki alltaf verið dans á rósum en náttúran, fjölskylda og vinir hafa veitt honum gleði og hamingju“, segir m.a. í lokaorðunum og fram kemur að ljóðin beri þess vitni að Antoníus hafi verið trúmaður. Finna megi togstreitu milli þess að sinna búverkum og iðka trúna.

Bókin er 135 síður í harðspjöldum og er 24. bókin í röðinni Austfirsk ljóðskáld. Félag ljóðaunnenda á Austurlandi gefur, sem fyrr segir, út. */sá*

Austurland:

# Rýnt í matarkistuna

**Á Matarmóti Austurlands var hráefni fjórðungsins í aðalhlutverki auk þess sem færeyskt góðmeti var á boðstólum.**

Matvælaframleiðendur á Austurlandi kynntu vörur sínar á Matarmóti Matarauðs Austurlands í öndverðum nóvember, í Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Þema mótsins, hins fjórða í röðinni, var Landsins gæði – austfirsk hráefni. Framleiðendur sýndu vörur sínar úr hráefni að austan, seldu þær og gáfu gestum og gangandi smakk. Um var að ræða allt frá sælgæti og sultum til þurrkaðs ærkjöts. Þá voru á boðstólum sýnishorn af færeyskum matvælum.

Nýjung var að þessu sinni á matarmóti að framleiðendum sem nýta austfirskt hráefni, annað en matvæli, var boðið að kynna vörur sínar. Ýmsir fremstu kokkar landsins mættu einnig og sýndu listir sínar í eldun á austfirsku hráefni.

Á morgunfundi fyrir viðburðinn sté m.a. á svið Heidi Holm frá Visit Færeyjar en hún stýrir nýju verkefni; Bændur og ferðaþjónusta sem Visit Færeyjar og Færeyski landbúnaðarsjóðurinn standa að. Heidi fjallaði um verðmætasköpun í landbúnaði í Færeyjum, þar sem áhersla er á tengsl matar og ferðaþjónustu og hvernig hægt er að tengja, eða endurtengja, heimamenn og gesti við staðbundna framleiðslu. Þá sagði hún frá verkefni sem kallast „Heimablíðni“ sem gengur út á að bændur bjóða fólki heim – til að borða með þeim.

Fullt var út úr dyrum á matarmótinu. Því er ætlað að fagna grósku í matvælaframleiðslu á Austurlandi, mynda tengsl og auka samstarf innan og utan fjórðungs. Fyrsta mótið var haldið haustið 2021 og hefur síðan þá vaxið, mótast og tekið ýmsum breytingum. „Þeir framleiðendur sem voru á svæðinu voru himinlifandi með móttökurnar og telja að matarmótið sé orðinn mjög mikilvægur vettvangur fyrir þau til að kynna vörur sínar og koma þeim á framfæri,“ segir Valborg Ösp Árnadóttir Warén, verkefnastjóri hjá Austurbrú.

„Talið er að um 900 manns hafi sótt viðburðinn en það voru um 30 framleiðendur vara frá Austurlandi sem kynntu sig. Fjöldi sýnenda fer vaxandi með hverju árinu og ljóst að viðburðurinn hefur fest sig í sessi og er kominn til að vera,“ segir hún. */sá*



**Fjölbreytt framleiðsluvara var til sýnis, smakks og sölu á Matarmótinu.** Mynd / Austurbrú

Bókafregnir:

# Skilaboð að handan um bein Agnesar og Friðriks

**Öxin, Agnes og Friðrik. Síðasta aftakan á Íslandi – aðdragandi og eftirmál, er heiti nýrrar bókar eftir Magnús Ólafsson á Sveinsstöðum í Húnabyggð.**

Sagan af Agnesi Magnúsdóttur og Friðriki Sigurðssyni, og morðinu á Natani Ketilssyni á Illugastöðum á Vatnsnesi í V.-Húnavatnssýslu í mars 1828, hefur lifað með þjóðinni í bráðum tvær aldir.



**Magnús Ólafsson.**

Agnes og Friðrik voru hálshöggvin fyrir morðið á Natani og Pétri Jónssyni frá Geitaskarði hinn 12. janúar árið 1830. Þrístapar, þar sem aftakan fór fram, eru í landi Sveinsstaða, við norðurjaðar Vatnsdalshóla. Böðullinn, Guðmundur Ketilsson, var bróðir Natans.

„Ég var lengi bóndi á Sveinsstöðum í A.-Hún.,“ segir Magnús. „Á undan mér bjuggu forfeður mínir í beinan karllegg frá 1844 á Sveinsstöðum og síðustu 20 árin hafa sonur minn og tengdadóttir rekið bú á jörðinni og búa nú með 800 ær og eitthvað af hrossum,“ segir hann.




Magnús segir að meira en 100 árum eftir aftökuna hafi Agnes komið skilaboðum til afa Magnúsar, sem þá bjó á jörðinni, um það hvar bein þeirra Friðriks lægju og bað um að þau yrðu færð í vígða mold. Hann fann ásamt Ólafi, föður Magnúsar, líkamsleifarnar og grófu þeir þær upp – og töluðu aldrei um það síðan. Þau voru jarðsett að nýju í vígðri mold á Tjörn á Vatnsnesi árið 1934.

Magnús hefur kafað ofan í söguna af morðinu á Illugastöðum, ástæður voðaverksins og örlög helstu persóna og leikenda. Sýning hans í Landnámssetrinu, Öxin, Agnes og Friðrik, naut mikilla vinsælda og þá hefur hann í mörg ár farið með hópa, ýmist ríðandi eða gangandi, um söguviðið og sagt þessa örlagaríku sögu.

Í bókinni greinir Magnús frá tæplega tvö hundruð ára gömlu varnarskjali sem kom í leitirnar í fyrra og hefði getið breytt málalyktum ef yfirvald þess tíma hefði tekið mark á því.

„Enn hriktir í hjörtum og tárin renna þegar sagnamaðurinn Magnús Ólafsson segir harmsögu Agnesar, Friðriks og Natans. Einn mesti atburður Íslandssögunnar fær vængi og enginn má undan líta þegar bóndinn á Sveinsstöðum fær málið eftir andvökur og draumfarir og dauðans grimma hatur,“ segir Guðni Ágústsson um bókina á vef útgefanda.

Bókin er 221 síða, prýdd litmyndum, flestar höfundar, af sögustöðum. Útgefandi er Bjartur-Veröld.

Þess má geta að í Þjóðminjasafni er jafnan til sýnis í grunnsýningu höggstokkurinn og axarblaðið sem notað var við aftökuna. */sá*



**Á Þrístöpum fór fram síðasta opinbera aftakan á Íslandi árið 1830. Afsteypa af öxinni er til sýnis á Þrístöpum.** Mynd / Markaðsstofa Norðurlands


ÍSLAND ER LAND ÞITT



TERRA ISLANDIA

Handgerður platti af Íslandi - steyptur úr “Keramin”-i, efni sem er 100% endurunnið, sem gerir það að sjálbæru efni.
Plattinn kemur í fallegri öskju og með texta með upplýsingum um jarðfræði landsins, stærð og almennar upplýsingar bæði á Íslensku og ensku.
Plattinn er 18 cm í þvermál og er með lykkju til að hengja á vegg.
Plattinn kemur fallegi öskju, bæði til gjafa og til að tryggja að það fari vel með plattann
Einnig erum við aðra platta sem sýna parta af Íslandi:
Vestmannaeyjar, Vestfirðir, Vesturbyggð, Grímsey, Skagafjörður og Þórshöfn, Langanes og Bakkafjörður.



Verð pr. platta er kr. 9,900,-, ef keyptir eru tveir eða fleiri þá 30% afsláttur.

Hægt er að panta með því senda póst á proarc@proarc.is eða að hringja í GSM 857 0160



Nánari upplýsingar



REYNSLUMIKLIR GÁMAR TIL SÖLU

Eigum til sölu mikið úrval af notuðum og nýjum gámum.
Skoðaðu vöruúrvalið okkar á stolpigamar.is/solutorg

Sími 568 0100 | stolpigamar.is

Stólpi Gámar

# Sveitahúfa

## (Húfa á húsin)

Hugmyndir að uppskriftum og mynstrum koma víða að. Þessi húfa varð að stofni til við rölt á netinu, nánara útlit og úrtaka var hönnuð í samvinnu höfunda og litaval og samsetning þeirra einnig. Hugmyndir geta komið víða að, úr okkar nærumhverfi og því sem við notum dagsdaglega. Nú eru vinsælar svokallaðar „Lumber Jackets" eða skógarhöggsmannaúlpur. Kaflarnir í húfunni eru eins og á þeim mörgum og töff að eiga eins húfu og jakka. Það er því um að gera að líta í kringum sig til að fá hugmyndir, þær geta verið skammt undan og stundum þar sem síst má eiga von á þeim. Húfan er fljótprjónuð og alveg hægt að gera nokkrar og setja í jólapakka. Hún dugar vel í vetrarkuldanum þessi.

**Ein stærð, fullorðins.**

Auðvelt er að stækka eða minnka húfuna, hægt að nota stærri eða minni prjóna eða fjölga lykkjum eða fækka, en 8 lykkjur eru í hverju mynstri. Ef húfan á að vera grynnri, þá er einni mynsturlínu sleppt.

**Efni og áhöld:**

50 g tvöfaldur Þingborgarlopi í sauðalit og 2 litir litaður Þingborgarlopi, Slettuskjótt 50 g af hvorum. Með tvöföldu stroffi er húfan u.þ.b. 75 g að þyngd, þannig að aðeins þarf að bæta við aðallitinn til að eiga efni í tvær húfur.

4.5 mm og 6 mm 40 sm langir hringprjónar, 6 mm sokkaprjónar, saumnál til að ganga frá endum. Eins er hægt að nota lengri hringprjóna og nota „magic loop" aðferðina alla leið.

**Aðferð:**

Húfan er prjónuð í hring. Þegar lykkjum fækkar eftir seinni úrtöku eru sokkarprjónarnir notaðir.

Fitjið upp 80 lykkjur á 4.5 mm hringprjóninn. Prjónið stroff 2 sléttar og 2 brugðnar 12 sm. Eins má stroff vera 1 slétt og 1 brugðin lykkja, allt eftir smekk. Svo er hægt að hafa stroffið einfalt og prjóna það 6 sm. Skiptið yfir á 6 mm hringprjóninn og prjónið mynstur eftir teikningu. Takið úr eins og sýnt er.

Þegar úrtöku er lokið er gengið frá í toppinn eins og lýst er á mynsturblaði.

Þvoið húfuna í höndunum með volgu vatni og mildri sápu, skolið með hreinu vatni og kreistið það vel úr og leggið til þerris.

*Höfundar:*
*Katrín Andrésdóttir og Margrét Jónsdóttir*


















Hér til hliðar og að ofan er dæmi um hversu vel húfan nýtist við leik og störf. Frágangur á kollinum er sýndur og ýmis tilbrigði að lit. Síðasta myndin er af jakka sem gaf höfundum hugmynd að mynstrinu.




Þingborg

s. 846 9287, 482 1027
www.thingborg.is
facebook/thingborgull

Dóruband er jurtalitað Þingborgarband, bæði einband og tvíband. Það er unnið úr Þingborgarlopanum sem er sérvalin lambsull. Uppskriftin að peysunni hér í blaðinu er með Dórubandi og Þingborgarlopa. Allt fæst þetta í Ullarversluninni Þingborg, sem er staðsett í Gömlu Þingborg og er 8 km austan við Selfoss.

Verslunin er opin alla daga nema sunnudaga frá 10-17.

Póstsendum.

www.thingborg.is











Elín Jóna Traustadóttir og Margrét Gunnarsdóttir, eigendur hins nýja Ullarvers við Flúðir. Mynd / Aðsend

# Ullarvörur og námskeiðahald

**Ullarverið er nafn á nýrri verslun með ullartengdar vörur í verksmiðjuhúsnæði í Borgarási rétt við Flúðir í Hrunamannahreppi.**

Þar er einnig verið að koma upp aðstöðu til að grunnvinna ull fyrir viðskiptavini og vinnuaðstöðu fyrir námskeiðahald og vinnustofur.

Eigendur Ullarversins eru Margrét Gunnarsdóttir á Ísabakka og Fjallaspuni ehf., sem er í eigu Elínar Jónu Traustadóttur í Tungufelli. Verslunin var opnuð laugardaginn 30. nóvember sl.

„Næsta verkefni er að að koma upp aðstöðu til námskeiðahalds tengdu ullarvinnslu, til dæmis námskeið í spuna, vefnaði, litun og þæfingu. Í þeirri aðstöðu verður einnig hægt að hafa vinnustofur þar sem fólk getur leigt sér tíma til að nýta aðstöðuna til sinnar vinnu tengt ullinni," segir Elín Jóna.

Nú er verið að vinna í öflun véla fyrir ullarvinnsluna sjálfa og er stefnt að því að Margrét og Elín Jóna geti unnið sína eigin ull í náinni framtíð í fyrirtæki sínu.

„Íslenska sauðkindin og ullin af henni er náttúrlega frábær og hefur bjargað lífi okkar Íslendinga í gegnum tíðina. Ullin hefur löngum verið vanmetin enda okkar mesta áskorun í framtíðinni er að ef sauðfé fækkar mikið meira í landinu en nú er, þá mun verða skortur á ull til vinnslu. Við erum spenntar að taka á móti gestum í Ullarverið og vonum að sem flestir sem eru á ferð um svæðið komi við að skoða aðstöðuna," segir Margrét. /mhh

# Mannamót

**Bjarki Elvar Stefánsson sigraði á Íslandsmeistaramóti í Hornafjarðarmanna sem fór fram í Breiðfirðingabúð föstudaginn 15. nóvember sl.**

Hornafjarðarmanni er afbrigði af spilinu Manna sem var mjög vinsælt meðal Íslendinga á meðan menn stunduðu það enn að spila á spil sér til afþreyingar, afþreyingu sem mikið hefur hnignað á síðustu áratugum. Líklega byrjaði þessi afþreying að láta undan fyrir sjónvarpsáhorfi þegar sjónvarpið breiddist út en hefur örugglega hjaðnað enn hraðar eftir að einstaklingstölvur og snjalltæki komu til sögunnar.

Afbrigðið af Manna sem kallast Hornafjarðarmanni er rakið til séra Eiríks Helgasonar (1892–1954) sem var prestur á Sandfelli í Öræfum og síðan prófastur í Bjarnanesi í Hornafirði. Það var mjög vinsælt í Austur-Skaftafellssýslu og breiddist þaðan út með vertíðarmönnum sem reru frá Hornafirði á 20. öldinni og fleirum og var orðið þekkt um mest allt land áður en halla fór undan fæti fyrir almennri spilamennsku.

Hornafjarðarmanni hefur þó gengið í endurnýjun lífdaga á síðustu áratugum, eftir að eldhuginn Albert Eymundsson á Höfn í Hornafirði efndi til kappmóta í Hornafjarðarmanna. Það byrjaði allt á 100 ára afmæli Hornafjarðar sem verslunarstaðar árið 1997. Nú er keppt í þessu spili á ýmsum vettvangi. Hæst ber þó þrjú kappmót í spilinu. Eitt þeirra er keppnin um Hornafjarðarmeistara í Hornafjarðarmanna. Annað er Íslandsmótið í Hornafjarðarmanna, sem fram fer á vegum Skaftfellingafélagsins í Reykjavík árlega og er nú nýafstaðið. Hið þriðja er Heimsmeistaramótið í Hornafjarðarmanna, sem jafnan fer fram í tengslum við Humarhátíð á Hornafirði í júlí ár hvert. Fólk kemur víða að til að taka þátt í þessum mannamótum sem einkennast af sérstöku samspili skemmtunar og keppni.

Í Hornafjarðarmanna spila þrír á borði og safna stigum. Spilareglurnar eru einfaldar og lærist spilið mjög fljótt. Sá sem í lokin hefur aflað sér flestra stiga hefur unnið. Í keppnum í spilinu er spilað á mörgum borðum og flakka menn á milli númeraðra borða eftir ákveðnum reglum.

Mótsstjóri mannamótsins að þessu sinni var Sigurpáll Ingibergsson frá Fiskhóli á Höfn í Hornafirði. Íslandsmeistari árið 2024 varð Bjarki Elvar Stefánsson, sem er ættaður frá Hofskoti í Öræfum. Í lokasennunni atti hann kappi við hjónin Elínu Guðmundardóttur, sem er Norðfirðingur og Jón Guðmundsson frá Dvergasteini á Höfn. Veglegur farand-verðlaunagripur fylgir titlinum Íslandsmeistari í Hornafjarðarmanna. Hann er sérhannað hornfirskt leirlistaverk eftir Kristbjörgu Guðmundsdóttur leirlistakonu, en hún er af hornfirskum ættum, frá Byggðarholti í Lóni. Það var því sterkur skaftfellskur blær yfir mótinu. */Páll Imsland*



Sigurbjartur Ingibergsson mótsstjóri útskýrir reglurnar.



Íslandsmeistari í Hornafjarðarmanna, Bjarki Elvar Stefánsson, fyrir miðju, og hjónin Elín Guðmundardóttir og Jón Guðmundsson sem urðu í 2. og 3. sæti.
















Vélabásinn:

# Flytur fjölskyldur með stæl

## – Prufuakstur á Renault Scenic



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Renault Scenic er bíll ársins 2024 að mati evrópskra bílablaðamanna. Þetta er rúmgóður rafmagnsbíll sem er sérlega fríður og einfaldur í akstri. Myndir / ál

**Hér er á ferðinni nýr rafmagnsbíll frá Renault sem hefur fengið mikið lof hjá evrópskum bílablaðamönnum og var valinn bíll ársins 2024. Ökutækið er af svipaðri lengd og Kia Niro.**

Þessi bíll er áþekkur Renault Megane E-Tech í notkun, en Scenic er 26 sentímetrum lengri ásamt því að vera nokkrum sentímetrum breiðari og hærri sem skilar sér í auknu plássi fyrir farþega og farangur. Kaupendum Scenic stendur til boða að fá 87 kílóvattstunda rafhlöðu sem getur skilað allt að 625 kílómetra drægni, en einnig fæst minni 60 kílóvattstunda rafhlaða sem á að koma bílnum allt að 430 kílómetra á einni hleðslu við bestu aðstæður.

Ytra útlit þessa bíls er afgerandi og töff og einkennist af skörpum línum og hvössum hornum. Þessi nýjasta kynslóð Scenic er farin frá því að vera eins og ofvaxinn Renault Megane yfir í að vera eins og smækkaður jeppi. Svart plast meðfram hjólaskálum og sílsum gefur þá sjónhverfingu að það sé hærra undir bílinn en í rauninni er.

### *Stílhrein innrétting*

Þessi tiltekni bíll var af dýrustu útgáfunni sem nefnist Esprit Alpine og hefur framleiðandinn lyft upp innréttingunni með bláu skrauti hér og þar. Þar má nefna þykka bláa rönd sem nær frá hurðaspjöldunum þvert yfir mælaborðið, ásamt bláu gólfteppi og fóðri í hurðavösum í sama lit. Þetta þema heldur áfram með bláum saum hér og þar í innréttingunni og á sætunum.

Hart og mjúkt plast finnst víða í bland, en áferðin á öllu er áhugaverð. Esprit Alpine-útgáfan er með þaki að mestu leyti úr gleri sem hleypir inn mikilli birtu. Með því að ýta á takka ofan við framrúðuna er hægt að gera panorama-glerþakið alveg skýjað.

Í miðju mælaborðinu er stór og hár snertiskjár. Stýrikerfið virðist vera úthugsað og tekur skamman tíma að rata um viðmótið. Neðsta röndin á snertiskjánum er alltaf með flýtileið fyrir hita í sætum og stýri. Efst eru jafnframt alltaf takkar til að komast beint í stillingar, útvarp eða heimaskjá. Neðan við skjáinn eru hefðbundnir hnappar til að stjórna því helsta sem viðkemur miðstöðinni og nær Renault með þessu góðu jafnvægi milli fjölda hefðbundinna takka og notkunar snertiskjás.

Stýrishjólið er eins og rúnnaður sexhyrningur og fellur sérstaklega vel í hendi. Í pílárunum í stýrinu eru takkar til að stjórna hraðastilli og til að fletta í gegnum akstursölvuna í skjánum framan við ökumanninn. Fyrir aftan stýrið eru fjórar stangir sem gegna allar ólíkum hlutverkum og er það í stíl við aðra nýja rafmagnsbíla frá Renault. Að auki við þessar tvær hefðbundnu sem stjórna rúðuþurrkum og stefnuljósum eru tvær aukastangir hægra megin. Önnur er með hnöppum til að stjórna útvarpinu á meðan hin er gírstöngin. Óvanir notendur geta lent í því að kveikja á rúðuþurrkunum í staðinn fyrir að skipta um gír.

### *Dökkt tauáklæði*

Sætin eru nokkuð þægileg þó þau séu engir lúxusstólar. Þau eru klædd með dökku tauáklæði og að flestu leyti stillt handvirk, fyrir utan mjóbaksstuðninginn. Þau eru stillanleg á marga vegu, en undirritaður saknaði þess að geta ekki stillt hallann á sessunni til að fá betri stuðning undir lærin.



Dökkir sílsar láta bílinn líta út fyrir að vera hærri en hann er.



Blátt skraut gefur ferskan blæ í Esprit Alpine-útgáfunni.



Að aftan er stór armpúði með glasahöldurum og festingum fyrir skjái.



Skottið er í meðallagi stórt, en gólfið er nokkuð lágt.

Aftursætisfarþegarnir fá gott pláss að því gefnu að framsætunum hafi ekki verið rennt aftast og í lægstu stöðu. Sé sessan pumpuð aðeins upp er hægt að renna fótunum undir og vistin í aftursætunum ágæt fyrir þrjá fullorðna. Ef farþegarnir eru tveir geta þeir dregið niður stóran armpúða sem er í miðjunni. Hann hefur að geyma tvo glasahaldara og sérstaka festingu til þess að skorða spjaldtölvur eða síma á meðan horft er á myndbönd.

Skottið er í meðallagi stórt og undir gólfinu er djúp hirsla sem hentar ágætlega fyrir hleðslukapal og annað sem þarf alltaf að vera við höndina. Undir húddinu er ekkert geymslupláss.

### *Tær akstursupplifun*

Renault Scenic er með lyklalaust aðgengi. Hann skynjar þegar notandinn gengur að bílnum með lykilinn í vasanum og fer sjálfkrafa úr lás, ásamt því sem ökutækið er ræst með hnappi. Þá er lagt upp með að bíllinn fari í lás þegar gengið er í burtu, en í þessum prufuakstri virtist síðastnefndi eiginleikinn ekki alltaf virka og var nauðsynlegt að læsa með fjarstýringunni.

Fjarlægðartengdi hraðastillirinn sér til þess að Scenic haldi hæfilegri fjarlægð við næsta bíl af yfirvegun, jafnvel í kröppum beygjum og hringtorgum. Þessi eiginleiki er sérstaklega nytsamlegur í þungri umferð þar sem stöðugt er verið að stoppa og taka af stað. Ökumaðurinn þarf hins vegar að sjá að mestu leyti um að stýra þar sem akstursaðstoðin gerir lítið annað en að grípa inn í þegar sveigt er út fyrir akrein.

Renault Scenic er 220 hestöfl og snöggur að ná umferðarhraða, þó að ökumenn og farþegar fái alls ekki fiðring í magann þegar allt er gefið í botn. Scenic er eingöngu framhjóladrifinn en nær góðu gripi og spólar ekkert þrátt fyrir að tekið sé glannalega af stað á blautum og sleipum vegi.

Fjöðrunin glímir ágætlega við hraðahindranir og stærri misfellur en hún ræður verr við að dempa kvikar hreyfingar á hærri hraða sem farþegarnir finna vel fyrir ef þjóðvegurinn er ósléttur. Eitthvað ber á nið þegar ekið er á hærri hraða en hljóðvistin má almennt teljast góð hvort sem ekið er innanbæjar eða úti á þjóðvegum. Í rólegum innanbæjarakstri er Scenic svo gott sem hljóðlaus að innan.

Akstursupplifunin er tær og er Scenic ágætlega skemmtilegur bíll í akstri. Það er ekkert við notkunina á honum sem er til þess fallið að angra ökumanninn, en hann býr heldur ekki yfir neinni stórmerkilegri tækni sem nýir notendur verða bergnumdir yfir, að undanskildu einu atriði:

Það er lítill takki vinstra megin við stýrið sem er hægt að ýta tvisvar á til þess að slökkva á hámarkshraðaviðvöruninni sem er skylda í nýjum bílum í dag. Framleiðendur þessa bíls skilja greinilega að það vilja allir slökkva á þessu pípi og einfaldara gerist það ekki. Takk, Renault!

### *Að lokum*

Helstu mál eru í millimetrum: Lengd, 4.470; breidd, 1.864; hæð 1.571. Renault Scenic kostar frá 6.900.000 krónum í Techno útfærslu með 60 kílóvattstunda rafhlöðu. Með stærri 87 kílóvattstunda rafhlöðunni kostar Techno-útfærslan 7.990.000 krónur. Bíllinn sem ritað er um hér er af áðurnefndri Esprit Alpine-útfærslu með stærri rafhlöðunni og kostar 8.390.000 krónur. Öll verð eru með vsk. og 900.000 styrk frá Orkusjóði.

Renault Scenic er kostum gæddur bíll með gott pláss og gullfallegt útlit og þarf engan að furða að ökutækið hafi fengið titilinn „Bíll ársins 2024“. Það verður hins vegar að teljast ókostur að hann er verðlagður nokkuð hátt í samanburði við aðra bíla, sérstaklega þegar Scenic er útbúinn með stærri rafhlöðunni. Frekari upplýsingar fást hjá BL, umboðsaðila Renault á Íslandi.




Helga Björg og Guðjón heitinn með börnin, Helga Björn, Stefán Orra og Heiðdísi Rún. Myndir / Aðsendar

## Bóndinn:

# Þegar kýrhausar komu saman

**Á Syðri-Hömrum 3 í Ásahrepp gengur búskapurinn sinn vanagang og hefur húsfreyjan gætur á því að andleg og líkamleg heilsa sé í forgrunni, enda eitt hið mikilvægasta í bústarfinu. Á Instagram-reikningi Bændablaðsins geta lesendur fylgst með störfum kúabóndans Helgu Bjargar Helgadóttur.**

Á Syðri-Hömrum 3 var áður rekið félagsbú, en því var skipt upp árið 2013 og tóku Helga Björg Helgadóttir og Guðjón Björnsson við hluta foreldra Guðjóns, Vigdísar og Björns. Fjósið var básafjós en þar var mjólkað á básum til ársins 2018 þegar fjósinu var breytt í lausagöngu og Lely A3-mjaltaþjónn var settur í staðinn fyrir gamla rörmjaltakerfið. Vélaskemmu var síðan breytt í aðstöðu fyrir kvígur í uppeldi. Á Syðri-Hömrum 3 er mesta áherslan höfð á mjólkurframleiðslu en öllu nautaeldi var hætt í kringum 2022 fyrir utan þarfanautin í kvígurnar. Einnig eru nokkrar kindur og hross á bænum til skemmtunar. Árið 2023 lést Guðjón í vinnuslysi á bænum, en Helga og börnin hafa haldið rekstrinum áfram með sama sniði.

**Hvenær hófu ábúendur búskap og hvers vegna?** Við hófum búskap í janúar 2013 þegar tengdaforeldrar Helgu hættu en það hafði alltaf verið draumur Guðjóns að taka við búinu.

**Býli, gerð bús, staðsetning og stærð jarðar?** Syðri-Hamrar 3 er í Ásahreppi en jörðin er 174 hektarar og þar er stundaður kúabúskapur.

**Ábúendur, fjölskyldustærð (og gæludýr)?** Helga Björg Helgadóttir, Helgi Björn, 12 ára, Stefán Orri, 10 ára og Heiðdís Rún, 3 ára. Íslensku fjárhundarnir Hekla og Spori og kettirnir Brandur og Stúfa.

**Fjöldi búfjár?** Í kringum 100 nautgripir, þar af 45 mjólkurkýr, 20 kindur, 15 hænur og nokkur hross (líklega fleiri en þau ættu að vera).

**Hvers vegna velur þú þessa búgrein?** Þegar tveir kýrhausar komu saman kom ekki annað til greina en kýr en við vorum bæði alin upp á kúabúi og höfðum mikinn áhuga á kúm og mjólkurframleiðslu. Það var líka sú búgrein sem við þekktum best.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Það sem er nánast alltaf eins er að dagurinn byrjar á að fara í fjósið þar sem skepnum er gefið, fjósið þrifið og kýrnar sem fara ekki sjálfar í róbót eru mjólkaðar og svo endar dagurinn á því sama. Þess á milli er svo verið að sinna ýmsum verkum sem eru mismunandi eftir árstíma.



Gripir í gönguferð.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Skemmtilegast er ræktunarstarfið, að para saman og sjá síðan hvernig gripirnir koma út er alltaf spennandi. Síðan verða flest verk skemmtileg úti á góðum sumardegi. Leiðinlegast eru skepnur sem haldast ekki í girðingum, svo er júgurbólga alveg ofboðslega leiðinleg í róbótafjósi.

**Hvað er það jákvæða við að vera bóndi?** Það jákvæða er að fá að vinna í kringum skepnurnar og náttúruna og að fá að ala börnin sín upp í þessu umhverfi eru mikil lífsgæði.

**Hverjar eru áskoranirnar?** Fjárhagslega hliðin er náttúrlega viss áskorun en það sem mér finnst vera ofarlega á lista er heilsa bænda, andleg og líkamleg. Það getur verið erfitt að finna tíma til að hugsa um sjálfan sig og heilsuna sem er ofboðslega mikilvægt í þessu starfi. Sérstaklega þar sem bændur mega helst ekki verða veikir þar sem það er engin afleysingaþjónusta í boði til að sjá um skepnurnar á meðan.

**Hvernig væri hægt að gera búskapinn þinn hagkvæmari?** Það sem skiptir miklu máli er að reyna að fá sem mestar afurðir á hvern grip, það er helsta markmiðið þar sem fjósið er lítið og tekur fáa gripi.

**Hvernig sérð þú landbúnað á Íslandi þróast næstu árin?** Bændum er alltaf að fækka og það virðist ekkert vera að breytast, því miður. Það þarf að gera breytingar til að snúa þessari þróun við því við viljum sjá blómlegar sveitir um allt land.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Það er líklega þegar róbótinn byrjaði að mjólka. Það var góður dagur.





Börnin á bænum, þau Helgi Björn, Stefán Orri og Heiðdís Rún, una sér vel við leik og störf.












Matarkrókurinn:

# Graflax hjólarans



**Haraldur Jónasson**
haradlur@gmail.com

**Alveg eins og það var einu sinni leiðinlegt að fá sokka í jólapakkann en svo gaman, alla vega þægilegt, er gott að gæða sér á mat sem fæstum finnst góður fyrir þrítugt – mögulega fertugt.**

Einn af þeim réttum er graflax. Fáum finnst hann góður til að byrja með en algert lostæti þegar bragðlaukarnir þroskast.

Ef dillið er það sem hefur þau áhrif að fæstum finnst graflax góður í fyrstu tilraun er graflax hjólarans fullkominn. Því hann þarf ekki að innihalda dill en sé það fiskurinn sem stoppar erum við í veseni því uppskriftin, sem kemur frá Emil í hjólabúðinni, inniheldur vissulega lax eða silung.

Það er ekki flókið að útbúa graflax en það tekur smá tíma. En það góða við þann tíma er að hann er biðtími. Í sinni tærustu mynd er graflax búinn til með því að draga vökva úr fiskflaki. Það er gert með blöndu af sykri og salti. Saltlausnin dregur vökva úr fiskinum og ef grunnskólalíffræðin bregst ekki leitar saltið jafnvægis með því að setjast að í staðinn fyrir þennan vökva.

Þetta, eins og svo margt sem er gott á bragðið, er gömul geymsluaðferð. En það er þó ekki ætlast til þess að geyma þennan fisk nema dag eða þrjá í ísskápnum. Ef það þarf að geyma graflaxinn lengur er best að frysta hann.



**Þó ekki væri nema bara fyrir litinn er þess virði að útbúa graflax hjólarans fyrir jólin.**
Mynd / Hari

### Laxinn

| | |
|---|---|
| 500 g laxaflak | 1 skot gin |
| 400 g rauðrófa | 1 msk. svört piparkorn |
| 300 g salt | 1 msk. sinnepsfræ |
| 250 g púðursykur | |
| 50 g rifin piparrót | |

### Sósan

| | |
|---|---|
| 1 dl matarolía | 2 msk. sýrður rjómi |
| 2 msk. dijon sinnep | 1 msk. þurrkað dill |
| 2 msk. sætt sinnep | 1 msk. sítrónusafi |
| 2 msk. hunang/sýróp | Salt og pipar eftir smekk |

### *Greftrunin*

Rífa niður rauðrófu og piparrót (hægt að nota úr krukku), mylja pipar og sinnepsfræ í morteli, blanda svo saman við salt, púðursykur og eins og eitt staup af gini. Emil segir að piparrótin og ginið fari eftir stemningu. Þeir sem eiga blandara eða álíka heimilistæki geta sett allt í blandarann og púlsað blönduna saman.

Næsta skref er er að finna góðan bakka sem passar inn í kæliskáp. Gott ef það er grind eða bretti í botninum til að lyfta fisknum frá botninum. Því þar mun vökvi safnast. Það þarf ekki að nota plastfilmu til að pakka herlegheitunum inn en það er þægilegt.

Hjúpa laxaflak með blöndunni báðum megin og fergja með einhverju sæmilega þungu, t.d. mjólkurfernu, potti eða pönnu. Það þarf smáþrýsting. Biðtíminn fer svo eftir því hversu þykkt flakið er. Þunnt sporðflak eða silungur getur verið tilbúið eftir 12 tíma en þykkt og stórt laxaflak þarf sólarhring, jafnvel tvo. Gott að pota af og til í grafninginn til að finna hvort flakið hefur stífnað upp. Þegar laxinn er orðinn sæmilega stífur, við erum samt ekki að búa til harðfisk, þarf að skola hann vel og þerra. Gott fyrir áferðina að láta flakið taka sig bert á grind í kæliskápnum í smástund.

Dillelskendur geta auðvitað blandað dilli saman við saltblönduna, gott að nota stilkana, eða það sem er ennþá jólalegra, stráð fersku dilli yfir fiskinn rétt áður en hann er borinn fram. Líka hægt að rífa smá piparrót yfir sem sterkari útgáfuna af jólasnjó. Allt eftir stemningu, eins og áður segir. Skera í þunnar, skáskornar sneiðar svo yfirborðið verði meira. Bera fram með sósu á glóðuðu brauði.

### *Sósa*

Talandi um sósu. Graflaxsósa er sæt sinnepsolíublanda, hálfgert eggjalaust mæjónes, og það er ekki stórkostlega flókið að búa hana til frá grunni.

Þeyta saman sinnep og einhverja sætu í vökvaformi t.d. hunang eða sýróp. Má vera hlynsýróp eða eitthvað geggjað grenisýróp af jólamarkaði. Sinnepið má gjarnan vera blanda af sterku og sætu. Dijon og amerískt gult eða pylsusinnep. Allt eftir smekk. Hlutföllin eru sirka helmingi meira sinnep en sæta. Næst er að koma olíunni saman við. Það er gert með því að hella nokkrum dropum af bragðlítilli matarolíu og þeyta saman við sinnepsblönduna. Bæta svo nokkrum dropum í viðbót og halda áfram þangað til sósan er gjándi og lekker. Latir komast hjá þessu olíuskrefi með því að hræra smá mæjónesi saman við sinnepsblönduna.

Fyrir aukna sýru og mjúka áferð er gott að blanda smá sýrðum rjóma út í sósuna. Smakka til með dilli, smá sítrónusafa, salti og pipar. Gott að laga sósuna í fyrra fallinu. Verður betri eftir dvöl í kæliskápnum í dagspart eða tvo.

## KROSSGÁTA




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði



**www.bbl.is**

# HUGARÍÞRÓTTIR

# RÚV sýnir bridds aukinn áhuga

**Sveit InfoCapital er deildarmeistari 2024 í Deildakeppninni sem var spiluð í Hafnarfirði fyrir skemmstu.**



Björn Þorláksson.

Úrslitaleiknum við Grand Thornton lyktaði með 163 impum gegn 124 impum þeirra Grant Thornton-manna.

Viðureignin var sýnd á Bridgebase Online. Gaman var að sjá Ríkisútvarpið fjalla ítarlega um mótið og ekki síður fjallaði RÚV um kúnstina að spila bridds í sjónvarpsfréttum. Ber þessi áhersla blómlegu briddsstarfi landsmanna gott vitni sem og öflugu kynningarstarfi Bridgesambands Íslands.

**Norður**
♠ AJ85
♥ A843
♦ 1085
♣ 62

**Vestur**
♠ 9742
♥ QJ2
♦ AQ
♣ 9543

**Austur**
♠ 103
♥ 965
♦ J76
♣ AKJ108

**Suður**
♠ KQ6
♥ K107
♦ 9432
♣ Q7



**Meistarinn Bjarni H. Einarsson, annar til hægri á myndinni, sýndi hvers megnugur hann er í spili dagsins. Myndin er tekin í úrslitum deildakeppninnar.** Mynd / BÞ

*MFS: Spil bragða og blekkinga*

Bjarni Einarsson í sveit InfoCapital sýndi og sannaði í eftirfarandi spili að bridds er stundum leikur bragða og blekkinga.

Bjarni spilaði svokölluð vonlaus 2 gröndí suður. Út kom spaði. Hvernig myndi lesandinn spila?

„Meistarinn", eins og Bjarni er stundum kallaður, var fljótur að sjá að beita yrði brögðum. Hann réðist strax á eigin veikleika, því sú íþrótt dugar stundum best til að andstæðingar gangi í gildru og teikni upp kolranga hendi hjá sagnhafa. Austur dúkkaði ekki óeðlilega og laufdrottning átti slaginn!

En fleira þurfti að gerast til að spilið ynnist. Tígulás liggur ekki og Bjarni hafði tilfinningu fyrir því. Hann hreyfði næst eina spilið sem dugði til að halda blekkingunni áfram. Hann spilaði hjartatíu. Vestur lagði gosa á og fékk að eiga slaginn. Ef vestur hefði fundið að spila laufi hefði vörnin fengið fjóra svarta slagi og þrjá rauða og spilið farið tvo niður, en þegar vestur spilaði „hlutlaust" spaða áfram voru komnir átta slagir þar sem hjartað brotnaði 3-3.

Glæsileg tilþrif hjá meistaranum!

*Umsjón: Björn Þorláksson,*
*bjornthorlaksson@gmail.com*

# Hvítur mátar í þremur leikjum

**Stórmeistarinn Helgi Áss Grétarsson vann sigur á Friðriksmóti Landsbankans – Íslandsmótsins í hraðskák sem fram fór 1. desember sl. í höfuðstöðvum bankans í Reykjavík.**



Hermann Aðalsteinsson.

Helgi fékk 11,5 vinninga af 13 mögulegum og varð því Íslandsmeistari með miklum glæsibrag. Hilmir Freyr Heimisson varð annar með 11 vinninga og Stephan Briem þriðji með 9 vinninga.

Íslandsmótið í atskák fer fram laugardaginn 7. desember á Selfossi á Bankanum vinnustofu. Mótið hefst kl. 14.00 og tefldar verða níu umferðir. Tímamörk verða 10 mín. að viðbættum 3 sek. á hvern leik. Mótið er tilvalið fyrir áhugasama að taka þátt í.

Þrír Íslendingar tefla á London Chess Classic sem fram fer á Emirates vellinum, heimavelli fótboltaliðsins Arsenal. Það eru stórmeistarinn Vignir Vatnar Stefánsson, ritstjórinn Björn Þorfinnsson og Björn Hólm Birkisson. Vignir Vatnar er efstur á mótinu þegar þetta er ritað. Af þessari upptalningu sést að það er nóg um að vera í skákinni innanlands sem erlendis.

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.



*Umsjón: Hermann Aðalsteinsson*, *lyngbrekku@simnet.is*



**Skákþrautin að þessu sinni telst í léttari kantinum og engar fórnir.**
**Bara þvingaðir leikir.**
**Dc8+…og kóngurinn á bara einn reit til að fara á.**
**Kb6….þvingað.**
**Dc7+… og aftur á kóngurinn bara einn reit til að fara á.**
**Ka6….aftur þvingaður leikur**
**Ha1 mát!**
**Auðvitað hefði hvítur getað tekið riddarann á d7, í staðinn fyrir að máta með hróknum, en maður tekur alltaf mátið ef það er í boði.**



Erfinginn:

# Kristján Eldur

**Nafn:** Kristján Eldur Patreksson.

**Aldur:** 4 ára.

**Stjörnumerki:** Naut.

**Búseta:** Kópavogi.

**Skemmtilegast í skólanum:** Að leira með Kristófer Leó, vini mínum.

**Áhugamál:** Mér finnst gaman að fara í búningaleik, horfa á sjónvarpið og opna jóladagatalið mitt.

**Tómstundaiðkun:** Taekwondo.

**Uppáhaldsdýrið:** Kengúra.

**Uppáhaldsmatur:** Hamborgari, pitsa og sushi.

**Uppáhaldslag:** Popplagið.

**Uppáhaldslitur:** Fjólublár og bleikur ... og líka svartur og hvítur.

**Uppáhaldsmynd:** Spiderman.

**Fyrsta minningin:** Að fara á Bangsímon leikrit með Leikhópnum Lottu.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert?:** Að horfa á sjónvarpið og borða nammi, sofa og opna jólaspiderman-dagatalið.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?:** Kokkur, tölvunar-fræðingur og lögga.



**Viltu taka þátt ? Hafðu samband.**
**sigrunpeturs@bondi.is**

# SUDOKUÞRAUTIR

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | 2 | | 4 | 8 |
| 1 | 2 | 9 | 8 | | | | | |
| | | 8 | 6 | 3 | | 7 | | 1 |
| 9 | 7 | | 2 | 1 | | | | |
| 4 | 1 | | | | 8 | | | 3 |
| | | | | | 3 | 1 | 5 | 7 |
| 3 | | | | 8 | 6 | 4 | | |
| | 5 | 4 | | 7 | | 6 | | |
| 7 | 8 | | | | 4 | 3 | 1 | |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 4 | | | 6 |
| | | | | 6 | | 9 | | |
| | | | | | 1 | | 5 | |
| | | | 3 | | | 4 | 7 | |
| | 9 | 1 | | 5 | | | | |
| | 7 | | | | | | | 8 |
| | 3 | | | | | | 1 | 4 |
| | 6 | | 8 | | | 2 | | |
| | | 8 | | | | | | 7 |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 8 |
| 2 | | 3 | | | 6 | 1 | | |
| | 9 | | | 1 | 5 | | | |
| | 7 | | | 6 | | | | 2 |
| | 5 | | 1 | | | | | |
| 6 | 2 | | | | | 3 | 9 | |
| | | | 8 | | | | | |
| | | | | | | | 2 | |
| | | 9 | | 2 | 3 | | 6 | 7 |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 9 | 1 | | | | |
| | | 6 | | 3 | | | | |
| | | 1 | 7 | | | 3 | | 4 |
